



Sérblað um fyrirtækjagjafir fylgir Fréttablaðinu í dag



KRINGLUKAST
Allt þitt uppáhalds á afslætti
20-50%

FRÉTTABLAÐIÐ

198. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 8. OKTÓBER 2021

Netþrjótur hótaði útgefanda vegna bókarhandrits

Útgefandi hjá Forlaginu fékk senda hótun frá netþrjóti sem hugðist hafa af honum handrit nýútgefinnar skáldsögu. Málið er partur af alþjóðlegri svikamyllu bókaþjófa sem hafa herjað á rithöfunda, þýðendur og forleggjara víða um heim undanfarin ár.



Hólmfríður Úa Matthíasdóttir, útgefandi hjá Forlaginu

tsh@frettabladid.is

BÆKUR Hólmfríður Úa Matthíasdóttir, útgefandi hjá Forlaginu, fékk senda hótun frá óprúttum aðila sem hugðist hafa af henni handrit skáldsögunnar Ólíu eftir Svika-skáld, sem er nýkomin út. Þjófurinn villti á sér heimildir og sendi Úu tölvupóst í nafni Tone Myklebost, norsks þýðanda, og bað hana um að senda sér PDF-útgáfu bókarinnar.

„Ég sá strax að þetta var þessi svindlari sem við vorum að tala um, í fyrsta lagi vegna þess að ég var náttúrulega meðvitund um að þetta væri í gangi en svo sá ég líka netfangið. Svo er það bara þannig að þessi norski þýðandi, þó ég hafi verið í sambandi við hana, þá er það ekki þannig að hún sé að skrifa mér og biðja mig um handrit,“ segir Úa.

Hún vissi að ekki væri allt með felldu því sami aðili hefur áður herjað á höfunda og starfsfólk Forlagsins og reynt að hafa af því handrit með sambærilegum hætti. Úa sendi bókaþjófnum því póst um hæl og spurði hvort hann myndi ekki vilja ræða málin við Silviu Cosimini, ítalskan þýðanda sem hann hafði áður þótt vera, og lét fylgja með falskt netfang í nafni Silviu.

„Með þessu var ég að segja: Við sjáum í gegnum þig. Þá brást viðkomandi ókvæða við og sendi mér skilaboð þar sem hann segir: Hæ! Einn daginn kem ég til þín. Ég veit hvar þú býrð.“ Þetta er staðfest í afriti af tölvupóstsamskiptunum.

Mál Úu er ekki einsdæmi því sambærileg atvik hafa átt sér stað í bókabransanum undanfarin ár og virðast partur af alþjóðlegri svikastarfsemi sem teygir anga sína til Bandaríkjanna, Svíþjóðar og Ísraels. Íslenskir höfundar eins og Einar Kárason og Hildur Knútsdóttir hafa orðið fyrir bardinu á bókaþjófnum, jafnt sem stjörnur á borð við Margaret Atwood og Ian McEwan.

Þrátt fyrir að Úa hafi áður þurft að verjast ásókn bókaþjófsins lýsir hún atvikinu sem fremur óþægilegu og fyrir hvatningu samstarfsfólks síns ákvað hún að tilkynna málið til lögreglu. Hún segist þó ekki taka hótunina mjög alvarlega.


„Ég get ekki sagt að þetta hafi glatt mig en ég var ekkert uggandi. Ég tek þetta ekki alvarlega. Þessi manneskja veit ekkert um mig og situr eflaust einhvers staðar í útlöndum og er að gera þetta,“ segir Úa. ■

Nánar á frettabladid.is

Sviptur lifeyri við langa sjúkrahúsvist

LÍFEYRISMÁL Jóhannes Sigurjónsson, blaðamaður frá Húsavík sem hefur þurft að dvelja á Sjúkrahúsinu á Akureyri í meira en hálf tveimur árum vegna veikinda, lenti í skerðingu lifeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun. Hafði hann með svo langri sjúkrahúsdvöl misst rétt sinn til lifeyris.

Stefán Ólafsson, sérfræðingur í lifeyrismálum, segir að ákvæði Tryggingastofnunar um að fella niður greiðslur eftir sex mánuði sé mjög umdeilanlegt og óréttlátt. Sérstaklega þar sem það rekist á sjúkratryggingaréttinn, sem aðrir en tekjulágir njóti. **SJÁ SIÐU 8**



Lágreistar byggingar á horni Nóatúns og Borgartúns eru horfnar. Í þeim var „nokkuð blómleg atvinnustarfsemi“ eins og segir í auglýstum gögnum borgarinnar. Þar á staðinn að reisa klasa tveggja til sjö hæða bygginga. Samkvæmt samþykktu skipulagi verða þar 65 nýjar íbúðir og 1.650 fermetrar fara undir atvinnuhúsnæði. **FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR**

Þjónustuskoðun HEKLU



Tryggir betri endingu og viðheldur ábyrgð!

Pantaðu tíma á www.hekla.is/timabokanir

Viðurkenndur þjónustuaðili



Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · HEKLA



ÁTVR vill að málið verði útkljáð fyrir dómstólum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Ráðherra ekki enn svarað erindi um áfengissölu

arib@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Dómsmálaráðuneytið hefur ekki svarað erindi Félags atvinnurekenda, FA, um lögmæti áfengisverslunar á netinu; átta vikur eru frá því að félagið óskaði eftir leiðbeiningum frá stjórnvöldum.

„Fyrirtækin eru í mjög óþægilegri óvissu, stjórnvöldum ber skylda til að leiðbeina þeim en gera það ekki. Það er ekki gott,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA.

Í trefkunarbrefi sem félagið sendi ráðuneytinu í vikunni segir að brýnt sé að svara erindinu. Innan ræða FA séu bæði fyrirtæki sem eru hikandi við að fara inn á markaðinn af ötta við kærur frá ÁTVR og fyrirtæki sem vilja bregðast við samkeppninni frá netverslunum sem eru þegar starfandi.

„Að mati félagsins er útilokað að gefa þessum fyrirtækjum þau svör að þau verði að biða niðurstöðu þeirra málaferla sem ÁTVR stendur nú fyrir, enda geta þau tekið einhverjar,“ segir í brefinu. ■

Í spor alþingismanna



Nemendur úr 10. bekk í Seljaskóla settust í gær á skólalæping Alþingis. „Nemendurnir fá tækifæri til að setja sig í spor þingmanna með því að leiða fyrir fram ákveðin málefni sem fyrir þá eru lögð til lykta á þingflokksfundum, nefndafundum og þingfundum,“ segir meðal annars í kynningu um skólalæping. „Nemendur eiga að komast að lýðræðislegri niðurstöðu með því að hlusta á og meta rök og álit annarra og skiptast á skoðunum.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gerir ráð fyrir fyrstu dollunum í vor

kristinnhaukur@frettabladid.is

FÓTBOLTI Langþráð yfirtaka sáðarárabískra fjárfesta, með krónprinsinn Mohammed Bin Salman í forsvari, á Newcastle United gekk í gegn í gær. Með kaupunum verður liðið langríkasta lið heims og skákar liðum á borð við Manchester City og Paris St. Germain, sem einnig voru keypt af fjárfestum frá Arabíuskaga.

„Við í stuðningsmannafélagi Newcastle tökum við nýjum umsóknunum í klúbbinn,“ segir Steinþór Hróar Steinþórsson, eða Steindi jr. Segir hann klúbbinn telja um 40 þúsund meðlimi í dag, en gerir ráð fyrir að hann stækki hratt eftir fréttir gærdagsins.

„Ég spái því að við fáum dolluna heim og vinnum líka bikarinn og svo meistaraeildina. Við munum



Steindi jr., stuðningsmaður Newcastle United

vinna allt sem hægt er að vinna,“ segir Steindi bisperrtur. Gerir hann ráð fyrir að fyrstu titlarnir komi í hús strax á þessu tímabili.

Í dag er liðið í fallbaráttu og félagaskiptagugginn opnast ekki fyrr en í janúar. Steindi segir borðleggjandi að kaupa reynslumikla leikmenn þá. „Með allan þennan pening finnst mér líklegt að þeir taki Alan Shearer aftur inn sem senter. Það er eina vitið. Og ekki væri verra að fá Andy Cole með.“ ■

Íbúar saka borgarfulltrúa um yfirgang í skotvallamáli

Landeigendur og íbúar á Kjalarnesi segja formann borgarráðs í fjölmiðlaherferð gegn mannréttindum þeirra í tengslum við deilur um skotæfingasvæði á Álfsnesi.

gar@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL „Við skiljum ekki upp né niður í þeirri fjölmiðlaherferð sem Þórdís Lóa [Þórhallsdóttir] hjá Viðreisn hefur leitt gegn mannréttindum íbúa á Kjalarnesi,“ segir í yfirlýsingu íbúa og landeigenda á Kjalarnesi, vegna tilvistar skotæfingasvæða í Álfsnesi.

Íbúar við Kollafjörð hafa um árabil barist gegn skotæfingasvæðunum á Álfsnesi. 21. september síðastliðinn voru nýjustu starfsleyfin, sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gaf út fyrr á þessu ári til handa skotfélögumum tveimur, felld úr gildi. Íbúarnir höfðu kært leyfin til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem segir rekstur skotæfingavalla ekki samrýmast aðalskipulagi svæðisins.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs, hefur sagt að þverpólitískur vilji sé fyrir því hjá borginni að tryggja að starfsemin haldist í Álfsnesi. Kom þetta fram á visir.is á mánudag.

Íbúarnir segja að Þórdís Lóa tali þvert gegn fyrri skilaboðum borgaryfirvalda, sem sagt að núverandi staðsetning skotsvæðanna sé hvorki ásættanleg fyrir íbúa né náttúru. Þetta hafi fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna bókað í mars. Skipulagsfulltrúi borgarinnar hafi hafnað leyfisveitingu til tólf ára og leyfin því aðeins veitt í tvö ár vegna kvartana íbúa.

„Var það skilningur íbúa að friður væri loks komi í fjörðinn, bly og



Hópur íbúa og landeigenda á Kjalarnesi hittist á miðvikudagskvöld og réði ráðum sínum. MYND/ADSEND

hávaðamengun myndi tilheyra fortíðinni og fólk gæti farið að anda léttar,“ segir í yfirlýsingu íbúanna.

„Núna virðist eins og það eigi að bola okkur öllum burt eins og Reykjavíkurborg gerði á sínum tíma við bæinn Skriðu, þar sem fjölskylda fór í mál vegna hávaðamengunar og málið endaði með að Reykjavíkurborg keypti eignina og seldi með kvöld um að ekki mætti kvarta undan hávaða frá skotsvæðunum. Það er greinilegt að við íbúar á Kjalarnesi búum ekki við sömu mannréttindi og aðrir íbúar í Reykjavík.“

Það bæti gráu ofan á svart að enginn hafi haft samband við íbúana.

„Er látið líta svo út í fjölmiðlum að um nokkra einstaklinga sé að ræða og smávægilegar kvartanir hafi borist. Verkfræðingar sem hafa mælt hávaðamengunina hafa sagt að ekki væri hægt að finna verri staðsetningu en Álfsnes, það er ekkert sem tekur við hvelinum nema hús og fjöll, síðan bergmálar hvellurinn með fram allri Esjunni,“ er aðstæðum lýst.

„Að geta ekki verið úti í garði eða inni í húsi þegar vindáttin er í norður vegna heilsuspillandi hávaðamengunar, hlustandi á börnin sín hlaupa hrædd inn í hús, eru þau mannréttindi sem við höfum þurft að búa við,“ segir einnig í yfirlýsingu þar sem fullyrt er að nú sjái stór hópur fram á að þurfa að selja eignir sínar og flytja.

„Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur ávallt notað kolranga mæliaðferð við að mæla hávaðamengunina og hafa viðurkennt að þessi mæliaðferð sýni ranga niðurstöðu, þar sem hávaðatopparnir eru þurrkaddir út,“ segja íbúarnir, sem einnig ræða um blýmengun frá höglum byssumanna sem yfirvöld hafi ekki viljað rannsaka.

„Það er sorglegt að við sem stóðum að kærinni og höfum búið við þessar aðstæður sum í sextán ár, að enginn hefur haft samband við okkur eða íbúaráð Kjalarness til að hlusta á okkar hlið málsins. Það er lágmark að við fáum sæti við borðið eins og skotfélögin.“ ■

LYFSALINN
BÍLAAPÓTEK
VIÐ VESTURLANDSVEG
Renndu við og fáðu lyfin afgreidd beint í bílinn
www.lyfsalinn.is

FRAMLEITT



Á ÍSLANDI

STERK BYRJUN Á DEGINUM

Floridana Engifer snýr aftur og nú með 50% meira engifer. Engifer inniheldur kalíum, kalk, zink, fosfór og vítamín sem veita líkamanum aukna vörn fyrir mánuðina framundan. Floridana Engifer er ekki bara sterk byrjun á deginum, heldur líka sterk byrjun á haustinu.



50%
MEIRA
ENGIFER

Opna útboð á sementsreit fyrir rúmlega hundrað íbúðir

arib@frettabladid.is

AKRANES Í dag hefst útboð fyrir fyrstu 108 íbúðirnar á sementsreitnum svokallaða á Akranesi. Til stendur að reisa þar samtals 400 íbúðir ásamt þjónustuhúsnæði.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akraness, segir reitinn líklega þann eftirsóttasta á suðvesturhorni landsins. „Það er alveg

gríðarlegur áhugi verktaka á reitnum. Loksins eftir margra ára ferli á að gefa mönnum færi á að bjóða í reitinn,“ segir hann. „Þetta er upphafið á töluverðri sókn hjá okkur á Akranesi í því að bjóða fram mikið magn af lóðum.“

Auk þeirra 400 íbúða sem til stendur að reisa á sementsreitnum stendur til að reisa 200 íbúðir á Dalbrautarreit og um 670 íbúðir sem



Alls stendur til að byggja 400 íbúðir á reitnum og tæplega 1.300 í bænum

bætast við í Skógarhverfi.

„Við erum að koma inn með lóðir fyrir 1.270 íbúðir, sem núna og á næstu misserum er ætlað að mæta eftirspurn á uppbyggingu á suðvesturhorninu,“ segir hann, nú þegar eru um 500 íbúðir í byggingu.

Sævar segir að farin verði önnur leið í þessu útboði, verðið muni aðeins gilda 60 prósent þegar kemur að vali á verktaka, verður

einnig litið til uppbyggingartíma og frágangs.

„Þetta er einstakur reitur. Þetta er nálægt miðbæ, nálægt höfn, nálægt gullfalegri strönd, Guðlaugu, heitu lauginni við Langasandinn, þetta snýr til suðurs og allir með útsýni út á haf.“

Þá skipta innviðir einnig máli, reisa á leikskóla og stækka grunn-skóla. ■



Uppbygging í Kópavogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Húsnæðisverðið hækkað mest hér

kristinnhaukur@frettabladid.is

HÚSNÆÐISMÁL Húsnæðisverð hefur hækkað mest á Íslandi í gervallri Evrópu undanfarinn áratug. Alls um 140 prósent. Húsaleiga hefur hækkað um tæplega 70 prósent á sama tímabili, frá árinu 2010 til fyrsta ársfjórðungs 2021. Þetta kemur fram hjá Eurostat, tölfræðistofnun Evrópusambandsins.



Húsaleiga hefur hækkað um 70 prósent á áratug.

Eina landið sem kemst nálægt Íslandi þegar kemur að hækkingu húsnæðisverði er Eistland, með rúmlega 130 prósent. Í Svíþjóð og Noregi er hækkingin í kringum 80 prósent og í Danmörku er hún rúmlega 50 prósent. Meðaltal álfunnar er umtalsvert lægra, eða um 35 prósent og í sumum löndum, til dæmis Ítalíu og Grikklandi, hefur orðið verðhjóðun á áratugnum.

Hækkingu leiguverðs í álfunni er almennt séð mun minni, eða um 15 prósent. Í einstaka ríkjum hefur hún þó verið meiri en hækking húsnæðisverðs, svo sem í Finnlandi, Írlandi og Litáen. Í Noregi, Svíþjóð og Danmörku er hækking húsaleigu mun lægri en á Íslandi, eða um 20 prósent. ■

Skorað á þá sem kvöldust sem börn á heimilum fatlaðra að krefjast bóta

Þeir Íslendingar sem urðu fyrir varanlegum skaða af dvöl á stofnunum fyrir fötluð börn fram til ársins 1993 geta sótt um sanngirnibætur úr ríkissjóði út janúar á næsta ári. Berist krafa ekki fyrir þann tíma fellur bótarétturinn niður.

gar@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Fólk sem dvaldist á stofnunum hérlandis fyrir fötluð börn á árunum fyrir 1993 getur sent inn kröfu um sanngirnibætur fram til 31. janúar á næsta ári.

Að því er fram kemur í auglýsingu frá Sýslumanninum á Norðurlandi eystra verður tekið við kröfum frá þeim hópi sem ekki hefur þegar fengið sanngirnibætur frá ríkinu vegna misgjörða á umræddum stofnunum.

„Hér með er skorað á alla þá sem, eða aðra í þeirra umboði, dvöldu á stofnun fyrir fötluð börn, einni eða fleiri, fyrir 1. febrúar 1993 og urðu þar fyrir misgjörðum sem ollu þeim varanlegum skaða, að lýsa kröfu um sanngirnibætur,“ segir í auglýsingu sýslumannsins. Ítrekað er að berist ekki krafa innan frestsins falli hún niður.

Þeim sem telja sig eiga rétt á bótum er í auglýsingunni bent á að þeir geti leitað ókeypis aðstoðar við kröfugerðina hjá sérstökum tengiliði vegna stofnana fyrir fötluð börn.

Í reglugerð sem dómsmálaráðherra gaf út 23. september síðastliðinn segir að ríkissjóður greiði sanngirnibætur til þeirra „sem urðu fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum þar sem fötluð börn voru í sólarhringsvistun“. Reglugerðin byggir á lögum sem Alþingi samþykkti í júlímánuðinum í fyrra.



Afhjúpað var á árinu 2017 að börn hefðu verið beitt andlegu og líkamlegu ofbeldi á Kópavogshæli í rúm fjórutíu ár til ársins 1993.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Við mat á alvarleika skal hafa til hliðsjónar lengd vistunartíma og önnur atriði sem kunna að hafa gert dvölinn þungbæra.

Úr reglugerð dómsmálaráðherra 22. september 2021

Þegar lögin voru samþykkt í fyrra kom fram að talið væri að bæturnar næðu til 80 til 90 karla og kvenna og að áætlaður kostnaður væri 414 til 469 milljónir króna.

Segir í reglugerðinni að umsækjandi um bætur þurfi að tilgreina í hverju ill meðferð eða ofbeldi gegn honum var fölginn. „Skal umsækjandi gera grein fyrir persónulegum högum sínum fyrir og eftir vistun til nánari skýringar á afleiðingum misgjörða,“ segir í reglugerðinni.

Þá er umsækjendum gert að veita sýslumanni aðgang að gögnum sem skýrt geta málsatvik frekar, þar með töldum gögnum sem kunna að vera til staðar hjá opinberum aðilum og varða dvöl umsækjanda á viðkomandi stofnun.

„Telji sýslumaður líkur til þess að umsækjandi um greiðslu bóta hafi sætt ofbeldi eða illri meðferð meðan hann dvaldi á stofnun sem lög númer 47/2010 taka til og það hafi haft varanlegar neikvæðar afleiðingar fyrir hann, það

er líkamlegar, sálrænar eða félagslegar afleiðingar, telst skilyrðum til greiðslu bóta fullnægt,“ segir í reglugerðinni.

Bætur eru sagðar eiga að taka mið af alvarleika misgjörða. „Til dæmis hvort um hafi verið að ræða gróft líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi. Við mat á alvarleika skal hafa til hliðsjónar lengd vistunartíma og önnur atriði sem kunna að hafa gert dvölinn þungbæra,“ segir í reglugerðinni.

Við ákvörðun bótafjárhæðar á einnig að meta alvarleika afleiðinga ofbeldis eða illrar meðferðar fyrir vistmann. „Afleiðingar skulu metnar eftir missi tækifæra í lífinu, tapi lífsgæða og andlegum afleiðingum misgjörðanna.“

Enn fremur er tekið fram að verði sáttabóði frá sýslumanni ekki tekið innan 30 daga teljist því hafa verið hafnað. Sömu leiðis segir að telji sýslumaður skilyrði til greiðslu bóta ekki uppfyllt, að hluta eða að öllu leyti, skuli hann synja kröfunni. ■



Bókaðu dekkjaskiptin á klettur.is

KLETTAGÖRÐUM 8—10 / HÁTÚNI 2A / SUÐURHRAUNI 2B / LYNHGÁLSI 2
TÍMAPANTANIR Á KLETTUR.IS OG Í SÍMA 590 5100



Hvernig hljómar...
Bleikja í límónu og kóríander
í kvöldmatinn?



Njóttu helgarinnar

HAGKAUP

Tilboð gilda út 10. október.



Ribeye hamborgarar
2x120 g
Verð áður 1.299

1.104 kr/pk



Lambalæri
af nýslátruðu

1.499 kr/kg



Kjúklingabringur
Verð áður 2.799

2.239 kr/kg



Oggi
Beyond Meat pizzur

1.349 kr/pk



Filotea Le Matassine
Hágæða ítalskt pasta
Verð áður 599

499 kr/pk



20% afsláttur af öllum
léttbjór 1. - 31. október

OKTOBERFEST



Arctic Corsair var byggður árið 1960.

MYND/GEORGE ROBINSON

Sögufraegum andstaedingi Íslands lagt

kristinnhaukur@frettabladid.is

BRETLAND Hinum fræga togara Arctic Corsair, þeim síðasta úr hinum gamla úthafsflota Hull-verja, hefur verið lagt. Var hann dreginn í land í Hull, að viðstöddu margmenni, þar sem hann mun verða sýningar-gripur.

Íslendingar þekktu togarann, sem byggður var árið 1960, vel úr þorskastríðunum þegar togarasjómenn frá Hull og Grimsby reyndu að veiða við strendur Íslands, varðir af breskum freigátum.

Þann 30. apríl árið 1976 var Arctic Corsair stímt aftan í varðskipið

Óðin, sem hafði í þrígang reynt að klippa netin aftan úr togaranum. Við þennan árekstur skemmdist Arctic Corsair svo mikið að honum var siglt aftur til Bretlands þar sem hann var marga mánuði í slipp.

Árið 2017 skiptust skipverjar á Óðni og Arctic Corsair, eða Arctic Cavalier eins og skipið hét frá árinu 1988, á skipsbjöllum. Þrátt fyrir að hafa eldað grátt silfur sögðu skipverjarnir að bræðralag þessara tveggja sæfaraþjóða væri sterkt. „Öll stríð taka enda og svo sættast menn á ný og kætast,” sagði Guðmundur Hallvarðsson, formaður hollvina-samtaka varðskipsins Óðins. ■



Dæmi eru um að höfuð barna hafi lent á milli dýnnunar og púðans í barnahreiðrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Barnahreiður og pikkleri geti reynst dauðagildra

Sérfræðingur í öryggi barna segir að margar slýsagildir geti leynst á heimilum, þar á meðal eru klifurgrindur og hreiður.

arib@frettabladid.is

NEYTENDUR Búið er að taka mikið af hættulegum barnavörum úr sölu hér á landi, en neytendur eru oft töluvert tregir til að skila vörum sem hafa verið innkallaðar.

Nýverið kom út skýrsla CASP 2020, sameiginlegs átaks eftirlitsstofnana í Evrópu. Þar kom í ljós að ýmsir vankantar voru á vörum í sölu hér á landi. Öryggi barnavara og leikfanga var áður undir Neytendastofu en var nýverið flutt til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS).

Guðrún Lárusdóttir, sérfræðingur hjá HMS, sem var teymisstjóri vöruöryggis hjá Neytendastofu, segir að þegar Ísland hóf þátttöku í átaksverkefnum Evrópusambandsins fyrir tíu árum, hafi lítið sem ekkert eftirlit verið með vörum fyrir börn. „Þegar við byrjuðum í þessu samstarfi áttum við þann vafasama heildur að eiga alltaf lélegustu vörurnar. Þess vegna höfum við verið að einblína á vörur fyrir börn,” segir hún. Staðan er því gjörbreytt í dag.



Guðrún Lárusdóttir, sérfræðingur hjá HMS

Í CASP 2020 áttakinnu var því sérstaklega lítið til vara á borð við vöggur sem festar eru á annað rúm, ungbarnastóla, ungbarnahreiður, útileikföng og klifurgrindur sem notaðar eru innandyrna, svokallaða pikklera.

„Við höfum ekki haft aðgang að upplýsingum um slýs sem verða vegna vara sem við höfum eftirlit með, eins og með barnavörum. Það væru mjög gagnlegar upplýsingar fyrir forgangsroðun í eftirliti og til að við sæjum ef fylgni væri á milli ákveðinnar vöru og slýsatiðni,” segir Guðrún. Í löndum á borð við Bretland og Holland, er slýsaskráning mjög góð, til dæmis voru skoðuð ungbarnahreiður, vegna þess að það mátti rekja nokkur dæmi um ungbarnadauda til þeirra.

Telur hún þó ólíklegt að slíkt hafi átt sér stað á Íslandi, en ungbörn eigi alls ekki sofa í þeim. Ástæðan er sú að dýnan er mjúk og það getur myndast bil á milli botns hreiðursins og hliðanna. Ef barnið snýr

höfðinu, getur það fest sig í bilinu á milli hliðar og botns, sem getur leitt til köfnunar. Í kjölfar átaksins er nú unnið að sérstökum staðli sem notaður verður til að gera hreiður örugg í framtíðinni.

„Í kjölfar þessa verkefnis CASP 2020 fórum við skoða pikklera,” segir Guðrún. Eintak var sent til Ítalíu til prófunar. „Útkoman var bara ekki góð. Leikfangið felur í sér hengingarhættu þar sem börn geta fest höfuðið á milli rimla á klifurgrindinni auk þess sem pikklerinn var mjög valtur.“ Í kjölfarið voru innkallaðir og stöðvuð sala á fjölda pikklera, þar sem í ljós kom að sami galli reyndist vera á mörgum grindum. Er nú öruggar vörur þegar komnar á markaðinn hér á landi.

Mörg fleiri dæmi eru um vörur sem hafa ekki verið fullprófaðar, til dæmis barnabílastólar sem snúast, ekki hafa verið fullkönnuð áhrif hliðaráverka á slíka stóla. Þá eru einnig dæmi um að leiðbeiningum sé ekki fylgt, til dæmis um öryggishlið sem eru ekki hönnuð til að vera við stiga.

Guðrún er ánægð með markaðsáðila hér á landi, sjaldgæft sé að móttírói sé við innköllun.

„Erlendis þykir þetta neikvætt, hér þykir það bara jákvætt að verið sé að passa upp á gæðaeftirlit. Það hjálpar mjög mikið.“ ■

Kæru gegn Alvotech vísað frá dómi í Bandaríkjunum

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Máli bandríska lyfja-fyrirtækisins AbbVie gegn hinu íslenska Alvotech vegna stuldar á viðskiptaleyndarmálum, hefur verið vísað frá dómi í Bandaríkjunum. Var það dómari Harry D. Leinenweber, við alríkisdomstólinn í Illinois-fylki, sem vísaði málinu frá.

Kæra AbbVie var vegna gigtarlyfsins Humira, sem fyrirtækið sakaði Alvotech um að gera eftirlíkingu af með sagnæmum hætti, það er lyfið AVTO2. Humira er mest selda líftæknilyf heimsins og var söluverðmæti þess 20 milljarðar dollara á heimsvísu árið 2020.

Alvotech réð til sín vísindamanninn Rongzan Ho, sem starfaði hjá AbbVie við hönnun Humira. Samkvæmt AbbVie hafði umræddur Ho sent upplýsingar um lyfið á sitt persónulega netfang áður en hann hætti störfum hjá fyrirtækinu.



Höfuðstöðvar Alvotech í Vatnsmyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÖR



Humira er mest selda líftæknilyf heims.

Sakaði AbbVie Alvotech um að hafa notað þessar upplýsingar sem og upplýsingar frá tveimur öðrum fyrriverandi starfsmönnum AbbVie sem Alvotech hafði ráðið. Ho sagðist hins vegar hafa eytt öllum gögnum tengdum AbbVie úr tölvum sínum þegar hann skipti um starf. ■



AÐALFUNDUR KNATTSPYRNUDEILDAR FYLKIS

Þriðjudaginn 26. okt. 2021 kl. 19:30 er boðað til aðalfundar Knattspyrnudeildar Fylkis í samkomusal Fylkishallar.

Dagskrá:

- Hefðbundin aðalfundastörf samkvæmt reglugerð knattspyrnudeildar og lögum félagsins.
- Önnur mál.

Stjórn Knattspyrnudeildar Fylkis

519 5500 · FASTBORG.IS

Þín borg

Í fasteignaviðskiptum fylgjum við þér alla leið

B O R G
FASTEIGNASALA



BYRJAÐU DAGINN Á ALVÖRU ÍTALSKRI UPPLIFUN



Segafredo er bragðmikið alvöru ítalskt kaffi. Hvort sem þú velur malað, espresso, baunir eða hylki getur þú treyst því að dagurinn hefst með ríkulegu bragði í hæsta gæðaflokki.

Segafredo
ZANETTI

Nicola Sturgeon segir tímann með sjálfstæðisbaráttu Skota

thorvardur@frettabladid.is

SKOTLAND Nicola Sturgeon, fyrsti ráðherra Skotlands, segir tímann vinna með sjálfstæðissinum, einkum þar sem meðal ungs fólks fari stuðningur við sjálfstætt Skotland vaxandi.

Í viðtali við Financial Times varar Sturgeon stjórn Boris Johnson við að gefa Skotum ekki annað tækifæri til að ákveða með lýðræðis-

legum hætti hvort landið lýsi yfir sjálfstæði eður ei. Í kosningum árið 2014 var ekki meirihlutastuðningur við sjálfstæði. Tveimur árum seinna kusu Bretar að ganga úr Evrópusambandinu, þar sem 52 prósent greiddu atkvæði með útgöngu. Í Skotlandi greiddu 38 prósent atkvæði með útgöngu.

Hún segir að því lengur sem bresk stjórnvöld hindri aðra atkvæðagreiðslu um sjálfstæði, aukist



Nicola Sturgeon segir Boris Johnson ekki geta dregið lappinnar endalaust.

stuðningur við það. „Ég hef lýðræði mín megin, ef þeir halda að þetta snúist um að draga lappinnar hef ég sennilega tímann með mér líka,“ segir ráðherrann.

Samkvæmt skoðanakönnunum hefur stuðningur við sjálfstæði minnkað frá því í fyrra er hann var um 60 prósent. Hann er nú um 48 prósent.

Sturgeon hefur lagt áherslu á að verra sé fyrir Skotland að tilheyra

Bretlandi sem ekki er í ESB, en að öðlast sjálfstæði. Hörgull er á starfsfólki í Skotlandi og á Brexit stærstan hlut að máli, þar sem frjálsir flutningar fólks, sem Bretland naut meðan það var í sambandinu, heyrta sögunni til. „Afleiðingar ósjálfstæðis eru miklu, miklu meiri en þær voru að öllum líkindum árið 2014. Væri það þess virði? Algjörlega. Við stöndum frammi fyrir breytingum nú, sama hvað við gerum.“ ■



Forsætisráðherrann lofar aðgerðum gegn niði á netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Samfélagsmiðlar höll hugleysingja

thorvardur@frettabladid.is

ÁSTRALÍA Scott Morrison, forsætisráðherra Ástralíu, var ómyrkur í máli í garð nettrölla á samfélagsmiðlum, á blaðamannafundi í gær. Hann segir samfélagsmiðla vera „höll hugleysingja“ þar sem þeir geti ausið úr skálum reiði sinnar með viðbjóðslegum hætti, öruggir í skjóli nafnleyndar.



Fjölskyldumeðlimir forsætisráðherrans hafa mátt þola ofsóknir á samfélagsmiðlum.

Á miðvikudaginn greindi Barnaby Joyce aðstoðarforsætisráðherra frá því að dóttir hans og aðrir úr fjölskyldu hans hefðu mátt þola ofsóknir á samfélagsmiðlum vegna afskipta hans af stjórnmálum.

„Hér höfum við fyrirtæki sem græða milljarða dollara. Þau axla ekki ábyrgð á því sem á sér stað á miðlum þeirra. Út frá minni persónulegu reynslu undanfarið, þá kemur að því að maður segi að nú sé nóg komið,“ sagði Joyce. ■

Fátækum refsað fyrir sjúkrahúsdvöl

Réttur efnæðra og efnaminni er ójafn í langveikindum. Sjúkrahúsvist er ekki ókeypis fyrir alla. Prófessor segir laga-breytingar þörf.


bth@frettabladid.is

LÍFEYRISMÁL Tekjulágir ellilífeyrisþegar sem dvelja meira en 180 daga á sjúkrahúsi geta átt von á sviptingu lífeyris fyrir utan vasafé. Jóhannes Sigurjónsson, blaðamaður frá Húsavík sem hefur þurft að dvelja á Sjúkrahúsinu á Akureyri í meira en hálf ár vegna veikinda sinna, lenti í skerðingu lífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins (TR). Lítið er á sem hann hafi með sjúkrahúsdvölinni misst rétt sinn til ellilífeyris.

„Mér finnst skrytið að ef veikindaréttur er fyrir hendi og þú ert 66 ára gamall og lendir í langvarandi veikindum og færð að vera á spítala þá sé dvölin frí. Ef þú ert 67 ára með góðar tekjur þá er dvölin frí. En ef þú ert 67 ára eins og ég, með lífeyri, sem tekjulágur þá þarftu að borga fyrir sjúkrahúsvistina, því þá ertu sviptur þessum tekjum,“ segir Jóhannes.

Hann segir að áður en dvöl hans á spítalanum náði 180 dögum hafi hann fengið útborgað um 220.000 krónur á mánuði úr lífeyrissjóði og frá Tyggingastofnun. Mest komi frá TR, því hann sé fátækur. „Sjúkrahúsið ætlar nú að taka af mér hundrað og sjötíu þúsund krónur. Það fara fjörutíu þúsund hjá mér í húsnæði úti í bæ. Þá á ég eftir tíuþúsundkall á mánuði.“

Jóhannes segist hafa lent í skerðingunni á sama tíma og hann horfði á fundi í sjónvarpi með öllum stjórnmálaforingjum landsins um að allir ættu rétt á ókeypis sjúkrahúsvist. Guðrún Sigurjónsdóttir, systir Jóhannesar, hefur barist



Jóhannes Sigurjónsson blaðamaður segist hafa 10.000 krónur til umráða á mánuði eftir að hann var sviptur lífeyri frá TR vegna langdvölar á spítala. Myndin er tekin skömmu fyrir veikindi hans.

MYND/ADSENÐ



Þetta er mjög umdeilanlegt ákvæði og í raun óréttlátt.



Stefán Ólafsson, prófessor

fyrir bróður sinn ásamt fleirum í fjölskyldunni, enda á hann sjálfur erfitt um vik í þeim efnun vegna veikindanna. Guðrún segir að líta megi svo á sem tekjulágir ellilífeyrisþegar „borgi“ fyrir sjúkrahúsvist sína með tekjumissinum. Sjúkrahúsvistin sé þá ekki ókeypis fyrir alla sjúklinga. Hinir efnameiri sem ekki fái tekjur frá TR geti dvalið á sjúkrahúsi eftir 180 daga án tekjumissis, en hinir tekjulágu geti lent í að lítið verði eftir af þeirra tekjum eftir skerðingu til að standa undir eigin rekstrarskuldbindingum.

„Maður sér ákvæðið misrétti. Við báðum um endurskoðun hjá Tryggingastofnun en fengum synjun. Ætli næsti áfangastaður verði ekki úrskurðarnefnd velferðarmála,“ segir Guðrún.

Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði og sérfræðingur í lífeyrismál-

um, þekkir ekki þetta tiltekna mál, en bendir á að ef eldri borgari fari inn á hjúkrunarheimili sem varanlegur íbúi gangi lífeyrisgreiðslur hans til viðkomandi hjúkrunarheimilis og hann fái naumt skammtaða vasapeninga í staðinn.

„Það er skýrt í lögum að TR er heimilt að fella niður lífeyrisgreiðslur eftir sex mánaða dvöl á sjúkrahúsi, en þetta er mjög umdeilanlegt ákvæði og í raun óréttlátt. Sérstaklega af því að það rekt á sjúkra-tryggingaréttinn sem aðrir njóta en þeir sem stóla á greiðslur frá TR. Það er því full ástæða til að löggjafinn taki þetta til endurskoðunar,“ segir Stefán.

Samkvæmt símsvara hjá Tryggingastofnun var starfsdagur starfsmanna í gær og engin leið að ná tali af sérfræðingum vegna máls Jóhannesar. ■

Hefja dýra dýpkunarframkvæmd án fullvissu um árangur

kristinnhaukur@frettabladid.is

SUÐURLAND Vegagerðin mun fara í stóra dýpkunarframkvæmd í Grynnslnum í Hornafirði, sem mun kosta á bilinu 150 til 300 milljónir króna, án þess að hafa fullvissu um að hún beri árangur. Vegna sands komast stærri skip ekki að höfninni.

„Þetta er mjög stórt mál fyrir bæjarfélagið. Þess vegna er verið að ræða um svona stóra aðgerð án þess að hafa fullvissu um að hún skili árangri,“ segir Fannar Gíslason, forstöðumaður siglingadeildar Vegagerðarinnar. Segir hann þetta vera dýrt rannsóknarverkefni.

Hornafjarðarhöfn og Grynnslin, sem er innsiglingin að henni, eru erfið vegna veðurarslegra aðstæðna. Sunnan við landið eru suðvestanáttir ríkjandi, sem leiðir til sandflutnings til austurs. Á nokkurra ára fresti kemur vetur með austlægum áttum sem hjálpar ekki til.



Grynnslin hafa reynst stórum skipum erfið og í nokkur skipti hafa þau tekið niður. MYND/KRISTJÁN JÓNSSON

Í fyrra lauk framkvæmdum á sandfangara í Einholtsklettum sem kostuðu 250 milljónir króna. Hann átti að taka sandinn og koma honum á meira dýpi. Fannar segir fangarann ekki nógu langan og ekki taka allan sandinn. Nú sé verið að ræða um hvað sé hægt að gera til langrar framtíðar, það er að lengja garðinn, eða gera meiri dýpkunir á hverju ári. „Nú erum við að undirbúa að

dýpka Grynnslin svolítið hraustlega og gá hverju það skilar,“ segir hann og horfir til næsta vors eða sumars. Það hafi verið gert fyrir tíma sandfangarans en þá hafi fyllst upp á aðeins einum mánuði.

Útgerðin, Skinney-Þinganes, þarf að kaupa stærri skip til þess að vera samkeppnishæf. En það eru stóru uppsjávarskipin, sem veida loðnu, síld og makríl, sem komast illa inn í



Núna stefnir í að það verði gefinn út ansi hressilegur loðnukvóti og því væri súrt að geta ekki sinnt veiðunum sem skyldi.

Matthildur Ásmundsdóttir, bæjarstjóri Hornafjarðar

höfnina sem og stóru flutningaskipin. Bæði fiskiskip og flutningaskip hafa tekið niðri í Grynnslnum á undanföllum tuttugu árum, brotið stýri og orðið stjórnlaus.

„Þetta er ein helsta ástæðan fyrir að við fáum ekki mikið af skemmtiferðaskipum. Þau hafa sýnt því áhuga að koma en treysta sér ekki í okkar höfn,“ segir Matthildur

Ásmundardóttir, bæjarstjóri Hornafjarðar.

Vegagerðin ber ábyrgð á dýpkunarframkvæmdunum en þó fellur ávallt einhver kostnaður á sveitarfélagið. Einnig hefur það orðið af tekjum vegna þessara aðstæðna.

„Á sama tíma erum við líka að glíma við landris sem ýtir undir vandamálið,“ bendir Matthildur á, en þessir tveir þættir eru samverkandi. Landið ris um sentimetrar á ári, vegna bráðunar Vatnajökuls. Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur hefur bent á að ef land ris mikið meira geti fjórðurinn orðið ófær.

Bæði Matthildur og Fannar eru sammála um að ávallt verði dýpkunar þörf í Hornafirði. Árlega er dýpkað í höfninni um 40 þúsund rúmmetra á ári og Grynnslin hafa verið tekin af og til.

„Núna stefnir í að það verði gefinn út ansi hressilegur loðnukvóti og því væri súrt að geta ekki sinnt veiðunum sem skyldi,“ segir Matthildur. ■

Lind stofnar sérstaka

Atvinnuhúsnæðisdeild

Lind Atvinnuhúsnæðisdeild

Yfir 50 ára reynsla í sölu og leigu á atvinnuhúsnæðum.
Vantar allar gerðir eigna á skrá, heyrðu í okkur eða sendu okkur tölvupóst á atv@fastlind.is

Nánari upplýsingar veita



Ísak V. Jóhannsson
Sölustjóri
822 5588
isak@fastlind.is



Viðar Marinósson
Lögg. fasteignasali
898 4477
vidar@fastlind.is



Hannes Steindórsson
Lögg. fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is



Frekar konur



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@frettabladid.is

Líklega erum við sem samfélag ekki komin lengra í jafnréttismálum en svo að konur sem láta í sér heyra á vinnumarkaði eru sagðar vera frekar, en karlar sem haga sér með sama hætti teljast vera ákveðnir.

Mál einu hlaðkonunnar á Reykjavíkurlflugvelli sem Fréttablaðið greindi frá á þriðjudag er erkiðemi um þennan veruleika; hún reyndist jú sem trúnaðarmaður á vinnustaðnum vera helst til óþægur ljár í þúfu og verja hagsmuni starfsfélaga sinna full til djarflega – og var fyrir vikið sagt upp störfum fyrir þær sakir að vera „hvöss í tali og erfið“.

Fréttinni var fylgt eftir næsta dag þar sem Gyða Margrét Pétursdóttir, prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands, sagði að svo virtist sem mál hlaðkonunnar væri eitt af þrástefjunum um kynjaðar hugmyndir. Mál hennar vekur upp spurningar um viðhorf og orðræðu, en konur hafi, þegar til kastanna komi, minna rými en karlar til tjáningar og athafna í störfum.

Við erum sum sé ekki komin lengra sem samfélag í þessum efnum en að framkoma, talsmáti og hegðun eru metin á ólíkan máta eftir því hvaða kyn á í hlut. Og enn er það svo, í raun og sann, að konur úti á vinnumarkaðnum – og kannski líka heima fyrir – eigi helst af öllu að vera vingjarnlegar og halda sér til hlés, en ruggi þær bátum megi þær teljast heppnar að falla ekki fyrir borð, af sjálfspáðum eða annarra manna völdum.

Freki karlinn er enn þá valdamestur kynjanna á Íslandi. Hann þykir álíka klár og hann er fylginn sér – og fer mikinn á fundum þar sem konur hafa á stundum verið hafðar til punts, en leggi þær eitthvað til málanna er geispað meira en hlustað.

Þessar viðtökur þekkja konur úti í atvinnulífinu. Allar bestu hugmyndirnar virðast enn vera ættaðar úr orðavaldi karlanna, en athugasemdirnar kvennanna, dirfist þær að láta þær í ljósi, lýsa ýmist vanmætti þeirra eða vankunnáttu á hefðum og þeim leiðum sem helst og best hafa virkað í karllægu samfélagi.

Við höldum að þetta sé að breytast. Og mjög líklega er þetta að breytast. En sennilegar hægar en við töldum. Við teljum nefnilega að kynjajafnréttinu hafi verið náð, þótt raunin sé önnur.

Þess vegna á mál hlaðkonunnar á Reykjavíkurlflugvelli að vera okkur rækileg áminning. ■



Freki karlinn er enn þá valdamestur kynjanna á Íslandi. Hann þykir álíka klár og hann er fylginn sér ...

■ Halldór



■ Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

Monopoly-maðurinn

Fjárhagsstaða sveitarfélaga er sligið af launakostnaði og óttast yfirmáður hjá yfirbyggingu að það leiði til stórslyss. Það þarf ekki talningarstjóra úr Norðvesturkjördæmi til að komast að því að á meginlandi Evrópu má finna íbúðablokkir með fleiri íbúðir en íbúa sveitarfélaga með sveitarstjóra á launum sem fengju Monopoly-manninn til að roðna. Þú þegar biðin eftir plássi á leikskóla er orðin lengri en eftir PlayStation 5 vegna starfsmannaskorts, þá er ljóst að ekki er hægt að setja launaskriðið í algjört frost, heldur mætti kanna að stoppa það hinum megin.

Fjaran

Enn og ný ætlaði allt um koll að keyra í borgarstjórn Reykjavíkur þegar Píratin Dóra Björt Guðjónsdóttir sagðist hafa marga fjöruna sopið. Kom í ljós að hún hefur aldrei fundið neinn í fjöru, hvað þá mikið í saltan sjó. Ólíkt Neyðarlínunni fékk Atlantshafid afsökunarbeiðni. Meira að segja umræðan um Fjölskyldu-, húsdýra- og heimilisleysisgardana í Laugar dalnum kafnaði í färinu. Á meðan þetta flæðir yfir gerist lítið sem ekkert í að fá botn í hvort húsnæðisframboðið sem búið er að lofa nái að ýta niður verðbólgunni. ■

Áfram veginn til réttlætis



Inga Sæland
alþingismaður og formaður Flokks fólksins

Mörgum kom á óvart þegar Flokkur fólksins náði frábærum árangri í nýafstöðnum kosningum. Mun betri árangri en kannanir höfðu gefið til kynna, sem skilaði sér í kjördæmakjörnum þingmanni í öllum kjördæmum.

Flokkur fólksins og Framsóknarflokkurinn eru óumdeildir sigurvegarar kosninganna. Þessir flokkar eiga það sameiginlegt að hafa lagt mikla áherslu á málefni öryrkja, eldra fólks, barna og fátækra. Niðurstöður kosninganna eru skýrt ákall frá kjósendum til löggjafans um að styrkja verði stöðu þessara hópa. Það er ekki hægt að biða lengur eftir réttlætinu.

Við verðum að fjármagna heilbrigðiskerfið og manna spítala. Við þurfum að útrýma biðlistunum sem gera það að verkum að veikt fólk og börn þurfa að biða heilu misserin eftir lækni- og sérfræðihjálpi. Það er engan veginn ásætlanlegt að fólk þjáist að öþörfu í einu ríkasta landi heims. Þjáning og skerðing lífsgæða verður aldrei metin til fjár, en það myndi fljótt borga sig fyrir ríkið að taka á þessum vanda.

Við verðum að hækka framfærslu almannatrygginga svo að fólk nái endum saman. Við megum ekki láta fólk okkar biða fjögur ár í viðbót. Með samvinnu og fyrirhyggju getum við lagað allt þetta og miklu meira til.

Flokkur fólksins er reiðubúinn að takast á við það göfuga verkefni að tryggja öllum réttlæti í okkar ríka landi. Við viljum leggja okkar af mörkum til að auka og efla virðingu almennings á Alþingi Íslendinga. Með því að vinna af heilindum að almannahag munum við senda sólargeisla inn í líf margra bræðra okkar og systra, sem hafa ekki séð til sólar svo árum skiptir.

Fátækt er mannanna verk. Það er í okkar höndum að útrýma henni.

Fólkið fyrst, svo allt hitt!

Höfundur er alþingismaður og formaður Flokks fólksins. ■



Niðurstöður kosninganna eru skýrt ákall frá kjósendum til löggjafans.

Mikið úrval af **HVÍLDARSTÓLUM** með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Hvers vegna fóru þingsætin á flug?



Kristján Jónsson
prófessor



Þorkell Helgason
fyrirv. prófessor

Endurtalning atkvæða í Norðvesturkjördæmi hefur með réttu leitt til umræðu um ákvæðin um kosningar til Alþingis. Margir hafa furðað sig á því að örfáir tugir atkvæða til eða frá í kjördæminu skuli hafa valdið því að fimm þingsæti fóru á flakk. Breytingin snertir þó einvörðungu niðurröðun jöfnunarsæta á kjördæmislista flokkanna. Kjördæmisætin haldast óbreytt svo og skipting jöfnunarsæta milli flokka.

Vitaskuld getur það einatt oltið á einu atkvæði hvort sætaskipan breytist. Það gerist í öllum kosningum og undir hvaða kerfum sem er. En spurningar vakna þegar þetta hreyfir við tíu þingsætum. Raunar hefði sama runa af sætaskiptum farið af stað við það eitt að atkvæðum Viðreisnar hefði fækkað um tvö í seinni talningunni í kjördæminu.

Þessari grein er ætlað að varpa ljósi á hvernig útkoman varð þessi. Í framhaldsgrein verður fjallað um það hvort betur megi gera.

Hver er tilgangur jöfnunarsæta?

Svarið stendur í gildandi stjórnarskrá: „[Jöfnunarsætum] skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmálasamtaka [þ.e. flokka] þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína.“ Þetta hefur verið markmiðið allt frá því að slík ákvæði tóku gildi 1934, en áður hafði verið hróplegt misvægi milli landsfylgis flokka og þingmannatölu þeirra. Tala jöfnunarsæta hefur þó alltaf verið skorin við nögl þannig að markmiðið um fulla jöfnun milli flokka náðist fyrst 1987, en frá og með 2013 hefur það ekki náðst aftur. Að stórum hluta er misvægið sem leiðrétt þarf með jöfnunarsætunum því að kenna að þingsætum er ekki skipt hlutfallslega á milli kjördæmanna. En fleira kemur til sem ekki er tómt til að rekja hér.

Úthlutun eftir gildandi lögum


Til þess að skýra það sem gerðist verður að rifja upp hvernig jöfnunarsætum er útdelt á kjördæmislista flokka. Um þetta fjallar 108. gr. kosningalaga nr. 24/2000. Efnislega segir lagagreinin að jöfnunarsætunum skuli skipt á milli þeirra flokka sem komast yfir 5%-þröskuld í landsfylgi og að teknu tilliti til þeirra kjördæmisæta sem þeir eru búnir að fá. Aðferðin við þessa skiptingu byggir eins og úthlutun kjördæmisætanna á svonefndri D'Hondt-reglu sem hefur verið notuð í þessu skyni allt frá 1934. Þá situr eftir það skref sem hefur ávallt reynst öruggast: Að finna jöfnunarsætum hvers flokks stað í kjördæmunum. Þá þarf bæði að láta hvern flokk fá sinn sætafjölda, og sömuleiðis hvert kjördæmi, en í lögnum er niðurneglt að hvert kjördæmanni á höfuðborgarsvæðinu fái tvö sæti en hin eitt, eða níu alls.

Með gildandi lögum varð breyting á fyrri reglum um hvernig jöfnunarsætunum skyldi útdelt. Byrjað er á að reikna svonefndar landstölur fyrir hvert jöfnunarsæti sem úthluta skal. Þær endurspeglar á vissan hátt sanngjarna forgangsröð flokkanna að sinum jöfnunarsætum, eins og

Útdeiling jöfnunarsæta til lista í kjördæmum

Fyrir endurtalningu					Eftir endurtalningu				
Kjördæmi lista	Nr. sætis	Landstölur	Listi	Hlutfall næsta manns	Kjördæmi lista	Nr. sætis	Landstölur	Listi	Hlutfall næsta manns
Reykjavík norður	1	4309	P	6,42%	Reykjavík norður	1	4308	P	6,42%
Norðvestur	2	4159	C	6,22%	Suður	2	4157	C	6,21%
Suðvestur	3	3628	M	4,46%	Norðvestur	3	3626	M	7,41%
Suður	4	3588	V	7,40%	Reykjavík suður	4	3588	V	7,34%
Reykjavík suður	5	3447	P	5,46%	Reykjavík suður	5	3447	P	5,46%
Suðvestur	6	3327	C	5,70%	Suðvestur	6	3326	C	5,70%
Reykjavík suður	7	3304	S	6,65%	Reykjavík norður	7	3304	S	6,30%
Norðaustur	8	3139	V	6,46%	Norðaustur	8	3139	V	6,46%
Reykjavík norður	9	2872	P	4,28%	Suðvestur	9	2872	P	4,14%

Tilfærsla jöfnunarsæta í kjölfar endurtalningarinnar



Ferlið hefst hjá C-lista í Norðvesturkjördæmi, þar sem missir tveggja atkvæða setur hringekjuna af stað. Athygli vekur að Norðausturkjördæmi er eina kjördæmið sem kemur ekki við sögu.

Drifkraftur sætaflugsins er að heildartala sæta eftir flokkum og kjördæmum getur ekki breyst þannig að bæði lárétt og lóðrétt þarf að vera einn gulur og einn grænn reitur.

útskýrt verður hér á eftir. Fyrsta jöfnunarsætið fær sá flokkur sem hæsta hefur landstöluna og fer það í kjördæmið þar sem næsti maður á lista hans hefur hæst hlutfall atkvæða. Síðan er gengið á næsthæstu landstöluna og þannig koll af kalli.

Úthlutun jöfnunarsæta nú

Eins og fyrr segir breyttist úthlutun kjördæmasætanna 54 ekkert milli talninga, til þess var atkvæðabreytingin of litil. Jafnframt breyttist fjöldi jöfnunarsæta sem hver flokkur fékk í sinn hlut ekkert. Bæði fyrir og eftir endurtalninguna áttu fimm flokkar rétt á jöfnunarsætum, Viðreisn (2), Miðflokkur (2), Píratar (3), Samfylking (1) og Vinstri græn (2).

Eins og fyrr segir kemur tvennt við sögu þegar jöfnunarsætunum er komið til síns heima, til kjördæmislistanna: Annars vegar fyrrnefndar landstölur og hins vegar atkvæðahlutfall næsta manns í hverju kjördæmi. Þessar tölur eru sýndar í meðfylgjandi töflu.

Landstölurnar eru reiknaðar út sem atkvæði að baki næsta sætis hvers viðkomandi flokks miðað við landsfylgi, þ.e. eins og landið væri eitt kjördæmi. Þá er að sjálfsögðu tekið tillit til þeirra þingmanna sem flokkarnir eru þegar búnir að fá kjördæmiskjörna. Til dæmis er fyrsta landstala Pírata fundin svo: Þeir hlutu 17.233 atkvæði á landinu öllu í fyrri talningunni og fengu þrjú kjördæmissæti. Fyrsta landstala þeirra reiknast skv. D'Hondt-reglu vera $17.233/(3+1) = 4.309$, eins og fram kemur í töflunni. Þetta er hæsta landstalan, fyrir og eftir endurtalninguna. Þeir eiga því fyrstir tilkall til þess að sæti þeirra sé fundið pláss í kjördæmi. Valið ræðst af því hvar næsti maður Pírata hefur hæst hlutfall atkvæða, 6,42%. Það er í Reykjavíkurborg kjördæmi suður fyrir og eftir endurtalningu.

Þá er komið að ráðstöfun annars jöfnunarsætisins. Fyrir og eftir endurtalninguna er næsthæsta landstalan hjá C, Viðreisn. Fyrir endurtalningu var hæsta hlutfallstala næsta manns hjá þeim flokki í Norðvesturkjördæmi, hlutfallið 6,22%. Hvernig er sú tala fundin? Skv. fyrri talningunni fékk listinn 1.063 atkvæði af 17.251 í kjördæminu. Listinn fékk ekki kjördæmiskjörinn mann og því reiknast atkvæðahlutfall efsta manns listans $1.063/17.251 = 6,22%$. Við endurtalninguna lækkaði C-listinn í Norðvesturkjördæmi örlítið, eða í 6,16% (sem sést þó ekki í töflunni), en nóg til þess að vera komið niður fyrir hlutfall C í Suður-

kjördæmi. En eftir fyrri talninguna var kjördæmið „uppselt“; C-listinn búinn að fá eina jöfnunarsæti kjördæmisins. Sæti Miðflokksins varð því að sækja á önnur mið; í Suðvesturkjördæmi, þar sem maður M-listans var næsthæstur að hlutfalli til meðal lista flokksins. Við endurtalninguna breyttust forsendur. Þá varð Norðvesturkjördæmið laust og þangað fór því Miðflokksætið út á hlutfallið 7,41%. Efsvo vel hefði viljað til að þetta sæti hefði í fyrri talningunni verið í Suðurkjördæminu, ekki því Suðvestra, hefði hringurinn lokast. Færsla sætis C-listans, sem orsakadist í raun af missi tveggja atkvæða í Norðvestri, hefði þá dregið minnstan dill á eftir sér, þ.e. skiptum C og M á jöfnunarsætum í Norðvestur- og Suðurkjördæmi. En þessu er því miður ekki að heilsa. Hringekjan hélt því áfram eins og rakið er á myndinni.

Eru lögin gölluð?

Eðlilega er spurt hvort eitthvað sé bogið við gildandi úthlutunarkerfi sem getur leitt til þessara sviptinga

vegna örfarra atkvæða. Reiknirit-raunir með sérstökum hugbúnaði sem kynntur verður bráðlega sýna að önnur kerfi hefðu valdið minni röskun að þessu sinni, en það gæti vel verið tilviljun. Til að skera úr því þarf að gera frekari rannsóknir. Stutt svar við spurningunni er á hinn bóginn bæði nei og já!

„Nei“, þar sem hlutfallskosningakerfi getur aldrei verið gallalaust þegar í senn er keppt að því að sætum sé rétt skipt á milli flokka miðað við landsfylgi en að um leið fái kjördæmin sín sæti og engar refjar. „Já“, vegna þess að núgildandi kerfi má bæta á ýmsan hátt án þess að kollvarpa því. Þar togast reyndar á að kerfið sé einfalt og auðskiljanlegt og hitt að það uppfylli sem flestar sanngirniskröfur.

Ekkert kosningakerfi er fullkomið, en gera má vissar gæðakröfur til aðferða við útdeilingu jöfnunarsæta. Til dæmis þá að listi megi aldrei missa sæti við það eitt að bæta við sig atkvæðum. Eða að breyting á atkvæðum einhvers lista, sem hafi þó engin áhrif á úthlutun til hans, megi ekki valda því að sæti annarra lista fari á kreik. Ætli flestum þyki þetta ekki sjálfsagðar kröfur. Sanna má stærðfræðilega að aðeins ein tegund útdeilingaraðferða uppfyllir þessar gæðakröfur. Hvi eru þær þá ekki notaðar? Ástæðan er að sem lagatexti þykir aðferðin of flókin, enda þó stærðfræðilega sé hún í raun einföld!

Eitt er jákvætt við uppkomuna við talninguna í Borgarnesi. Umræða um lýðræðismál hefur lifnað við. ■



VIÐSKIPTATÆKIFÆRI Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI
SAMKEPPNI UM AÐSTÖÐU
FYRIR BÓKAVERSLUN

Isavia leitar að aðila sem hefur góða reynslu af rekstri bókaverslana og mikinn metnað fyrir að veita góða þjónustu til Íslendinga og erlendra ferðamanna á leið um Keflavíkurlugvöll. Rík áhersla er lögð á að verslunin endurspegli Ísland í útliti og upplifun.

Um er að ræða verslunarymi á 2. hæð í brottfararsal og samningstími er þrjú ár, með möguleika á framlengingu.

Verið velkomin á kynningarfund og skoðunarferð á Keflavíkurlugvelli þriðjudaginn 12. október klukkan 13.30. Nánari upplýsingar má nálgast á isavia.is/bokaverslun.

Merkisatburðir

- 1720** Bjarnastaðaskriða fellur úr Vatnsdalsfjalli í Húnavatnssýslu á tvo bæi og farast sex manns. Skriðan stíflar Vatnsdalsá og myndast stöðuvatn að ofanverðu og kallast það Flóðið.
- 1879** Hið íslenska fornleifafélag stofnað í Reykjavík.
- 1910** Enskur togari rænir hreppstjóra og sýslumanni Barðstrendinga og fer með þá til Englands.
- 1969** Peter Ustinov, leikari og leikskáld, viðstaddur frumsýningu á verki sínu, Betur má ef duga skal, í Þjóðleikhúsinu.
- 1976** Hjónin Finnbogi Rútur Valdimarsson og Hulda Dóra Jakobsdóttir eru kjörin fyrstu heiðursborgarar Kópavogs.
- 1997** Réttarhöld yfir franska nasistanum Maurice Papon hefjast í Bordeaux.
- 1998** Gardemoenflugvöllur opnaður í Noregi.
- 2001** Mislæg gatnamót Breiðholtsbrautar, Nýbýlavegar og Reykjanesbrautar formlega tekin í notkun. Um fimmtíu þúsund bílar fara þá um gatnamótin á sólarhring.
- 2005** Gífurlegur jarðskjálfti skekur Pakistan, Afganistan og Indland norðanverð. Yfir 70 þúsund manns farast.



- 2007** Spretthlauparinn **Marion Jones** skilar fimm Ólympiuverðlaunum sem hún vann í Sydney árið 2000, eftir að hafa játað ólöglega lyfjanotkun.
- 2008** Kaupthing Singer & Friedlander sett í greiðslustöðvun af breska fjármálaeftirlitinu.
- 2008** Íþróttafélagið Draupnir stofnað á Akureyri.
- 2018** Millirikjanefnd um loftslagsbreytingar gefur út skýrslu þar sem fram kemur að breytingar þurfi á öllum sviðum mannlægs samfélags til að halda hnattrænni hlýnun undir einni og hálfri gráðu.



Íslenska liðið fagnar úti í Lyon þegar kjötplattinn hafði fengið fyrstu verðlaun.

MYND/ADSEND

Svolítið súrt í bragði að enda þremur stigum frá bronsinu

Sigurður Laufdal endaði í fjórða sæti í heimsmeistarakeppninni í matreiðslu, Bocus d'Or. Hann var aðeins þremur stigum frá bronsinu og endaði fyrir ofan þekktar matarþjóðir eins og Ítali og Japani.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Það er eitthvað í pípunum hjá mér. Nú er ég bara að rifja upp af hverju ég er búinn að missa síðustu tvö ár eða svo,“ segir matreiðslumeistarinn Sigurður Laufdal, sem varð í fjórða sæti á heimsmeistaramóti matreiðslumanna Bocus d'Or í Lyon í síðustu viku.

Fátt annað hefur komist að í lífi Sigurðar síðustu tvö árin en að undirbúa sig fyrir stóru stundina í Lyon. Með honum voru svo aðstoðarkokkar og þjálfarinn Þráinn Freyr Vigfússon. Sigurður segir að þetta hafi verið ótrúlegt ferli frá upphafi til enda og hjarta hans er fullt af þakklæti til allra sem komu að málu.

Kjötplatti Sigurðar var valinn sá besti en hann var smíðaður af Sign skartgripum. Á honum hvíldi svokallaður axlarvöðvi af frönsku nauti sem Sigurður brasseraði í heilu lagi. Aðeins tvær tegundir meðlætis máttu vera með kjötinu, auk sósu. „Fatið þróaðist mjög mikið frá



Pórdís Björnsdóttir Thoroddsen, Birgir Einarsson og Hildur Ósk Sigurðardóttir frá Sign smíðuðu plattan.

fyrstu hugmynd, enda þróaðist maturinn einnig mjög mikið. Það var í raun ekki hægt að smíða fatið fyrr en allt var tilbúið mín megin.

Ætli við höfum ekki verið rúman mánuð í stanslausri vinnu að fíkta í

plattanum,“ segir Sigurður, sem hafði trú á plattanum um leið og hann sá útkomuna.

Hann viðurkennir að það sé enn svolítið súrt að hafa endað í fjórða sæti, enda munaði aðeins þremur stigum á bronsverðlauninum. „Ég trúði á sjálfan mig og var viss um góðan árangur. Hausinn skiptir svo miklu máli í svona. Þessi tvö ár hafa snúist um þetta og auðvitað er gaman að enda í fjórða sæti, en það munaði svo litlu. Það eru 24 dómara sem dæma matinn og 12 dómara sem dæma eldhúsið og það munaði sáralitlu, sem er svolítið grátlegt og gerir þetta aðeins erfiðara,“ segir hann þó glaður með árangurinn.

Árangur Íslands í Bocus d'Or-keppninni er í raun ótrúlegur og tölfræðin segir að Íslendingar séu í hópi sex bestu þjóða í heiminum í matreiðslu. Í ár voru þekktar matarþjóðir eins og Ítalir og Japanir langt fyrir neðan Sigurð og félagi. „Við erum með fánlega góðan árangur miðað við að við erum auðvitað smáþjóð. Hér á Íslandi er mikill metnaður og kennslan í skólunum er góð.

Ég er mjög harður á því að Íslendingar séu góðir að elda. Þó það séu ekki margir Michelin-staðir hér á landi er mjög sjaldgæft að fara inn á veitingastað og fá vandan mat,“ segir Sigurður. ■

Þetta gerðist: 8. október 1967

Che Guevara handtekinn

Eftir að hafa fengið upplýsingar um bækistöðvar Che Guevara og skæruliða hans í Yura, umkringdi sérsveit bólivíska hersins búðir þeirra, með fulltingi 1.800 hermanna, þann 8. október 1967 og tók Guevara höndum. Hann særðist töluvert í átökunum við herinn og er sagður hafa gefist upp sjálfviljugur, lagt frá sér byssuna og hrópað: „Skjótið ekki! Ég er Che Guevara og ég er ykkur meira virði lífandi en dauður.“

Eftir handtökuna var Guevara í haldi í gömlum skóla í þorpinu La Higuera. Hann neitaði staðfestlega að svara þegar yfirmenn í bólivíska hernum reyndu að yfirheyra hann. Það eina sem hann fékkst til að segja var að hann vantaði tóbak, sem hann fékk.

Að morgni 9. október fyrirskipaði forseti Bólivíu, René Barrientos, að Guevara skyldi tekinn af lífi. Bandaríska ríkisstjórnin hafði reyndar farið fram á að hann yrði fluttur til Panama til frekari yfirheyrslu en Bólivíumenn létu það sem vind um eyru þjóta. Til að forðast vandræði fengu þeir drukkinn hermann, Mario Terán, sem átti harma að hefna gegn Guevara, til að skjóta hann, og sögðu að hann yrði að láta líta svo út að Guevara hefði fallið í bardaga.

Terán fylgdi þeim fyrirmælum dyggilega og skaut hann alls niu skotum í líkamann. Samkvæmt samtímaheimildum voru síðustu orð byltingarforingjans: „Skjóttu mig bara, hugleysinginn þinn. Þú ert bara að drepa mann.“ ■



Che Guevara með kúberskan vindil og höndina í fatla forðum daga.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Katrín Marteinsdóttir
verslunarkona,

lést sunnudaginn 3. október á Hjúkrunarheimilinu Seltjörn á Seltjarnarnesi. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju miðvikudaginn 20. október kl. 13.00.

Lilja Jónsdóttir
Marteinn Jónsson
Kristján Jónsson

Ragnar Daniel Stefánsson
Þórunn Björg Ásmundardóttir
Kristín Ólóf Jansen
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir mín, dóttir, systir og frænka,
Guðbjörg Sigríður Einarisdóttir

sem lést þann 25. september, verður jarðsungen frá Lindakirkju í Kópavogi mánudaginn 11. október kl. 13.00.

Útförinni verður streymt á slóðinni: lindakirkja.is/utfarir/

Ivy Alda Guðbjargardóttir

Alda Breiðfjörð Indriádadóttir
Bjarni Georg Einarsson
Guðrún Ólóf Einarisdóttir
Jóhanna Ásgerður Einarisdóttir
og frændsystkini.

Einar Bjarnason
Bryndís Guðmundsdóttir

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 8. október 2021

LJÓMANDI KOLLAGEN
UPPLIFÐU DÝPRI VIRKNI ÚR
ÍSLENSKU HAFI

Íslenskt í húð & hár
sjáðu árangur á 30 dögum



25%
afsláttur
í Lyfju

PROTIS



Gleði og depurð geta verið jafnfallegar

Systurnar Brynja Mary og Sara Victoría Sverrisdætur stefna á heimsfrægð með norrænni töfranostalgíu.

Sara Victoría og Brynja Mary eru systur í átta systkina hópi og hafa búið í sex löndum. Þær eru á samningi hjá Universal.

MYND/JEPPE KLAUSEN FYRIR UNIVERSAL

thordisg@frettabladid.is

„Ef sá dagur kemur að við náum heimsfrægð munum við nota frægðina til að vera góðar fyrirmyndir og reyna að hafa góð áhrif með tónlistinni okkar. Við viljum koma því áleiðis til sem flestra að það má aldrei gefast upp því allt er mögulegt ef maður bara vill, hefur trú á sjálfum sér og vinnur hart að því að láta drauma sína rætast.“

segir systurnar Brynja Mary og Sara Victoría Sverrisdætur í systradúettinum EYJAA.

Þær systur hafa sannarlega unnið vel í sínum draumum. Þær eru nú á útgáfusamningi hjá útgáfurisnum Universal, einu af þremur stærstu útgáfufyrirtækjum veraldar. Á mála hjá því eru frægustu tónlistarmenn samtímans.

„Við höfum vakið mikla athygli hjá Universal sem norrænn systra-

dúett. Í tónlistarbransanum er bæði einstakt og sjaldgæft að systur gefi út tónlist sem dúett og hafi nákvæmlega sömu áhugamál. Það er mikið talað um að við séum íslenskar og nafnið EYJAA hefur fengið mikla athygli, ekki síst fyrir merkingu þess sem er íslenska orðið eyja með tveimur a-um, en a-in eru tvö af því við erum tvær. Tónlistin okkar þykir ferskur andblær hjá Universal og vegna sam-

vinnu okkar með listamönnum frá Norðurlöndum verður útkoman norræn og falleg. Tónlistinni hefur verið lýst sem poppi með norrænni töfranostalgíu,“ segir Brynja Mary.

Átta systkini og sex lönd
Brynja Mary er sautján og Sara Victoría verður sextán ára í nóvember. Þær systur slitu barnsskónum í átta systkina hópi í sex löndum, en áttunda systkinið, lítill bróðir,



POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

ALOE VERA
HREINN SAFI



30
DAGA
SKAMMTUR

www.celusus.is



1-2 hylki á dag
til að róa blöðruna

fæddist í maí. Hann er augasteinn systranna sem sjá ekki sólina fyrir honum. Þær Brynja og Sara búa nú á vegum IDA-dansskólans í Kaupmannahöfn með átta stelpum alls staðar að úr heiminum.

„Það gengur mjög vel hjá okkur í Danmörku og við erum að fá sífellt meiri athygli erlendis. Fyrsta lagið okkar, Don't forget about me, er alltaf í útvarpinu, alls staðar, og við erum líka á mörgum play-listum á Spotify í Noregi og Svíþjóð,“ upplýsir Sara Victoria.

Lagið Don't forget about me, sem kom út í vor, sat í sextán vikur á vinsældarlistum í Danmörku.

„Það var alveg súrrealískt, sérstaklega vegna þess að þetta var fyrsta lagið okkar sem við gáfum út. Lagið kom okkur algjörlega á kortið á Norðurlöndunum og síðan höfum við vart haft undan að tala við fólk sem vill kynnast okkur betur. Það er algjörlega frábært því enginn vissi hverjar við vorum áður. Universal hafði strax stórar væntingar um lagið, en við gerðum okkur engan veginn grein fyrir að það yrði svona vinsælt og urðum steinhissa,“ segir Brynja Mary kát. Samstarfið við Universal gengur líka glimrandi vel.

„Við höfum undanfarið verið uppteknar í hljóðverum með góðum og þekktum upptökustjórum við að semja tónlist og taka upp sönginn okkar. Það er mjög spennandi. Það eru þó nokkur lög á leiðinni og mikið af efni sem við hlökkum til að senda frá okkur. Við erum með rosalega gott teymi hjá Universal, þar er haldið vel utan um okkur og við erum mjög þakklátar fyrir það. Þar á bæ er búið að gera frábær plön fyrir framhaldið og við hlökkum mikið til,“ segir Sara Victoria.

Ekki feimnismál að vera dapur

Í vikunni kom út glænýtt lag með EYJAA fyrir Universal, The Wrecking Crew.

„Hugtakið „Wrecking Crew“ er í okkar huga eins og gengi af slæmum hugsunum sem reyna að fella mann. Það fjallar um að upplifa slæmar hugsanir og ofhuga alla hluti, en slíkt lætur manni líða illa. Lagið er líka um þá staðreynd að allir eiga sína slæmu daga en engu að síður má sjá í því fegurð. Það gæti fengið mann til að hugsa um allt sem maður getur verið þakklátur fyrir í lífinu. Við reynum því að sjá það fallega sem fylgir því að vera sorgmæddur eða í vanlíðan; jafnvel þótt það geti stundum verið þrautin þyngri,“ útskýrir Brynja Mary um boðskapinn í nýja laginu.

Í því samhengi segjast systurnar vitaskuld eiga sína góðu og slæmu daga, rétt eins og allir aðrir.

„Lögin okkar byggja oftar en



Brynja og Sara vilja hafa góð áhrif með tónlist sinni og sýna að draumar geta ræst. MYND/JEPPE KLAUSEN FYRIR UNIVERSAL

ekki á eigin lífsreynslu, enda verður til persónulegri tónlist þegar hún er samin frá hjartanu og um eigin upplifanir. Tónlist hefur heilandi áhrif og því er hún góð leið til að koma mikilvægum skilaboðum áleiðis og láta fólk líða vel.“

Þær segja jafn fallett að vera dapur og að vera gladdur.

„Það ætti hvorki að vera feimnismál né er það veikleikamerki að vera dapur því ef fólk líður illa ætti það alltaf að deila hugsunum sínum og líðan með öðrum. Það að

Hversu vel þekkjast systurnar?

Hvert er uppáhaldslag systur þinnar?

Brynja: Little did I know með Juliu Michaels og One last time með Ariönu Grande. (Rétt.)

Sara: September með James Arthur og Remember með Becky Bill and David Guetta. (Rétt.)

Hver er hennar kærasta minning um ykkur tvær?

Brynja: Þegar draumar okkar rættust við að skrifa undir plötusamning við Universal. (Rétt.)

Sara: Þegar við sömduum okkar fyrsta útgefna lag saman, Don't forget about me. (Rétt.)

Hvaða sælgæti er hennar uppáhalds?

Brynja: Mjólkursúkkulaði og

kirsuberjahlaup. (Rétt.)

Sara: Dökkt súkkulaði. (Rétt.)

Hvað óttast hún helst?

Brynja: Að missa einhvern sem hún elskar. (Rétt.)

Sara: Að missa einhvern í fjölskyldunni. (Rétt.)

Hvar liður henni best?

Brynja: Heima. (Rétt.)

Sara: Heima og í hljóðverinu. (Rétt.)

Hver er uppáhalds liturinn hennar?

Brynja: Rauður og svartur. (Rétt.)

Sara: Bleikur. (Rétt.)

Hvað fær hana til að hlæja?

Brynja um Söru: Ég og mamma. (Rétt.)

Sara um Brynju: Ég, mamma og pabbi. (Rétt.)

tala um vanlíðan sína fær mann til að líða betur. Allir upplifa hvoru tveggja og það er hluti af því að vera mannskja.“

Þær segja ungmenni nútímans þrá að vera hamingjusöm en til þess þurfi:

„Músík, vini, stuðning og að vera samþykktur eins og maður er.“

Það sem gerir systurnar daprar er að missa náinn vin, ættingja eða gæludýr, en það sem gerir þær hamingjusamar er fjölskyldan,

tónlist og dans. Báðar eru nú í dansnámi við hinn virta dansskóla IDA (International Dance Academy) og fer námið fram í Kaupmannahöfn og Los Angeles.

„Þar dónsum við í átta tíma á dag, fimm daga vikunnar, og lærum allar danstegundir. Það mun koma sér vel á tónlistarferlinum, auk þess sem við lærum góða sviðsframkomu,“ segir Sara Victoria, en þess má geta að IDA hefur unnið með Britney

” Það er staðreynd að allir eiga sína slæmu daga en engu að síður má sjá í því fegurð. Það gæti fengið mann til að hugsa um allt sem maður getur verið þakklátur fyrir í lífinu.

Brynja Mary Sverrisdóttir

Spears, Beyoncé, JLo, Taylor Swift, Justin Bieber, Will Smith og Kylie Minogue, svo fáeinar stjórnur séu upptaldar.

Nýja lagið samdi sænski laga-smiðurinn Lukas Nathanson sem er mjög þekktur hjá Universal.

„Það var frábært að vinna með Lukasi sem hefur nokkrum sinnum verið tilnefndur til Grammy-verðlaunanna og unnið með frægu og hæfileikaríku fólki, svo sem Justin Bieber, Chris Brown og Boys II Men. Hann sendi Universal demó-upptöku af laginu, sem við systur og Universal elskuðum strax, og höfum nú gert það að ekta EYJAA-lagi,“ segir Sara Victoria.

Líkar en þó eins og dagur og nótt

Þær Brynja Mary og Sara Victoria eru sláandi fallegar og sannarlega flottir fulltrúar sinnar kynslóðar.

„Helstu bjútitrixin eru nægur svefn, hollur matur, góð hreyfing og að reyna að vera jákvæðar og þakklátar fyrir hvern dag,“ upplýsa systurnar.

Þær eru með stór plön fyrir næsta ár, nú þegar heimurinn er að opnast smátt og smátt.

„Við gætum ekki verið spenntari fyrir komandi tímum, og vonandi verður Íslandsferð fljótlega á dagskránni. Ísland er alltaf í huga okkar og hjörtum, þaðan kemur nafnið okkar EYJAA, því Ísland er eyja, og þaðan fáum við orku og drifkraft; frá fallettri náttúrunni og fjöðurlandinu okkar. Það hefur hjálpað okkur mikið,“ segir Sara Victoria.

Í fyrra söng Brynja Mary lagið Augun þín í Söngvakeppni Sjónvarpsins og í vikunni rann út lokafrestur til að skila inn lagi í Söngvakeppnina 2022.

„Við sendum því miður ekkert lag til keppinnar í ár, en kannski í framtíðinni; það gæti verið gaman. Okkur langar að syngja lag á íslensku, fyrir landsmenn og heiminn í gegnum Universal, og einnig að mixa ensku við íslensku í lagi,“ segir Brynja.

Þær systur eru miklar vinkonur, samræmdar og samstíga.

„Þó eru persónuleikar okkar afar ólíkir, eins og dagur og nótt. Við erum einhuga í að gera alltaf okkar besta og vinnum hart að markmiðum sem okkur hefur dreymt um síðan við vorum litlar stelpur. Við viljum gera foreldra okkar stolta með því að sýna þeim að við vinnum vel og gefumst aldrei upp. Líka að við gleymum því ekki hverjar við erum og erum alltaf við sjálfar.“

Það er föstudagur í dag og föstudagar eru í sérstöku dálæti hjá Brynju Mary og Söru Victoríu.

„Föstudagar eru bestir. Þá slöppum við vanalega af með fjölskyldunni eða vinum eftir langa viku, horfum á bíómynd og borðum eitthvað gott.“

Hlustið á The Wrecking Crew á Spotify og fylgist með systrunum á Instagram, Tik Tok og Facebook. ■

Náttúruleg slökun & góður nætursvefn

ÍTTU erfitt með að slaka á, festa svefn eða fá næturhvíld?

Slakandi blanda sem inniheldur **Magnolíu börk** og **Íslensk fjallagrös**

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

sofðu rótt
Hrein Magnolía með fjallagrös
60 HYLKI | FÆÐUBÓTAREFNI

Fæst í næsta apóteki, heilsuvöruverslun og flestum stórvörumörkuðum.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Fyrirtækjagjafir

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 8. október 2021

Kynningar: S4S, Óskaskrín, FlyOverIceland, ELKO, Sena, MS, Gallerí Fold, A4, Urta Icelandica, Aha.is, Frú Lauga og bændurnir, Yay, Borgarleikhúsið



Gisli Eliasson, sölustjóri fyrirtækjasviðs S4S, segir að nýju gjafakortin frá S4S hafi marga frábæra kosti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gjafakort S4S endast að eilífu

Hjá S4S er hægt að fá gjafakort sem nýtast í öllum þrettán verslunum og fimm netverslunum fyrirtækisins. Gjafakortin endast að eilífu, virka líka á útsölum og fara í veskið í símanum, en fleiri en einn sími getur notað sama kortið. **2**

„Gjafakortin frá S4S bjóða upp á algjöra byltingu í notagildi, þau renna aldrei út og það er ekki hægt að týna þeim, því þau fara beint í veskið í símanum,“ segir Gísli Elíasson, sölustjóri fyrirtækjasviðs S4S. „Gjafakortin gefa inneign í öllum okkar verslunum, en S4S er smá-söluverslun og undir hatti þess eru skóverslanirnar Ecco, Kaupfélagið, Skechers, Steinar Waage og Toppskórinn, sérhæfða Nike-búðin Air, útivistarvöruverslunin Ellingsen og fimm netverslanir. Alls eru þetta átta mismunandi búðir á þrettán ólíkum stöðum, en við rekum líka Rafhjólasetrið, sem er búð inni í Ellingsen sem sérhæfir sig í rafhjólum.“

Gjafakort með marga kosti

„Ég hjálpa fyrirtækjum að finna gjafir fyrir starfsfólk sitt, hvort sem það eru vörur eða gjafakort, en gjafakortin eru vinsælust núna því þau hafa svo marga góða kosti,“ segir Gísli. „Við vitum ekki um önnur gjafakort sem hafa engan gildistíma, en ástæðan fyrir því að við höfum hann ótakmarkaðan er að við viljum að kortin nýtist fólki og það er líka ástæðan fyrir því að við settum þetta í símann, svo þetta gleymist aldrei eða dagi uppi í einhverri skúffu heima.“

Það tekur um 40 sekúndur að setja gjafakortin í veskið í símanum og það er hægt að setja hvert kort í fleiri en einn síma, sem er hentugt fyrir pör og fjölskyldur,“ segir Gísli. „Kortin eru líka beintengd bókhaldskerfi, þannig að þau uppfærast jafnóðum og það er alltaf hægt að sjá hve mikil inneignin er.“

Það er hægt að nota gjafakortið til að versla á afslætti og útsöllum, sem er mikils virði fyrir þann sem fær kortið, því þá geta hagsýnir beðið eftir afsláttardögum,“ segir Gísli. „Notendur geta líka fengið tilkynningar í símann varðandi stöðu á inneign og tilboðum þegar þeir eru staddir við verslanir okkar.“

Einföld leið til að gleðja alla

„Gjafakort S4S er tilvalin jólagjöf fyrir starfsfólk fyrirtækja og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í verslunum okkar, enda þurfa allir á fatnaði og skóm að halda, hvort sem það er fyrir börn eða fullorðna,“ segir Gísli. „Það er líka hægt að fá vörur á breiðu verðbili hjá okkur, allt frá skóreimum upp í stór og dýr tæki.“

Með því að gefa starfsfólki gjafakort fær það val um hvaða gjöf það fær og situr ekki uppi með gjöf sem gagnast því ekki, með tilheyrandi sóun,“ segir Gísli. „Það hafa ekki allir sama smekkin og það er oft



Gjafakortið rennur aldrei út og það fer í símann svo að það gleymist aldrei og tynist aldrei. Það er hægt að setja hvert kort í fleiri en einn síma og það er alltaf hægt að sjá hve mikil inneignin er. Kortin nýtast á útsöllum og afsláttardögum og í öllum verslunum S4S.

MYND/ADSEND

Gísli segir að það að gefa gjafakort sé einföld og þægileg leið til að gleðja alla, því það er svo erfitt að finna gjöf sem allir eru ánægðir með.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

” Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í verslunum okkar, enda þurfa allir á fatnaði og skóm að halda, hvort sem það er fyrir börn eða fullorðna.

Gísli Elíasson

erfitt að gleðja alla með einni gjöf. Þess vegna er það að gefa gjafakort einföld og þægileg leið til að gleðja alla. Við fundum það líka í fyrra að starfsfólk fyrirtækja sem fékk þetta gjafakort var rosalega ánægð, enda eru fyrirtækin að koma aftur til okkar í ár.“

Sniðið að þörfum viðskiptavina

„Við höfum veitt fyrirtækjaþjónustu frá A-Ö fyrir stærri fyrirtæki og stofnanir. Þau fá kortin bara tilbúin og við getum jafnvel haft umslagið utan um kortið sérhannað. Fyrirtæki sem vilja vera umhverfisvæn geta líka til dæmis valið um að fá gjafakortið á rafrænu formi eða endurunnum pappír, í staðinn fyrir hefðbundið plastkort,“ útskýrir Gísli. „Það er hægt að gera ýmislegt til að aðlaga þau þörfum hvers og eins.“

Stofnanir og bæjarfélög sem vinna með beiðnakerfi hafa líka nýtt kortin í stað útprentaðrar beiðni því þau gefa möguleika á því að versla á netinu og kaupa dýrari vörur og bæta greiðslu við,“ segir Gísli. „Leikskólar hafa líka nýtt kortin til að gefa starfsfólki sínu fatapeninga.“

Ein karfa í öllum netverslunum

„Það er spennandi tími hjá okkur í S4S núna vegna þess að á næstu vikum opna allar netverslanirnar okkar nýjar heimasíður í nýjum og notendavænni búningi,“ segir Gísli. „Það er sérlega þægilegt að versla í netverslunum okkar, því allar fimm verslanirnar deila sömu körfu, þannig að það er hægt að ganga frá kaupum frá þeim öllum í sömu andrá og fá allar vörurnar sendar heim ókeypis á sama tíma. Það er bæði þægilegt fyrir viðskiptavini og umhverfisvænna en að senda sér sendingar frá hverri búð.“ ■

” Við vitum ekki um önnur gjafakort sem hafa engan gildistíma, en ástæðan fyrir því að við höfum hann ótakmarkaðan er að við viljum að kortin nýtist fólki.

Gísli Elíasson



GJAFAKORT S4S

**TRÍTAÐU STAFFIÐ
OG EKKERT VESEN**

Gjafakort S4S fara beint í símann og endast að eilífu.
Kynntu þér fyrirtækjaþjónustu S4S með því að skanna kóðann.



ELLINGSEN
AIR
STEINAR WAAGE
ECCO
Skór.is
Toppskórinn
SKECHERS
Kaupfélagið




Jólagjöfin er 66°Norður



66°Norður íþróttataska

Taska framleidd úr afgangsefni úr verksmiðju okkar. Renndur vasi að framan með endurskini og vatnsheldum rennilás.



Snæfell hanskar

Tæknilegir útivistarhanskar fyrir svalt veður og vind. Hanskarnir eru með praktísku gripmynstri.



Básar merino ullar sett

Léttar ullarflikur sem nýtast vel sem innsta lag.



Bylur ullarpeysa

Hljú rúllukragapeysa úr mjúkri 100% ull. Þrjónuð með kaðlamynstri.



Gjafakort

Gjafakortið gildir í öllum verslunum okkar á Íslandi og á 66north.is.

Hafðu samband við fyrirtækjasvið 66°Norður með tölvupósti á netfangið soludeild@66north.is eða í síma 535-6660 og fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki.

Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur á Instagram [@66north](https://www.instagram.com/66north)

Hversdagsleikinn brotinn upp fyrir jólin

Starfsmenn upplýsinga-tæknifyrirtækisins Advania njóta tímans á aðventunni ár hvert með ýmsum uppákomum. Fyrir vikið er einstaklega skemmtileg stemming á vinnustaðnum í desember.

starri@frettabladid.is

Brátt fyrir hefðbundið jólastress reyna starfsmenn upplýsinga-tæknifyrirtækisins Advania að eiga notalegar stundir á aðventunni ár hvert. Einn lykili í þeirri viðleitni er að reyna að brjóta upp hversdagsleikann með stórum og smáum jólauppákomum segja þær Sigrún Ósk Jakobsdóttir, mannauðsstjóri Advania, og Hólmfríður Rut Einarsdóttir, vörustjóri á rekstrarlausnasviði og formaður starfsmannafélags Advania. „Með því að brjóta upp hversdagsleikann gefum við starfsfólki tækifæri á að skapa minningar með vinnufélögunum sem ekki tengjast þeirra daglegu verkefnum. Þessar uppákomur hafa reynt alveg einstaklega vel og skapað skemmtilega stemmingu á vinnustaðnum í desembermánuði,“ segir Sigrún.

Þær eru sammála um að starfsmenn séu ánægðir með þá viðburði og hefðir sem hafa skapast hjá fyrirtækinu. „Það sést helst á því hvað þátttaka fólks er mikil á þeim viðburðum sem boðið er upp á þrátt fyrir að allir hafi í nægu að snúast við undirbúning jólaanna heima við,“ bætir Hólmfríður við.



Hólmfríður Rut Einarsdóttir (t.v.), vörustjóri á rekstrarlausnasviði og formaður starfsmannafélags Advania, og Sigrún Ósk Jakobsdóttir, mannauðsstjóri Advania.

MYND/ADVANIA

Ofvirkt starfsmannafélag

Þær segja desembermánuð alltaf vera viðburðaríkan þótt vissulega sé hann breytilegur milli ára. „Við búum að því að eiga alveg einstaklega ofvirkt starfsmannafélag með ótrúlega hugmyndaríkt fólk í forystu. Árlega hafa verið tveir stórir viðburðir; við höfum boðið annað hvort til hefðbundins jólahlaðborðs eða boðið öllum starfsmönnum á jólalega tónleika. Í ár blöndum við þessu tvennu saman, bjóðum starfsfólki á tónleika og eftirpartí í framhaldinu sem verður með jólahlaðborðsívafi. Á þessum tíma árs kemur yfirleitt einhver stórmyndin í bió, og

höfum við leigt bíosal og fjölmennt þangað með makana og börnin.“

Keppnisskap í starfsfólki

Á vinnustaðnum skapast einnig mikil jólastemming með ýmsum uppákomum að þeirra sögn. „Leynivinaleikir innan smærri hópa er frekar föst hefð hjá okkur og endar oftast með jólakaffibóði og notalegri stund. Undir lok mánaðarins er jóladagur Advania haldinn hátíðlegur. Þann daginn hætta allir aðeins fyrr í vinnunni og boðið er til viðburðar í mötuneytinu. Þar afhenda allir stjórnendur starfsfólki sínu jólagjafir, boðið er upp á jólalegar veitingar,

Með því að brjóta upp hversdagsleikann gefum við starfsfólki tækifæri á að skapa minningar með vinnufélögunum sem ekki tengjast þeirra daglegu verkefnum.

Sigrún Ósk Jakobsdóttir

heitt kakó og jólaöl og yfirleitt einhver skemmtiatriði. Þennan dag mæta allir í sínu jólalegasta dressi og þá eru tilkynnt úrslit í jólaskreytingarkeppninni og veitt verðlaun fyrir jólalegasta starfsmanninn. Það er mikið keppnisskap í okkar fólki og undantekning ef einhver starfsmaður er ekki í jólapeysu.“

Veisla í hvert mál

Ilmurinn í eldhúsinu er svo sannarlega lokkandi vikurnar fyrir jólin því mötuneyti Advania sér til þess að færa starfsfólki bragð af jólum frá mismunandi heimshornum allan nóvember og desembermánuð. „Þegar líður á mánuðinn ættu allir að hafa fengið kalkún og allt sem honum fylgir, hnetusteik og hamborgarhrygg, svo eitthvað sé nefnt. Þetta er að okkar mati algjört lykilatriði í því að skapa jólastemningu á vinnustað enda er leiðin að hjörtum fólks oftan ekkí í gegnum mat.“

Dagskráin er að öllu jöfnu fjöl-

breytt vikurnar fyrir jól. „Helsta breytingin í ár verður eflaust að við erum orðin betri í því að gera þeim sem sitja heima, í öðrum landshlutum eða löndum, kleift að taka þátt í dagskránni. Það er í takt við þann nýja vinnustað sem Advania er, en hér vinnur fólk þaðan sem því hentar. Við erum staðráðin í því að sveigjanleiki sé kominn til að vera og honum fylgja nýjar kröfur sem við aðlöfum okkur að. Það á við um viðburði í aðdraganda jóla líkt og allt annað sem kemur að vinnustaðnum.“

Meiri áhersla á sjálfbærni


Síðustu ár hefur áhersla fyrirtækja á sjálfbærni aukist á heimsvísu og um leið á Íslandi. „Til að mæta þeim höfum við lagt áherslu á að minnka soun. Það er alltaf erfitt að finna eina gjöf sem höfðar til 600 manns og því gefur það augaleið að jólagjafir síðustu ára hafa komið að mismiklum notum á heimilum fólks. Síðustu tvö ár höfum við gert starfsfólki kleift að velja sína eigin gjöf af gjafavef Advania þar sem er að finna gjafabréf frá margvíslegum fyrirtækjum. Við höfum lagt áherslu á fjölbreytt úrval og að ávallt sé í boði að velja sér upplifun eða gefa andvirði gjafarinnar til góðgerðarmála. Þannig teljum við okkur lágmarka soun og gefa starfsfólki okkar kost á að finna sér gjöf við hæfi. Þetta form hefur vakið mikla ánægju meðal starfsfólks okkar og er sérstaklega gaman hvað margir hafa kosið að gefa til góðgerðarmála.“ ■

Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja rétta jólagjöf fyrir starfsfólkið. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina.





Hrönn Bjarnadóttir með margvislegar útgáfur af Óskaskríninni sem er tilvalin gjöf hvort sem er á afmæli eða jólum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Spennandi upplifun fyrir starfsfólkið

Óskaskrín er frábær lausn ef þig langar að gefa sérstaka gjöf sem inniheldur skemmtilega upplifun. Óskaskrín býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir alla þá sem hafa gaman af því að láta koma sér á óvart.

Hrönn Bjarnadóttir, sölu- og markaðsstjóri, segir að Óskaskrín sé 10 ára gamalt fyrirtæki en fyrstu Óskaskrínin voru kynnt til sögunnar árið 2011. „Óskaskrín eru þemabundnar gjafaöskjur sem virka þannig að sá sem hefur eignast Óskaskrín getur valið úr fjölda ólíkra upplifana,“ segir hún. „Þannig hefur Gourmet Óskaskrín að geyma úrval veitingastaða þar sem hægt er að velja úr og borða dýrindis mat. Í Rómantik er boðið upp á gistingu á fjölda hótela með kvöldmat og morgunmat víða um land. Í Dekurstund er boðið upp á margar mismunandi dekurmeðferðir. Eins erum við með sérhannaða fyrirtækjapakka í nokkrum verðflokkum þar sem búið er að blanda saman upplifunum úr ólíkum öskjum og búa þannig til Óskaskrín með mun fleiri og fjölbreyttari valmöguleikum. Þau eru hugsuð fyrir fjölbreytta starfsmannahópa svo allir finni eitthvað við sitt hæfi. Við erum með 19 tegundir af almennum Óskaskrínunum og 5 verðflokkka í fyrirtækjapökkunum okkar,“ upplýsir Hrönn og bætir við:

Mikil fjölbreytni

„Sá sem fær Óskaskrín að gjöf velur einn af valmöguleikum sem í boði eru, bókar sína upplifun hjá þjónustuaðilanum, mætir svo á staðinn og greiðir með því að afhenda gjafakortid við komu á hótelið, á veitingastaðinn, á snyrtistofuna eða allt í takt við þá tegund af Óskaskríninni sem viðtakandinn fékk að gjöf.“



Hrönn segir að sérstada Óskaskrín sé hin mikla fjölbreytni og hið mikla val sem handhafi öskjunnar hefur. „Óskaskrín er ekki eins og hefðbundið gjafakort sem gildir einungis á einn tiltekinn stað. Óskaskrín er hægt að nota á mörgum stöðum og er því ólíkt öllu því sem er í boði á markaðnum. Við höfum líka bent á að þó svo að einum eða fleiri stöðum sé lokað þá sjáum við til þess að ætíð séu til staðar margir valkostir að velja úr og við erum stöðugt að bæta við nýjum samstarfsaðilum. Við veljum samstarfsaðila okkar af mikilli kostgæfni því við viljum vera örugg um að handhafi Óskaskrínins fá ætíð góðar viðtökur þegar hann mætir til að njóta. Við erum líka ótrúlega stolt að segja frá því að upplifun korthafa er nánast undantekningarlaust góð og samstarf okkar við alla okkar samstarfsaðila er mjög gott,“ segir hún. „Við höfum orðið vör við mikla aukningu í því að fyrirtæki gefi

Óskaskrín til starfsmanna sinna, bæði sem jólagjafir og aðrar tækifærissgjafir. Óskaskrín er til dæmis frábær jólagjöf fyrir stór fyrirtæki með fjölbreyttan starfsmannahóp þar sem gjöfin gefur starfsmanninum val á milli fjölmargra ólíkra valkosta í stað þess að geta aðeins valið um eitt eins og er venjan með hefðbundin gjafabréf. Við bjóðum fyrirtækjum upp á að sérmerkja öskjurnar með lógó og litum fyrirtækisins ásamt persónulegri kveðju að eigin vali. Eins eru kortin öll með sérstakt heimasvæði á heimasíðunni okkar þar sem hægt er að skoða alla valmöguleikana. Þessar gjafir hafa notið mikilla vinsælda. Eins bjóðum við nú í fyrsta sinn upp á inneignarkort með tiltekinni fjárhæð að eigin vali hjá sérvöldum verslunum og þjónustuaðilum.

Glaðningur og bröns

Öll Óskaskrínin okkar seljast mjög vel. Af hefðbundnum Óskaskrín-

Eins og sjá má er hægt að velja um marga góða kosti með Óskaskríninni. Hvort sem það er út að borða, gisting á góðu hóteli eða dekur.

Með Óskaskríninni er verið að gefa upplifun, upplifun sem á að skilja eftir sig fallegar minningar um stund og stað og hlýlegar hugsanir til þeirra sem gáfu gjöfina.

stöðum, hótélum, snyrtistofum og fyrirtækjum í ferðaþjónustu sem mörg hver hafa verið að berjast í bökkum vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Með Óskaskríninni er verið að gefa upplifun, upplifun sem á að skilja eftir sig fallegar minningar um stund og stað og hlýlegar hugsanir til þeirra sem gáfu gjöfina.

Öll Óskaskrín koma í fallegri öskju og inni í henni er gjafakortid sjálft ásamt handbók með lista yfir alla valmöguleikana sem í boði eru. Við bjóðum einnig upp á að senda Óskaskrín beint til þess sem á að fá gjöfina og getum bæði pakkað fallega inn ásamt því að senda persónulega kveðju með gjöfinni. Starfsmenn Óskaskrínins veita ráðgjöf um val á hinni fullkomnu gjöf.“ ■

Óskaskrín fæst í öllum verslunum Pennans Eymundsson og Hagkaups. Einnig á oskaskrin.is. Boðið er upp á heimsendingu hvert sem er á landinu og innan 24 klst. heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu. Hægt er að sækja og kaupa á skrifstofunni að Suðurlandsbraut 30, 4. hæð. Til að fá nánari upplýsingar um fyrirtækjapakka er best að senda tölvupóst á info@oskaskrin.is

Ný og hreint mögnuð gestasýning væntanleg

Gjafabréf frá FlyOver Iceland er jólagjöf sem hittir alltaf í mark og er ávísun á gleði, undrun og alvöru ævintýri.

„Við hjá FlyOver vitum hversu strembið það getur verið að velja rétta jólagjöf fyrir fjölbreyttan hóp fólks,“ segir Valgeir Bjarnason, sölustjóri FlyOver Iceland. „Tveir miðar í FlyOver Iceland eru skemmtun sem hentar öllum aldurshópum og við fáum ítrekað umsagnir um að sýningin fari fram úr væntingum gesta. Það þykir okkur alltaf frábært að heyra.“

Nýjar og magnaðar sýningar

FlyOver Iceland er grunnsýning sem er alltaf í boði.

„Íslandsmyndin hefur verið sýnd í Vancouver og Las Vegas við frábærar viðtökur. Hún var meðal annars tilnefnd sem ein af bestu flugsýningum í heimi af Blooloop, fagtímariti í heimi skemmtigarða. Myndin okkar er að stóru leyti íslensk framleiðsla, enda voru það heimamenn sem völdu staðina sem flogið er yfir og sömdu tónlistina undir. Við einblinum mikið á hálendið í myndinni okkar enda er landslagið ótrúlega fjölbreytt og ég sé eitthvað nýtt í hvert sinn sem ég horfi á hana,“ segir Valgeir.

Nú í vetur tekur FlyOver einnig til sýninga The Real Wild West, sem er nýjasta sýning FlyOver Attractions.

„Ég mana lesendur til að finna sýnishorn úr þeirri sýningu á YouTube; hún verður mögnuð. Þar er meðal annars flogið yfir ýmis svæði í Arizona, Utah og Kaliforníu og landslagið er stórfenglegt,“ upplýsir Valgeir.

„Gjafabréfin okkar gilda á allar



Valgeir Bjarnason er sölustjóri FlyOver Iceland.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Það þyrfti bæði súperjeppa og þyrllu til að ferðast eins og fuglinn fljúgandi yfir stórbrotið landslagið sem blasir við í sýningum FlyOver.

MYND/ADSEND



Já, það er svo sannarlega satt. Gjafabréf frá FlyOver er ótrúleg upplifun.

sýningar þannig að þeir sem hafa þegar komið á Íslandsmyndina geta þá nýtt sinn miða á gestasýningararnar. The Real Wild West sýnum við fram á vor og er von á annarri gestasýningu næsta haust.“

Gott aðgengi fyrir alla

Hjá FlyOver er mikið lagt upp úr góðu aðgengi og í húsakynnum fyrirtækisins komast allir í gegnum sýninguna.

„FlyOver Iceland er sýndarflug-sýning á heimsmælikvarða og við viljum að allir geti notið hennar.

Fyrir flest okkar er þetta líka besta leiðin til að sjá hálendi Íslands í návgi, enda þyrfti maður bæði súperjeppa og þyrllu til að sjá suma staðina í myndinni okkar,“ segir Valgeir.

Miðar afhentir í gjafbréfsformi

Valgeir segir sum fyrirtæki byrja að hugsa um jólagjafirnar í júlí en hjá flestum viðskiptavinum FlyOver hefst sú vinna í október.

„Við getum afgreitt pantanir hratt og höfum undanfarin jól verið að klára törnina á Þorláksmessu. Það er aldrei of seint að redda jólagjöfunum hjá FlyOver en auðvitað best að vera tímanlega. Flestir vilja fá gjafabréfin í umbúðum enda er skemmtilegra að afhenda pakka þannig og umbúðirnar okkar eru prentaðar á endurunninn pappír.“

Fyrirtæki geta haft samband við söludeild FlyOver í síma 527 6700 eða með tölvupósti á netfangið sales@flyovericeland.is.

Sáttmáli um samveru

Vinkonurnar Guðrún Tinna Thorlacius, Margrét Leifsdóttir og Ragnheiður Arngrímsdóttir hafa skapað skemmtilegar draumagjafir sem koma á góðri heimilis-sátt og gæðasamveru fyrir fjölskyldu og vini.

thordisg@frettabladid.is

„Hugmyndin fæddist rétt fyrir jólin í fyrra og spannst út frá umræðum okkar um hvað væri mikilvægast í lífinu. Við vorum allar sammála um að það væru ekki veraldlegir hlutir heldur minningar og samverustundir með þeim sem okkur þykir vænt um,“ segir Margrét Leifsdóttir, arkitekt og heilsuarkitekt.

Margrét er ein þriggja vinkvenna sem fengu hugmynd að nýstárlegri tækifærisgjöf sem þær nefna Glettu.

„Gletta er sáttmáli um samveru í formi plakats; samveru sem er uppbyggileg og skemmtileg og jafnvel heilsueflandi líka. Glettan er ákveðin, tímasett og undirrituð af gefanda, sem skrifar líka á Glettuna fyrir hvaða tíma hún á að framkvæmast,“ útskýrir Tinna Thorlacius, hómópati og markþjálfari. „Þetta er akkúrat gjöfin fyrir þá sem eiga allt og líka fyrir þá sem vita ekki hvað þeir eiga að gefa.“

Vel úthugsuð gjöf gleður

Til eru tvær tegundir af Glettum. Lítil Gletta sem inniheldur eina glettilega góða samveru og stór Gletta sem inniheldur fjórar mismunandi Glettur.

„Þar er til dæmis Glettilega góður greiði, sem er góðgerða-



Margrét, Ragnheiður og Tinna, höfundar Glettunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Gletta er sáttmáli um skemmtilega og uppbyggilega samveru.

Gletta sem gefur tækifæri fyrir gefanda og þiggjanda að gera eitthvað saman í þágu annarra, eins og góðverk eða greiða. Þá geta systkini til dæmis gefið foreldrum sínum matarboðs-Glettu. Þá mæta þau heim til foreldra sinna og halda fyrir þau matarboð, sem foreldrar bjóða vinum sínum í. Það er gæðasamvera fyrir systkini og snilldargjöf fyrir foreldrana,“ segir Ragnheiður Arngrímsdóttir, ljósmyndari og lífsráðgjafi.

Þær stöllu segja Glettuna ólíka



Leikmannaskipulagið góða sem kemur í veg fyrir nöldur og tuð.

öllum öðrum gjöfum því hún hvetji til jákvæðra verka og er auk þess tvíhlíða gjöf sem gleður bæði þá sem gefa og þiggja.

„Við gafum til dæmis ungum frændum okkar frisbí-Glettu í jólagjöf í fyrra. Innfalið var að fara saman í frisbígolf og hafa kósíkvöld á eftir. Þetta er ein af bestu gjöfum sem við höfum gefið því það er svo nærandi að umgangast fólkið sitt, en oft gefur maður sér ekki nægan tíma í það,“ segir Margrét.

„Gletta kemur þeim sem fá hana þægilega á óvart. Maður getur annað hvort ákveðið hana fyrir fram, eða leyft þiggjandanum að velja hvaða Glettu hann óskar sér því Glettunni fylgir skemmtilegur hugmyndabanki,“ upplýsir Tinna.

Þær Margrét, Ragnheiður og Tinna eru sammála um að sælla sé að gefa en þiggja.

„Það er alveg klárt, og með Glettunni veitir maður viðkomandi athygli, gefur honum nærandi samverustund með þér og skapar góðar minningar saman. Glettur eru jafn videigandi á milli vina og fjölskyldu en eru líka frábær vinnustadagjöf, því hvað gæti verið betra en að fá glettilega góða upplifun með okkar nánustu? Þannig gæti vinnustaður gefið gjafabréf í skemmtilegri upplifun þar sem allir fá að njóta sín og skapa góðar minningar,“ segir Ragnheiður.

„Það hlýjar manni að innan að fá vel úthugsuð og sniðuga jólagjöf frá vinnunni, og enn betra þegar gjöfin getur glatt alla fjölskylduna,“ bætir Tinna við.

Líðsheild í húsverkum

Senn koma jól og fæðst hefur ný gjöf hjá þeim lagskonum, eða Leikmannaskipulagi.

„Sem foreldrar hugsum við oft hvernig okkur tókst að klúðra uppeldinu þar sem börnin eru ekki alltaf virkir þátttakendur í húsverkunum. Þar kemur Leikmannaskipulagið til sögunnar, svo við foreldrarinn séum ekki alltaf með ábyrgð á því að leika allar stöður sem manna þarf innan heimilisins. Ég get jú alveg tekið vörnina og séð algjörlega um miðjuna, en svo þarf ég líka að sjá um að skora mörkin,

Með góðu leikmannaskipulagi skapast tækifæri til að sleppa við nöldur og tuð. Er hægt að fá betri jólagjöf en það?

Guðrún Tinna Thorlacius

og það er ekki einu sinni fagnað!“ segir Margrét hlæjandi um tilurð Leikmannaskipulagins.

„Með leikmannaskipulaginu eru stöðurnar, eða verkefni á heimilinu, gerð sýnileg og allir leikmenn fá úthlutað fimm verkefnum sem þeir festa upp á skipulagið og ákveða hvenær þeir vilja framkvæma þau. Það er tvennt sem er lyklatríði í þessu; skipulagið er sýnilegt því það hangir á áberandi stað á heimilinu, og hver og einn velur hvenær hann vill sinna sínum hlutverkum. Þannig hvetjum við til ábyrgðar,“ útskýrir Ragnheiður.

Tinna er sannfærð um að heimilisfólk yrði sátt við að fá aukin heimilisstörf í jólagjöf.

„Með góðu leikmannaskipulagi er hægt að skapa öflugan líðsheild þar sem hver liðsmaður sinnir sínu hlutverki og þannig skapast tækifæri fyrir foreldra að sleppa við nöldur og tuð. Er hægt að fá betri jólagjöf en það?“

Hægt er að nálgast Glettur og Leikmannaskipulag í versluninni Mix Mix á Langholtsvegi 62, Pixlum á Suðurlandsbraut 52 og í gegnum Facebook-síðuna Gletta. ■

ELKO auðveldar valið á starfsmannagjöfum

ELKO býður upp á fyrirtækjafjórðungu sem getur séð um að velja og skaffa starfsmannagjafir fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Þar býðst frábært verð, gríðarlegt úrval og góð og persónuleg þjónusta.

„Við þjónustum fyrirtæki um allt land með öll raftæki og höfum unnið mikið fyrir verktaka, sem og bæði minni og stærri fyrirtæki,“ segir Stefán Pétur Kristjánsson, umsjónarmaður fyrirtækjafjórðungu ELKO. „Við bjóðum upp á persónulega og faglega þjónustu, frábært verð og gríðarlegt vöruúrval, en á heimasíðunni okkar er ekki tæmandi listi yfir allt sem við bjóðum upp á, því við höfum aðgang að stærsta heimilis- og raftækjalager á Norðurlöndunum, sem er 108 þúsund fermetrar.“

Með lausnir fyrir öll fyrirtæki

„Þegar fyrirtæki leita til okkar til þess að fá aðstoð við starfsmannagjafir byrjum við á því að að fá að vita hversu margir starfsmenn vinna hjá fyrirtækinu og þann verðpunkt sem fyrirtækin miða við,“ segir Stefán. „Við vinnum svo út frá því og getum bent á ymsar gjafir sem henta hverju sinni. Við getum líka hjálpað þeim óákveðnu að velja gjafir ef þess er óskað.“

Svo fer þetta bara eftir fyrirtækjum og hve rausnarleg þau vilja vera, ELKO býður upp á vörur á öllum verðbilum sem ættu að henta flestum fyrirtækjum,“ segir Stefán. „Við tökum svo á móti vöruskilum allt til 30. janúar 2022 og ef fólk er óvíst með hvort það vilji eiga vöruna eða ekki, þá virkar skilaretturinn þannig að það getur prófað vöruna en fengið henni skipt ef það er ekki ánægt.“

Við getum líka boðið upp á innpökkunarþjónustu gegn vægu gjaldi ef fólk hefur áhuga á því, það þarf bara að hafa samband og þá græjum við það,“ segir Stefán.

„Það skiptir miklu máli að huga að þessum jólagjöfum og panta þær tímanlega, sérstaklega fyrir stærri fyrirtæki, því það er töluvert um vöruskort í raftækjaheiminum um þessar mundir og því getur verið erfitt að útvega kannski 300 eintök af sömu vöru með litlum eða engum fyrirvara,“ útskýrir Stefán.

Úrval af frábærum vörum

„Það eru nokkrar vörur sem okkur langar sérstaklega að vekja athygli á því við teljum þær sérlega hentugar sem fyrirtækjagjafir,“ segir Stefán. „Þetta er auðvitað bara brot af þeim vörum sem við höfum sérvalið sem heppilegar fyrirtækjagjafir og við hvetjum alla til að kynna sér úrvalið nánar á elko.is.“

■ **Lefrik töskurnar** fást í mörgum stærðum og gerðum, allt frá snyrtitöskum til bakpoka og þær eru á verðbilinu 2.995-18.995 kr. Þetta eru líka umhverfisvænar vörur, því töskurnar eru gerðar úr endurunnum efnum,“ segir Stefán.

■ **Chilly's Series 2 flöskurnar** eru svo ný og endurbætt útgáfa af klassískri hönnun sem hefur slegið í gegn. Góð vatnsflaska er auðvitað klassísk gjöf og þessar halda köldu í 24 tíma og heitu í 12 tíma,“ segir Stefán. „Flöskurnar eru líka á frábærum verðpunkti sem allir ráða við.“

■ **Discmania Active Frisbigolf startpakkinn** inniheldur allt sem þú þarft til að byrja á þessari skemmtilegu útvíst,“ segir Stefán. „Frisbigolf er



Stefán Pétur Kristjánsson, umsjónarmaður fyrirtækjafjórðungu ELKO, segir að ELKO bjóði upp á lausnir í fyrirtækjagjöfum sem henta öllum gerðum fyrirtækja.

MYND/ADSEND



Lefrik töskurnar fást í mörgum stærðum og gerðum og eru gerðar úr endurunnum efnum.



Meater Plus kjöthitamælirinn hefur 50 metra drægi og tengist beint við snjallsímaforrit.

Discmania Active Frisbigolf startpakkinn inniheldur allt sem þarf til að byrja að stunda þessa skemmtilegu íþrótt.



Chilly's Series 2 flöskurnar halda köldu í 24 tíma og heitu í 12 tíma.



JBL Flip 5 ferðahátalarnir eru ótrúlega seigir og gefa frá sér frábært hljóð.

Ninja Foodi 2-i-1 Power Nutri blandarinn hefur öflugan mótór og hefur slegið í gegn.



þægileg og skemmtileg íþrótt sem er stunduð utandyra og hentar öllum og þá sérstaklega fjölskyldum. Þessi íþrótt er að verða sífellt vinsælli og í dag eru komnir upp góðir frisbigolfvellir víða um land.

■ **JBL Flip 5 ferðahátalarnir** eru ótrúlega seigir og gefa frá sér frábært hljóð. Þeir henta líka mjög vel fyrir þá sem eru á ferðinni því þeir eru vatnseldir og rafhláðan endist vel,“ segir Stefán. „Þessir hátalarnar eru fánlegir í sjó mismunandi litum.“

■ **Meater Plus kjöthitamælirinn** kemur í sérlega smekklefum umbúðum, hefur 50 metra drægi og tengist beint við snjallsímaforrit, þannig að notendur geta fylgst með kjötinu úr sófanum,“ segir Stefán. „Mælirinn lætur svo vita þegar kjötið nær réttu hitastigi.“

■ **Ninja Foodi 2-i-1 Power Nutri blandarinn** hefur öflugan 1.100 vatta mótór og er tilvalinn fyrir smoothie-skálar. Þetta er frábær blandari sem hefur slegið í gegn hjá okkur,“ segir Stefán. „Honum fylgja líka tvö ferðamál sem er hægt að hafa með sér og þola uppþvottavél.“

■ **Samsung Galaxy Buds2** eru þráðlaus heyrnartól sem veita hágæða hljóð,“ segir Stefán. „Þau hafa líka skvettuvörn, sem þýðir að þau þola svita og rigningu og rafhláðan endist í tæplega 30 tíma. Heyrnartólin fást líka í fjórum litum.“

Samsung Galaxy Buds2 eru þráðlaus heyrnartól sem hafa góða endingu og veita hágæða hljóð.



Ótal leiðir til að bæta starfsandann

Góður starfsandi skiptir gríðarlegu miklu máli. Sífellt fleiri fyrirtæki eru farin að leggja aukna áherslu á gæði starfsandans enda mikilvægur hluti af fyrirtækjamenningu að starfsfólki líði vel í vinnunni.

sandragudrun@frettabladid.is

Dröfn Guðmundsdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum, segir skipta öllu máli að fólki líði vel í vinnunni og starfsandinn sé góður.

„Það eru ótal leiðir sem hægt er að fara til að bæta andann, en í mínum huga er það langhlaup að byggja upp sterka fyrirtækjamenningu og starfsumhverfi sem laðar fram það besta í starfsfólki. Mikilvægur hluti í sterkri fyrirtækjamenningu er að starfsfólki líði vel í vinnunni, að það sé í verkefnum sem það hefur gaman af, hafi tækifæri til að læra og þroskast og að það ríki traust og virðing í starfsmannahópnum. Svo er alltaf gott fyrir starfsandann að gera skemmtilega hluti saman og að fólk trúir að vinnan þess hafi tilgang. Sérstaklega þegar hluti starfsmanna vinnur heima, þá er enn mikilvægara að hlúa vel að félagslega þættinum,“ segir hún.

Dröfn segir hægt að fara fjölbreyttar leiðir til að hafa jákvæð áhrif á starfsumhverfið.

„Ein af þeim er að eiga í góðum samskiptum við starfsfólk og fá þau með í lið og að ýta undir frum-



kvæði þeirra. Það koma oft frá-bærar hugmyndir frá starfsfólkinu. Eitt dæmi í vinnunni hjá mér er að starfsmaður kom með hugmynd um að fá nuddara reglulega í hús og tókum við vel í þá hugmynd og það gleður sannarlega að hafa aðgengi að nuddara af og til á vinnutíma,“ segir hún.

Dröfn segir að á hennar vinnu-

stað, en hún er framkvæmdastjóri mannauðssviðs hjá Origo, séu gerðar púlsmælingar í hverjum mánuði þar sem starfsfólk er spurt um starfsandann. Niðurstöðurnar hafa verið góðar úr mælingunum en ef þær lækka er strax gripið inn í og rætt í sameiningu um hvað er hægt að gera til að bæta hann.

„Óflugt félagslíf er líka gott til að

Dröfn Guðmundsdóttir segir hægt að fara fjölbreyttar leiðir til að bæta starfsanda.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

brjóta upp á hversdagsleikann. Það getur verið svo margt, til dæmis fræðsluerindi með kaffinu um málefni sem brenna á starfsfólkinu, alls kyns klúbbar í kringum áhugamál starfsfólks og fjölbreyttir viðburðir. Á mínum vinnustað eru starfsmannaviðburðir aftur að fara í gang eftir að slakað var á samkomutakmörkunum og því mikið um að vera. Fram undan er meðal annars hakaþon sem við köllum ofurhetjudaga, þar sem við ætlum að gefa starfsfólki tækifæri á að þróa nýjar lausnir á 24 tímum. Svo eru alls kyns pop up-viðburðir fram undan með tónlist, kræsingum og leikjum. Starfsmannafélagið skipuleggur fjölbreytta viðburði á hverju ári eins og hrekkjavöku og árshátíð sem mikill metnaður er lagður í,“ segir hún.

Áskorun að finna gjöf

Aðspurð um hvort gjafir til starfsfólks um jól skipti máli fyrir starfsandann segir Dröfn að jólagjafir gleðji að sjálfsögðu.

„Það er gaman að þiggja en það er líka gaman að gefa. Það er hægt að fara fjölbreyttar leiðir til að gleðja. Það getur verið áskorun að finna gjöf sem fellur í kramið ef um stóra fjölbreytta hópa er að ræða. Þess vegna hefur mér þótt mjög sniðugt að gefa tvo valkosti. Það er auðveldara í útfærslu en maður heldur að gefa fólk val og það er mín reynsla að það vekur meiri lukku. Svo eru komnar leiðir sem hjálpa manni við að útfæra slíkt

Það er gaman að þiggja en það er líka gaman að gefa. Það er hægt að fara fjölbreyttar leiðir til að gleðja.

Dröfn Guðmundsdóttir

val eins og hjá YAY sem eru með opin gjafabréf sem hafa slegið í gegn,“ segir Dröfn.

„Á mínum vinnustað höfum við í gegnum árin prófað ýmislegt, bæði vörur frá okkar verslun, útivistarfatnað, matarkörfur, hótelligingu og margt fleira. Við búum svo vel að vera með frábært vöruúrval í verslun okkar og oftast gefum við starfsfólki nokkra valkosti og þá höfum við alltaf með sem valkost að starfsfólk geti keypt vörur frá okkur, sem er oftast vinsælasti valkosturinn. Síðan gefst starfsfólkinu okkar einnig kostur á að taka þátt til dæmis í samstarfsverkefni með Rauða krossinum – og þá erum við að gleðja aðra með því að kenna til dæmis á tölvur í Afríku.“ ■



Gjafabréf í Vök Baths og á Vök Bistro eru frábærar gjafir
vokbaths.is



Fjölbreytt skemmtun í jólapakkann

Fyrirtækjagjafir Smárabíós hafa slegið í gegn síðastliðin ár. Í boði er fjölbreytt skemmtun fyrir alla aldursþópa. „Við sérsníðum gjafabréf í bíó, leiktækjasali, leisertag og fleira,“ segir Lilja Ósk, rekstrar- og markaðs stjóri kvikmyndahúsa Senu.

Bíógjafabréf í kvikmyndahúsi Senu hafa verið vinsæl í fjölda ára en gjafabréfin gilda á allar kvikmyndir í Smárabíói, Háskólabíói og Borgarbíói. „Við bjóðum upp á fjölbreytt bíógjafabréf sem má tengja saman við aðra afþreyingu Smárabíós. Vinsælt hefur verið hjá fyrirtækjum að taka gjafabréf fyrir tvo eða jafnvel fjóra, með eða án veitinga, ýmist í almenna bíósalí eða lúxussalinn í Smárabíói. Bíógjafabréfin hafa verið mjög vinsæl frá stærri fyrirtækjum sem langar að gera vel við starfsfólk sitt.“

Lúxussalurinn í Smárabíói er fremstur í sínum flokki hér á landi. „Hann rúmar 66 manns í fyrsta flokks hægindastólum og gengur á einum besta myndvarpa í boði í dag; Lazer 4K frá Barco. Innifalið í lúxussalarmiða er miðstærð af poppi og gosi eða drykk á bíóbarnum.“

Fjölbreytt skemmtun

Smárabíói er stórskemmtilegt svæði og mun meira en bara venjulegt bíó. „Ásamt fyrsta flokks bíósölum er þar spennandi skemmtisvæði með fjölbreytta og spennandi afþreyingu eins og karaoke, lasertag, sýndarveruleika, leiktækjasal og rafíþróttir. Fyrir tveimur árum síðan byrjuðum við að bjóða upp á gjafabréf í afþreyingu Smárabíós þar sem fólk kaupir sérgjafabréf í hverja afþreyingu fyrir sig. Einnig höfum við boðið upp á vinsæla fjölskyldupakka sem innihalda bíóferð með poppi og gosi og svo klukkutíma leiktækjakort fyrir alla fjölskylduna. Þessir pakkar hafa verið mjög vinsælir í fyrirtækjagjafir.“

Frá og með nóvember verður svo hægt að kaupa inneignarkort í alla afþreyingu Smárabíós. Handhafi gjafabréfsins getur þá valið um hvernig hann vill verja sínum tíma, hvort sem það er í bíóferðir, sýndarveruleika, lasertag eða annað,“ segir Lilja. „Við erum að taka á móti fólki á öllum aldri á skemmtisvæði Smárabíós, allt frá 6 ára upp í 60 ára og jafnvel eldra. Á daginn er vinsælt fyrir börn og foreldra að mæta saman og hafa gaman í leiktækjasalnum, kíkja í lasertag eða aðra skemmtun. Seinni partinn og á kvöldin er svo vinsælt fyrir þór og hópa að koma og skemmta sér saman.“

Í Smárabíói eru tveir lasertagsalir. „Þá erum við með tvenns konar byssur, annars vegar léttari byssur fyrir yngri krakka og þyngri fyrir eldri kynslóðina.“

Við bjóðum að auki upp á fjölbreytt úrval af leikjum í sýndarveruleika. Allt frá flóttaleikjum í sýndarveruleika þar sem allt að sex geta spilað saman. Til dæmis er fólk kannski í Forn-Egyptalandi og þarf að vinna saman að því að leysa þrautir og vísbendingar til þess að sleppa út úr pýramíða. Allt að átta manns geta spilað saman í skotbardagaleikjum sem eru í raun eins og lasertag, nema fólk er þá stadd í miðri framtíðarborg eða jafnvel í neðanjarðarbyrgi. Þá erum við með spennandi ævintrýraleiki fyrir yngri kynslóðina.“

Hópefli fyrir ólík fyrirtæki

Fyrirtæki geta nýtt sér bíósalí og skemmtisvæði Smárabíós fyrir ýmiss konar samhristinga



Sýndarveruleiki er ein af fjölmörgum afþreyingarmöguleikum Smárabíós. Lasertag er líka sýnsælt. MYND/ADSEND



Smárabíói býður upp á fjölbreytta skemmtun fyrir alla aldurshópa, frá 6 ára upp í 60 ára. MYND/ADSEND



Lasertag er stórskemmtilegt fyrir unga sem aldna. Byssurnar eru í tveimur þyngdum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Lilja Ósk Diðriksdóttir er rekstrar- og markaðsstjóri kvikmyndahúsa Senu og segir gjafabréf Smárabíós vera frábæra gjöf fyrir starfsmenn fyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Lúxussalurinn í Smárabíói er eðal dæmi fyrir þá sem vilja hafa það náðugt í bíó. Nóg pláss, mjúkir hægindastólar og fyrsta flokks hljóð og mynd. MYND/ADSEND

fyrir starfsfólk sitt. „Núna eftir sumarið hrúgast inn bókanir fyrir alls konar spennandi samhristinga fyrirtækja. Við bjóðum upp á sérsníðna pakka í hópefli fyrirtækja og höfum tekið við allt frá 10 manns upp í 300 manna hópa. Þá er til dæmis hægt að leigja bíósal og halda þar kynningu fyrir starfsfólk eða sýna því nýjar auglýsingar fyrirtækisins. Svo er tilvalið að halda yfir á skemmtisvæðið í mat, drykk og hópefli. Hópeflið okkar kallast leikjameistarinn og þar er öllum skipt niður í hópa sem svo keppa sín á milli. Það eru ýmsir leikir í boði eins og þythokki, körfubolti og margt fleira. Svo er sígilt fyrir hópinn að enda í karaoke. Við bjóðum svo fyrirtækjum einnig upp á að leigja allt svæðið undir samhristinga, ráðstefnur eða fjölskyldu- og skemmtidaga.“ ■

Smárabíói býður fyrirtækjum góðan magnafslátt af gjafabréfum og er hægt að nálgast tilboð frá okkur með því að senda á smarabio@smarabio.is.



MEIRI UPPLIFUN

Bókaðu þína upplifun á www.smarabio.is



Gómsætar gjafir

SÉRVALDIR ÍSLENSKIR OSTAR OG MEÐLÆTI

Veldu milli níu mismunandi ostakarfa og bættu við annarri matvöru, víni eða gjafavöru.

Frábær gjöf til viðskiptavina eða starfsmanna.



Kíktu á ms.is og skoðuðu úrvalið - einfalt og fljótlegt.



Íris Sigurðardóttir, sem hefur yfirumsjón með ostakörfugerðinni, heldur hér á veglegri ostakörfu með úrvali af mygluostum, Óðalsostum, rjóma- og kryddosti ásamt meðlæti.

MYNDIR/ÞSENDAR

Ostar eru gómsætar jólagjafir

Ostar eru sívinsælir á veisluborðum yfir hátíðarnar. Ostakarfa með íslenskum ostum er kærkomin gjöf sem gleður og sómir sér vel á veisluborðum landsmanna á aðventunni og um jól og áramót.

Mjólkursamsalan býður sem fyrr upp á fjölbreytt úrval ostakarfa til fyrirtækja og einstaklinga. Í ár verður sú nýjung að boðið er upp á sérhönnun viðskiptavina á Ostakassann vinsæla, sem gerir gjöfina enn persónulegri.

Ostar eiga alltaf við

Litrík og falleg gjafakarfa með íslenskum ostum og sérvöldu meðlæti hefur fyrir löngu fest sig í sessi enda gómsætt og vinsælt gjöf með eindæmum. Fólk vill gera vel við sig um jólin og hittir gjarnan víni og ættingja og þá getur komið sér vel að eiga osta á ostabakkann. „Allar körfurnar frá MS innihalda vinsæla mygluosta úr Dölunum á borð við Camembert, Kastala og Brie. Til viðbótar eru bragðgóðir rjóma- og kryddostar ásamt meðlæti. Eftir því sem körfurnar eru stærri fjölga ostunum,“ segir Íris Sigurðardóttir, sem hefur yfirumsjón með ostakörfugerðinni hjá MS.

Ostar vinsælir til fyrirtækjagjafa

„Við bjóðum upp á níu staðlaðar ostakörfur í ár. Stærri og veglegri körfurnar innihalda enn fleiri og fjölbreyttari bragðgóða dýrari osta eins og Audi, Gullost og Óðals Tind. Kjöt, sælgæti og ostanasl er einnig að finna í sumum stærri körfunum í ár, en við leggjum sérstaka áherslu á að bjóða upp á breitt úrval í magni og verði svo allir geti fundið gjöf við hæfi,“ segir Íris. Hún bætir því við að vinsældir ostakörfugjafabréfa séu sífellt að aukast en slík gjafabréf gefa viðtakendum tækifæri til að panta körfu og sækja þegar þeim hentar, hvort sem er fyrir jólin eða á nýju ári.

Sérhönnun á Ostakössum í boði

Íris vekur athygli á þeirri nýjung í ár að fyrirtæki sem kaupa að lágmarki 30 Ostakassa geta með litlum aukakostnaði látið prenta sína hönnun á umbúðirnar og persónulega kveðju innan á lokin í stað jólakorta, sem vinsælt er að láta pakka með. Ostakassarnir eru afar hentugir til pósthlutninga og radast vel í þeim tilfellum sem fólk er að kaupa margar gjafir og keyra



Nýjung frá MS í ár er að bjóða upp á sérhönnun á ostakössum, hvort sem er framan á kassann eða jólakveðja innan á lokið.

Við bjóðum upp á níu staðlaðar ostakörfur í ár. Stærri og veglegri körfurnar innihalda enn fleiri og fjölbreyttari bragðgóða dýrari osta eins og Audi, Gullost og Óðals Tind. Kjöt, sælgæti og ostanasl er einnig að finna í sumum stærri körfunum í ár.

þær út sjálf. Pöntunarfrestur á sérhönnuðum Ostakössum er 15. nóvember en almennt á hefðbundnum körfum er tveggja daga afgreiðslufrestur hið minnsta.

Nýjung fyrir jólin er umhverfisvænni körfur og kassar

Viðskiptavinum býðst að fá ostakörfur úr pappa í stað bastkarfa, en pappakörfurnar og öskjurnar eru umhverfisvænni en bastkörfurnar auk þess sem þær eru framleiddar hér á landi. „Við höfum orðið vör við að fólk veit ekki hvað það á að gera við bastkörfurnar og því höfum við fjölgað pappalausnum, sem auðvelt er að endurvinna,“ bætir Íris við.

Séróskir og viðbætur

„Það er mjög algengt að fyrirtæki vilji bæta vörum eins og víni, bók, jólakveðju eða öðru í körfurnar og það er bara sjálfsagt að verða við því,“ segir Íris. „Það er viðskiptavinum að kostnaðarlausu, það er enginn viðbótarkostnaður bætist við þá vinnu sem því fylgir. Við viljum veita góða þjónustu og þetta er liður í því.“

Við bjóðum einnig upp á litla ostahnífaöskjur til að gera körfurnar enn veglegri. Starfsfólk söludeildar MS er boðið og býið að aðstoða viðskiptavinum við val á körfum og innihaldi. Þá má einnig benda á að það er í boði að setja saman eigin körfur. Við höfum það að leiðarljósi að í öllum körfunum, óháð stærð þeirra, er hugað sérstaklega vel að fjölbreyttu úrvali osta og meðlætis og að ostarnir parist vel á ostabakka,“ segir Íris.

Ostakörfuverslun

Ostakörfuverslun hefur verið opnuð á vefnum ms.is þar sem nálgast má allar upplýsingar um körfurnar og innihald ásamt því hvernig best er að haga pöntunarferli. Íris segir að ostakörfuverslunin hafi farið í loftið fyrir stuttu og að þegar séu pantanir farnar að berast.

„Það er greinilegt að fólk ætlar að vera snemma á ferðinni með undirbúning jóla ári í ár og það er alveg óhætt að mæla með gómsættum ostakörfum í jólapakkann í ár.“ ■

Magnaðar jólagjafir

fyrir starfsfólkið



.origo.

Gjafahugmyndir

Við höfum tekið saman nokkrar frábærar gjafahugmyndir til að auðvelda þínu fyrirtæki leitina. Auk magnafsláttar gilda afsláttarkjör viðskiptavina Origo einnig við kaupin.



Bose NC700
Dráðlaus noise
cancelling heyrnartól
með raddstýringu.

Verð: **64.900 kr.**



**Bose Quiet
Comfort Earbuds**
Magnaðir þráðlausir
noise cancelling
heyrnartappar.

Verð: **46.900 kr.**




Sony 1000XM4
Margverðlaunuð
þráðlaus noise
cancelling heyrnartól.

Verð: **59.990 kr.**



**Bose SoundLink
Revolve II**
Glæsilega hannaður
Bluetooth hátalari með
360° hljómi.

Verð: **32.900 kr.**



Sony Extra Bass
Ótrúlega nettur vatns-
og rykheldur þráðlaus
hátalari.

Verð: **16.990 kr.**



**Lenovo Tab
M10 Plus 4G**
10,3" spjaldtölva með
4GB minni og 64GB
gagnaplássi.

Verð: **49.900 kr.**



Mikilvægt er að huga snemma að pöntunum vegna seinkana á vöruflutningum til Íslands.

Hafðu samband við okkur í sala@origo.is eða í síma
516 1200 og við hjálpum þér að finna réttu jólagjafirnar.

Borgartúni 37, Reykjavík • Hvannavöllum 14, Akureyri

.origo.

Gjöf sem er gefin í þakkarskuld

Jólin eru tími kærleiks, gleði og gjafa. Flest fyrirtæki halda starfsfólki sínu gleðskap í aðdraganda jóla, hvort sem það er hátíðlegur bróns eða jólahlaðborð með tilheyrandi skemmtun. Þá er ógleymd jólagjöfin frá vinnunni, en þar getur verið þrautin þyngri að velja gjöf sem hittir í mark.

thordisg@frettabladid.is

Tímaritið Forbes segir frá könnun sem fyrirtækið Instantprint gerði árið 2018. Í henni voru 1.500 einstaklingar sem unnu á skrifstofu spurðir hvað þeir vildu helst fá í jólapakkann frá vinnunni.

Niðurstöður sýndu að 94 prósent starfsfólksins vildu gjöf sem sýndi að það væri fyrirtækinu mikils virði. Þar af vildu 29 prósent gott og gagnlegt gjafabréf, en 29,8 prósent vildu fá að hætta fyrr í vinnunni. Önnur 20 prósent óskuðu sér ókeypis aðgangs að barnum í jólapartíi vinnunnar og tíu prósent sögðust verða ánægðust með áþreifanlega gjöf, á meðan sjö prósent vildu að fjármunir í þeirra nafni yrðu gefnir til góðgerðarmála.

Könnunin leiddi ýmislegt fleira í ljós. Fólk innan ólíkra deilda fyrirtækja dreymdi um mismunandi gjafir. Þriðjungur þeirra sem unnu við upplýsingatekni þráðu að komast fyrr úr vinnunni en aðrir starfshópar. Forystulið, eða stjórn-



endur, vildi frekar en aðrir sjá fé í sínu nafni gefið til góðgerðarmála, eða tíu prósent á móti sjö í heildarúrtakinu. Sumir voru spenntir fyrir persónulegum gjöfum, á meðan aðrir vildu að fyrirtækið gæfi öllu starfsfólkinu það sama.

Efst á óskalistanum reyndist vera áfengi (38%), súkkulaði (28%), kaffibollar (26%), ritföng (4%) og snyrtivörur (4%).

Verstu gjafirnar voru svo álitnar vera sokkar (52%), að gleymast og fá enga gjöf (26%), sápur (15%), ódýr vínflaska (5%) og þrjú prósent sögðust beinlínis hata að fá sturtusápu í jólagjöf frá vinnunni.

Þegar niðurstöður könnunarinnar lágu fyrir, sagði James Kinsella, framkvæmdastjóri Instantprint: „Eithvað jafn einfalt og að mega hætta fyrr í vinnunni, fá ókeypis vín í jólaveislunni eða gjafabréf sem nýtist starfsfólkinu vel, gefur því tilfinningu um að vinnuveitandinn kunni að meta það. Það eitt og sér getur svo hressst verulega upp á mórallinn, aukíð tryggð starfsfólks við vinnuveitandann og afköst í vinnunni.“

Besta gjöfin lifir fram yfir jól John Ruhlin, höfundur bókarinnar Giftology, er af sumum talinn

Því fylgir alltaf mikil tilhlökkun og spenningur að fá jólagjöfina frá vinnunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

gæti þó verið flaska af fágætri vintegund til vináhugafólks.

■ Gjafabréf er vissulega auðveldur kostur þegar kemur að jólagjöf en það getur falið í sér skilaboð til þiggjenda um að fyrirtækið hafi ekki undirbúið sig vel eða nennt að velja betri eða þýðingameiri jólagjöf til starfsmanna.

Um niðurstöður könnunar Instantprint sagði Ruhlin:

„Ástæða þess að starfsfólk nefnir gjafakort eða opinn bar í jólapartíinu, er að það setur markið lágt eftir slæmar jólagjafir fyrri ára, enda erfitt að klúðra gjafakorti.“

Besta jólagjöfin að mati Ruhlin er sú sem hægt er að deila með fjölskyldunni eða maka. Gjöf sem lifir áfram þótt jólin séu búin; sem er ekki æt en sannarlega vel þegin. Sem dæmi hefur Ruhlin gefið ígrafna og vandaða eldhúshnífa, en þá má ekki grafa lógó vinnuveitandans í stálið heldur persónuleg skilaboð, til dæmis: „Handunnið af natni og alúð fyrir Guðmund og Guðrúnu.“ Það er gjöf sem sýnir að í hana var lögð hugsun.

„Ef fyrirtæki vill virkilega sýna starfsfólki sínu velþóknun þá er gott að hafa í huga gjafir sem gefnar eru á öðrum tímum árs. Að gefa starfsmanni jólagjöf er eins og að gefa ástinni sinni gjöf á Valentínusardag. Hennar er vænst og hún ber þess merki að vera gefin í þakkarskuld,“ segir Ruhlin. ■



HÁTÍÐARKÖRFUR GRILLMARKAÐARINS

Tilvalið til jólagjafa eða bara til að njóta sjálfur
Sérhönnuð körfur fyrir hvert fyrirtæki eða einstakling

PAKKI 1 - 19.900 KR.

- Gjafabréf á Grillmarkaðnum 10.000 kr.
- Tindur frá Ostakjallaranum
- Blandaðar sultur
- Parmesan rósmarín kex
- Léttreykt bleikja frá Haukamýri
- Sinnepssósa
- Miðey carpaccio
- Gæsa- og kjúklingalifarmús
- Kryddpylsa Grillmarkaðsins
- Zenato Olivo olía
- Zenato Balsamico
- Lavasalt
- Dumle súkkulaði tart
- Zenato Alanera rauðvín



PAKKI 2 - 25.990 KR.

- Gjafabréf á Grillmarkaðnum 15.000 kr.
- Tindur frá Ostakjallaranum
- Blandaðar sultur
- Parmesan rósmarín kex
- Léttreykt bleikja frá Haukamýri
- Sinnepssósa
- Miðey carpaccio
- Gæsa- og kjúklingalifarmús
- Kryddpylsa Grillmarkaðsins
- Zenato Olivo olía
- Zenato Balsamico
- Lavasalt
- Dumle súkkulaði tart
- Zenato Alanera rauðvín
- Zenato Pinot Grigio hvítvín



PAKKI 3 - 34.900 KR.

- Gjafabréf á Grillmarkaðnum 20.000 kr.
- Tindur frá Ostakjallaranum
- Truffluostur frá Ostakjallaranum
- Blandaðar sultur
- Parmesan rósmarín kex
- Léttreykt bleikja frá Haukamýri
- Sinnepssósa
- Miðey carpaccio
- Gæsa- og kjúklingalifarmús
- Sveitapaté Grillmarkaðsins
- Kryddpylsa Grillmarkaðsins
- Zenato Olivo olía
- Zenato Balsamico
- Lavasalt
- Dumle súkkulaði tart
- Zenato Alanera rauðvín
- Zenato Ripassa rauðvín



LÉTTVÍN
FYLGR
FRÍTT MEÐ

GJAFABRÉF Á ALLT
AÐ 30% AFSLÆTTI
MEÐ PÖKKUM



blómavali HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG



Gjöf fyrir heimilið

Rafrænt gjafakort í Húsasmiðjunni
og Blómavali er gjöf sem nýttist

Fæst í öllum verslunum okkar

Stjórnendur þurfa að hlusta



Elin
Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Steinunn Inga Stefánsdóttir hjá Starfsleikni starfar mikið með starfsfólki og stjórnendum. Hún segir velliðan í tengslum við vinnuna alltaf hafa skipt máli og þannig verði það áfram. Heilbriggt vinnuumhverfi þar sem fólk upplifir skilning, sanngirni og áhrif, sé lykilatriði.

Steinunn var spurð hvort það skipti máli að umbuna starfsfólki með einhverjum hætti. Hún svarar því að mjög mikilvægt sé að leiðtogar og stjórnendur fyrirtækja þekki starfsfólkið sitt, viti hvað hver og einn upplifir sem umbun og finnst hvetjandi og sanngjarnt.

„Ekki rjúka til, jafnvel með miklum tilkostnaði, og gera eitthvað sem á að vera óvænt eða skemmtilegt, sem fólk kann síðan ekki að meta. Það skapar bera svekkelsi fyrir alla. Flestir vilja finna að álit þeirra skipti máli og að vinna þeirra og framlag sé virt í stóru myndinni. Að finna tilgang með verkefnum og fyrirhöfninni felst í að rætt sé „hvers vegna erum við að þessu?“ og finna áhrifin „hvaða máli skipti það að ég mætti, eða gerði þetta í dag?“. Eins skiptir sérlega miklu máli að upplifa að velliðan og heilsa sé metin að verðleikum og að ekkert verk eða vandamál sé þess virði að farna heilsunni fyrir,“ segir hún.

Gleðistundur eftir Covid
Steinunn segir að það sé enginn

Steinunn segir að flestir starfsmenn vilji að álit þeirra skipti máli og að vinna þeirra og framlag sé virt. Eins skiptir sérlega miklu máli að upplifa að velliðan og heilsa sé metin að verðleikum. Eftir Covid sé sérstaklega mikilvægt að gera eitthvað saman. **FRÉTTA-
BLAÐID/EYÞÓR**



GJAFAKORT BESTSELLER

FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



GJAFAKORT

Gjafakortið er fánlegt í öllum verslunum
BESTSELLER í Kringlunni og Smáralind.

Kortið kemur í fallegum umbúðum
og er sannarlega gjöf sem gleður.

VILA VERO MODA name it

JACK & JONES

SELECTED
FEMME / HOMME

vafi að nauðsynlegt sé að gera eitthvað fyrir starfsfólkið núna eftir heimsfaraldur. „Eins og ávallt þá þarf að taka tillit til þess að ekki hafa allir sama smekk og því þarf að hlusta á fólkið. Suma þyrstir í fjöruga hittinga, sameiginlegt stuð og gleði, aðra í ljúfari og rólegri tækifæri til að gleðjast og eiga stund saman. Það skiptir máli fyrir flesta að eiga góðar stundir með góðum vinnufélögum,“ útskýrir Steinunn og bætir við: „Útsjónarsemi skiptir máli í bylgjunum og mun gera það áfram, einnig háð starfsemi, staðsetningu og samsetningu hópa,“ segir hún.

Þegar Steinunn er spurð hvort streita sé algengari á vinnustöðum þar sem lítið er gert fyrir starfsmenn, svarar hún: „Það fer eftir því hvað við meinum með „lítið gert fyrir“. Streita er gjarnan afleiðing þess að starfsmenn séu undir of miklu álagi í of langan tíma, með of litla stjórn á aðstæðum og skorti á stuðningi. Þannig að svar mitt litast af því að fólki líður best þegar það hefur hæfilega mikið að gera, upplifir að það hafi áhrif og finnur skilning og stuðning í sínum aðstæðum. Þar sem fólk upplifir of mikið álag, of litla stjórn og skort á skilningi og stuðningi, má búast við aukinni streitu og aukinni vanlíðan, jafnvel þótt gaman sé á glæsilegu jólahlaðborði, keilukvöldi, eða jólagjöfin sé flott gjafakort í streitulosandi slökunarnudd,“ segir hún.

Góðar fyrirmyndir

„Vinnuveitendur þurfa að taka streitu og kulnunareinkenni alvarlega. Þess vegna þarf leiðtoga sem eru góðar fyrirmyndir og sýna heilsusamlegar áherslur í verki með lausnamiðaðum samtölum og ákvörðunum. Það þarf að skapa menningu þar sem er talað um velliðan, vanlíðan, streitu og þreytu sem verkefni til að hlúa að, en ekki veikleika þeirra sem þjást.“

Steinunn segir að hjá sér eins



Þar sem fólk upplifir of mikið álag, of litla stjórn og skort á skilningi og stuðningi, má búast við aukinni streitu og aukinni vanlíðan, jafnvel þótt gaman sé á glæsilegu jólahlaðborði, keilukvöldi, eða jólagjöfin sé flott gjafakort í streitulosandi slökunarnudd.

Steinunn Inga Stefánsdóttir

og mörgum öðrum hafi starfsemi færst mikið í fjarfundi í kjölfar Covid. „Það opnuðust líka aukin tækifæri fyrir landsbyggðina að leita til mín í handleiðslu og stuðning. Í handleiðslunni og einkatímunum finnst mér vandamál sem tengjast streitu og kulnun vera orðin viðurkenndari enda er umræðan í þá veru. Það hefur til dæmis aukist að stjórnendur hitti mig til að fá handleiðslu og sækja sér verkfæri til að koma í veg fyrir óþarfa streitu eða kulnun sinna starfsmanna, en ekki bara að sá streitti hitti mig til að leita úrbóta.“

Ég finn að viðurkenning á mikilvægi þess að finna heilsusamlegar lausnir er til staðar.“

Hlutverkatogsteita

Þegar Steinunn er spurð nánar um vandamál tengd streitu og kulnun, svarar hún: „Það vantar ótrúlega

oft skýrleika, samtöl og samþykki varðandi hlutverk í störfum. Hlutverkatogstreitan, eins og orðið hljómar og segir, er ótrúlega oft streituvaldur og oft hefði mátt koma í veg fyrir mikla vanlíðan og togstreitu með því að gefa sér tíma í samtali til að leysa úr togstreitu. Með samtali eykst skilningur og tilfinning um stjórn og virðingu. Þannig verð ég stundum tengiliður með því að benda á einfaldar en samt mjög áhrifaríkar lausnir sem tengjast „álagsstjórnun“ í vinnuumhverfinu, á sama tíma og ég leiðbeini fólki í sinni „streitustjórnun“ og sínu innra jafnvægi.“

Heilsa og velliðan í forgangi

Steinunn segir að almennt séu vinnuveitendur skynsamir og geri sér grein fyrir að heilbriggt vinnuumhverfi þar sem heilsa og velliðan er sett í forgang skili betri árangri. „Ég verð samt að viðurkenna að ég heyri færri stjórnendur en áður hreykja sér af því að vera fyrirmyndir sem mæti í vinnu þrátt fyrir kvef. Það eru færri óheilsusamlegar hetjusögur í gangi og umræðan um andlega líðan og heilsu fordómalausari. Viðhorf og venjur breytast með bylgjum, til dæmis er Covid talið hafa fengið marga til að lita meira inn á við og að því sem raunverulega skiptir máli, svo sem heilsunni, lífsstílnum og sínum nánustu,“ segir hún.

„Viðhorf og venjur eru líka undir áhrifum kynslóða, en yngsta fólkið er talið líklegra til að velja starfsvettvang og vinnusamfélag sem styður við og betrubætur þann lífsstíl og lífsgæði sem fólk kys sér, en ekki öfugt. Kannski verður það kynslóðin sem fer síður í þrot. Enda á fólk ekki að sætta sig við vinnuskipulag sem tekur toll af heilsu þess og lífsgæðum. Það er aldrei þess virði að farna heilsunni eða lífsgæðunum á kostnað vinnunnar, sama hversu tilgangsrík og mikilvægt vinnan er.“ ■

NOMY

VEISLUÞJÓNUSTA

GJAFAKÖRFUR

LÚXUSKARFA · SÆLKERAKARFA · KLASSÍSK GJAFAKARFA
JÓLAGJAFAKARFA · HAPPY HOUR KARFA

TILVALIN JÓLA OG TÆKIFÆRISGJÖF FYRIR FYRIRTÆKI OG EINSTAKLINGA.

KÍKTU Á ÚRVALIÐ Á NOMY.IS



List við allra hæfi

Í Gallerí Fold við Rauðarárstíg er að finna mikið úrval myndverka eftir þekktu íslenska listamenn sem eru vinsæl til gjafa. Listaverk standast oftar en ekki tímans tönn og verða jafnvel enn verðmeiri þegar fram líða stundir.

„Mikil gróska er í myndlistinni þessa dagana og gaman að sjá hve margt nýtt og ungt listafólk er að hasla sér völl í senunni. Það er ekki síður gaman að sjá hve fólk vinnur að listsköpun sinni í fjölbreytta miðla. Nú á tímum má allt og lista-fólkið sem selur hjá í galleríinu vinnur jafnt í teikningu, málun, stafrænni tækni, ljósmyndum, keramik, textíl og fleiru. Í Gallerí Fold ættu því sannarlega allir að finna eitthvað við sitt hæfi,“ segir Maddý Hauth, sýningarstjóri gallerísins.

„Hér fyrir nokkrum árum voru ýmiss konar smáverk vinsæl gjafavara en þróunin hefur verið sú að fólk vill frekar færri og stærri verk og þá verða alls konar prentverk oft fyrir valinu. Við eigum til að mynda alltaf prent í takmörkuðu upplagi eftir Kristjönu Williams, Harald Bilson og fleiri listamenn sem eru mjög vinsæl, jafnt í gjafir sem og í beinni sölu inn á heimili fólks. Öllum verkum sem keypt eru í beinni sölu er svo velkomið að skipta og því hafa þiggjendur úr miklu að velja ef verkin falla ekki að smekk þeirra,“ segir Jóhann Ágúst Hansen, framkvæmdastjóri Gallerís Foldar.

Gjafabréf láta drauma rætast

Í Gallerí Fold er einnig hægt að fá gjafabréf að hvaða upphæð sem er. „Það er ekki síðri kostur,“ segir Jóhann. „Gjafabréf Gallerís Foldar renna aldrei út og þau má nota jafnt í ný verk, á uppboðum þar



Maddý Hauth, sýningarstjóri Gallerís Foldar, segir alla geta fundið list við sitt hæfi í galleríinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

sem eldri perlor koma aftur á markaðinn eða í innrömmun. Þá nota margir gjafabréf til að kaupa stærri og dýrari verk en annars hefði verið möguleiki.“

Jóhann Ágúst bendir á að oft hafi fólk lengi dreymt um að eignast stærri verk eftir ákveðna listamenn, til dæmis oliu- eða vatnslitaverk.

„Það hefur svo ekki endilega passað inn í heimilisbókhaldið á hverjum tíma, en gjafabréf getur brúað bilið og gert fólki kleift að láta drauminn rætast,“ segir Jóhann og tekur fram að það sé afskaplega gaman að hjálpa fólki að finna rétta



Jóhann Ágúst Hansen, framkvæmdastjóri Gallerís Foldar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

”Fólk hefur oft dreymt um að eignast stærri verk eftir ákveðna listamenn en það hefur ekki endilega passað inn í heimilisbókhaldið á hverjum tíma. Gjafabréf brúar bilið og getur gert fólki kleift að láta drauminn rætast.

Jóhann Ágúst Hansen

verkið enda sé list svo persónuleg upplifun á margan hátt.

Þá býður gallerið fólki einnig að kaupa verk með kaupleigu-fyrirkomulagi sem er algjörlega vaxtalaust.

Gjafir oft nýttar í stærri verk

Jóhann greinir frá því að sum fyrirtæki hafi fyrir síð að gefa öllum starfsmönnum verk eftir sama listamanninn við ákveðin tækifæri, svo sem stórafmæli eða hjónavígslu.

„Þá verður oft þekktur og vinsæll listamaður fyrir valinu sem flestir eru ánægðir með. Sumir starfsmennirnir hafa þó nýtt gjöfina sem innborgun á stærri verk sem þeir hefðu kannski annars ekki haft ráð á. Við leggjum mikið upp úr þessum sveigjanleika og tókum vel á móti öllum.“ ■

Gallerí Fold er á Rauðarárstíg 12-14. Sími 551 0400.

Netfang fold@myndlist.is. Skoðið úrval listaverka hjá Gallerí Fold á gallerifold.is

Gjafabjónustufyrirtæki spretta upp

Ný gerð af þjónustufyrirtækjum hefur sprottið upp í kjölfar heimsfaraldursins og verið í miklum vexti. Þetta eru gjafabjónustufyrirtæki sem sérhæfa sig í að sjá um gjafir fyrir fyrirtæki.

oddurreyfr@frettabladid.is

Sífelld fleiri sprotafyrirtæki eru að spretta upp sem bjóða fyrirtækjum upp á að sjá algjörlega um fyrirtækjagjafir fyrir þau. Hugmyndin er að fylla upp í eyðuna sem myndaðist þegar fyrirtæki hættu að geta dreift varningi á alls kyns viðburðum, að minnka sounina sem fylgir fyrirtækjagjöfum sem lítill áhugi er fyrir og að hjálpa fyrirtækjunum að gefa betri og persónulegri gjafir. Fjallað var um vöxt þessa geira nýlega í viðskiptablaðinu Wall Street Journal og víðar.

Sjálfbærni breytir nálguninni

Merkktir stuttermabolir, skrif-blokkir og margnota þokar eru hefðbundnar fyrirtækjagjafir sem hafa lengi fylgt alls kyns ráðstefnum vestanhafs og samkvæmt auglýsingafyrirtækinu Advertising Specialty Institute eyddu norður-amerísk fyrirtæki tæplega 26 milljörðum dollara í kynningarvarning árið 2019, áður en heimsfaraldurinn breytti öllu.

Á sama tíma hefur áherslan á sjálfbæra viðskiptahætti aukist, sem hefur orðið til þess að fyrirtæki vilja ekki lengur kaupa einhverja eina gjöf handa öllum í



Ný tegund þjónustufyrirtækja er farin að sjá um fyrirtækjagjafir fyrir önnur fyrirtæki. Sum þeirra hafa vaxið hratt að undanförunu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

miklu magni, því fólk hendir eða gleymir oft slíkum gjöfum, sem því hvorki vantar né langar í.

Ný gerð af þjónustu verður til

Því hafa sum fyrirtæki leitað til gjafabjónustufyrirtækja, sem sérhæfa sig í að sjá um fyrirtækjagjafir og geta dreift gjöfum og ráðið við flækjustigið í stórtækum gjafaafendingum. Leiðandi gjafabjónustufyrirtæki hafa vaxið gríðarlega hratt að undanförunu og safnað mjög miklu fjármagni.

Sum þessara fyrirtækja nota gervigreind til að velja gjafir handa fólki. Þau leyfa líka oft fyrirtækjunum sem leita til þeirra að velja úr lista af gjöfum og senda svo gjafirnar fyrir þau til viðskiptavina

eða starfsfólks. Stundum fá viðtakendurnir líka að skipta gjöfinni út fyrir aðra áður en hún er send í pósti, ef ske kynni að gjafavalið hefði ekki heppnast sem best. Í sumum tilfellum fá viðtakendur líka að velja um að gefa verðgildi gjafarinnar til góðgerðarmála.

Sum gjafabjónustufyrirtæki eru líka með þannig kerfi að fyrirtæki geta gefið fólki með ólíkan starfsaldur eða stöðu ólíkar gjafir og þá lesa gjafabjónustufyrirtækin einfaldlega upplýsingar úr starfsmannaskrá og nota þær til að sniða gjafir eftir þörfum. Þessar sömu upplýsingar er líka hægt að nota til að setja upp gjafakerfi tengt afmælum eða öðrum áföngum.

Gjafabjónustufyrirtæki eru svo

» Hugmyndin er að fylla upp í eyðuna sem myndaðist þegar fyrirtæki hættu að geta dreift varningi á alls kyns viðburðum, að minnka sounina sem fylgir fyrirtækjagjöfum sem lítill áhugi er fyrir og að hjálpa fyrirtækjunum að gefa betri og persónulegri gjafir.

oft með samstarf við stórar heildverslanir til að geta bæði tryggt góð verð og mikið úrval, þannig að öll fyrirtæki geti gefið gjafir við hæfi.

Gjafabjónustufyrirtæki græddu vel á takmörkunum vegna heimsfaraldursins og mörg fyrirtæki, þar á meðal sum af þeim stærstu í heiminum eins og Microsoft, fengu aðra til að sjá um þann hausverk að safna saman gjöfum og senda þær í pósti heim til fólks.

Sumum finnst það kannski virka ópersónulegt að fá aðra til að sjá um gjafir á þennan hátt en það er oft erfitt að velja gjöf fyrir þá sem maður þekkir, hvað þá ókunnuga, og því er kannski betra að fá sérfræðinga í verkið. Þessar gjafir

snúast líka fyrst og fremst um hugulemi og að rækta sambönd, en ekki endilega að hitta í mark með hinni fullkomnu gjöf.

Mikill vöxtur í geiranum

Hingað til hafa gjafabjónustufyrirtæki að mestu verið að senda gjafir heim til viðtakenda, en þau vilja líka bjóða upp á þjónustu sína á viðburðum þar sem fólk kemur saman.

Fyrirtækið Alyce, sem óx um 300% milli árána 2019 og 2020, hefur til dæmis hannað kort fyrir viðskiptavinum sínum með leiðbeiningum um hvernig viðtakendur geta valið sér gjöf á netinu og fengið hana senda til sín. Snappy er annað fyrirtæki sem hefur náð mikilli velgengi á þessu sviði undanfarið, en tekjur fyrirtækisins áttfölduðust árið 2020. Það gefur út skafmiða sem er hægt að skafa til að sjá hvaða gjöf maður fær og ef fólk vill er líka hægt að skipta henni fyrir aðra á vef fyrirtækisins og svo fá hana senda til sín.

Svona þjónusta er ódýrari fyrir fyrirtæki en gömlu venjurnar, segir yfirmaður hjá Snappy, vegna þess að þau þurfa ekki að borga fyrir gjafir sem eru ekki nýttar.

Gjafabjónustufyrirtæki fá líka mikið af fyrirsprungnum frá fólki sem vill fá þau til að sinna persónulegum gjöfum til vina og fjölskyldu og fyrir vikið eru sum þeirra farin að íhuga að færa út kvíarnar. Svona gjafabjónustur gætu því endað með því að hasla sér völl víðar en bara í fyrirtækjagjöfum. ■



Það tekur tíma að baka og skreyta jólasnákökur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bakstursdagur

thordisg@frettabladid.is

Á sumum vinnustöðum er hefð fyrir því að gefa starfsfólki auka frídag á aðventunni, svokallaðan bakstursdag. Það er vel þegin gjöf sem launþegar nota til að eiga stresslausa stund heima við í aðdraganda jóla, með börnum sínum, fjölskyldunni, eða sjálfu sér, til að vinna að tímafrekum þáttum jólaundirbúningsins, eins og flóknum bakstri tertubotna og smákaka, lagterta, vínarterta, vínleginna ávaxtarterta og til dæmis konfektgerðar, eða hvað eina gömsætt sem hægt er að verja ljúfum bakstursdegi í til að setja á veisluborð jólanna.

Þeir sem gætu svo grætt á bakstursdegi vinnufélaganna eru þeir sem fá að smakka smákökusort eftir annasaman bakstursdag og víst er að starfsfólkið verður himinsælt og þakklátt fyrir þá gjöf sem bakstursdagurinn er, og mætir því brosandí, sælt og í jólaskapi til vinnu á ný. Það er líka sæt hugmynd á vinnustöðum að gefa vinnufélagunum rafrænan glaðning í formi uppskriftar af uppáhaldsjólaköku fjölskyldunnar og kannski sýnishorn með. ■



Ljúffengur hummus með rauðri ristaðri papriku er ljúffengur.

Hummus með rauðri papriku

starri@frettabladid.is

Hollur og næringarríkur hummus á vel við á aðventunni. Hér er einföld uppskrift sem er tilvalin að bjóða vinnufélagum upp á.

Hummus með rauðri papriku

[2 rauðar paprikur, fræhreinsaðar og skornar til helminga.](#)

[1 dós kjúklingabaunir](#)

[1 hvítlauksgeiri](#)

[3 msk. tahini](#)

[2 msk. sitrónusafi](#)

[1 tsk. reykt paprika](#)

[½ tsk. salt](#)

[½ tsk. svartur pipar](#)

[2 msk. góð olífuolía](#)

Bakið paprikurnar í ofni við 200°C í 20-25 mín. Kælið og afhýðið. Setið papriku í blandara ásamt kjúklingabaunum, hvítlauk, tahini, sitrónusafa, reyktri papriku og salti og pipar. Blandið saman þar til mjúkt. Bætið olíunni rólega út í þar til blandan er rjómakennð. Skreytið með mjög smátt saxaðri rauðri papriku, smá olíu og jafnvel steinselju. ■

Sitrónu- og gulrótarkaka fyrir vinnufélagana

elin@frettabladid.is

Þessi góða kaka er bökuð í ofnskúffu og hentar því vel til að hafa með sér í vinnuna og gleðja starfsfélagana í kaffitímanum.

Sitrónu- og gulrótarkaka

[4 egg](#)

[4 dl sykur](#)

[2 dl repjuolía \(canola\)](#)

[200 g gulrætur, rifnar smátt](#)

[1 sitróna, börkur og safi](#)

[1 msk. lyftiduft](#)

[2 tsk. vanillusykur](#)

[2 tsk. kanill](#)

[4 dl hveiti](#)

Glassúr

[200 g hreinn rjómaostur](#)

[100 g mjúkt smjör](#)

[4 dl flórsykur](#)

[½ sitróna, börkur og safi](#)

Stillið ofninn á 180°C. Þeytið egg

og sykur þar til blandan verður létt og ljós. Bætið þá við olíu, gulrótum, rifnum sitrónubörk og safi. Því næst er sett lyftiduft, vanillusykur, kanill og hveiti og allt hrært saman.

Setjið blönduna í ofnskúffu sem er ca. 24x32 cm sem er klædd með bökunarpappír. Bakið mitt í ofninum 40-45 mínútur og látið síðan kólna í forminu. Hrærið saman allt sem á að fara í glassúrinn þar til blandan er kekkjalaus og fín. Smyrjið á kökurnar. Dragjið rákir í kremið með gaffli. ■



Gulrótarkaka er alltaf vinsæl með kaffinu. Það má setja rúsinur í hana ef óskað er en er ekki nauðsynlegt.

FAKÓ

Viltu gleðja starfsfólkið?

Þá eru sælkeravörurnar frá Nicolas Vahé tilvaldar í jólapakkann



Úrval gjafapoka með broti af því besta Kryddolíur, sölt, pestó, sultur, vinegar, chutney, trufflur, humarsúpa, bruschetta og margt fleira.



Nicolas Vahé

Sælkeravörur sem gleðja bragðlaukana

Tökum við fyrirspurnum og pöntunum í tölvupósti á fako@fako.is

FAKÓ Holtagörðum 2. h. | s: 568 0708 | fako.is | fako@fako.is  





Fallegar umbúðir skipta líka máli.

Samverustundir eru besta gjöfin

Gjafabréf hjá A4 eru tilvalin jólagjöf fyrir starfsfólkið. Í verslunum A4 er mikil breidd vara sem henta ólíku fólki. Þar má finna fönðurvörur, hannyrðavörur, hágæða ferðatöskur, spil og púsl.

Gjafakortin gilda einnig í Lego-búðinni. LEGO er klassísk og vinsæl gjöf jafnt hjá börnum og fullorðnum. Þegar haustar bíður jólahátíðin handan við hornið ásamt dýrmætum samverustundum með þeim sem okkur þykir vænt um.

„Þetta er tími sem gefur okkur hlýtt í hjartað og tengir okkur við það sem virkilega skiptir máli í lífinu. Við hjá A4 leggjum áherslu á gjafir sem bjóða upp á aukna samveru með fjölskyldunni þar sem skapandi upplifun leikur aðalhlutverkið,“ segir Sigrún Ásta Einarsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og þróunarviðs hjá A4.

„A4 er spennandi valkostur þegar kemur að gjöfum til starfsfólks og viðskiptavina eins og jólagjöfum og öðrum tækifærisgjöfum. Óskalisti starfsmanna er jafn fjölbreyttur og fólkið er margt og þess vegna verður sífellt algengara að fyrirtæki gefi gjafakort eða bjóði starfsfólkinu upp á val um mismunandi gjafir. Lykilatriði er að vera með breitt vöruúrval svo allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir Sigrún Ásta.

Verslanir A4 búa að því að vera með breitt og mikið vöruframboð, allt frá hágæða ferðatöskum frá Samsonite yfir í fönðurpakka fyrir börnin. Fyrir gjafakort hjá A4 getur áhugamannskja um hannyrðir keypt sér garn, þau sem eiga börn geta keypt vörur til að skapa samverustundir, eins og fönðurvörur, púsl og spil og listamaðurinn fær líka eitthvað fyrir sig en Sigrún segir A4 státa af góðu úrvali af vörum fyrir skapandi fólk.

„Með gjafakorti frá A4 þarftu ekki að ákveða hvað hverjum þykir best því úrvalið er nánast endalaust. Þú velur þá upp-hæð sem fyrirtækinu hentar og

Með gjafakorti frá A4 þarftu ekki að ákveða hvað hverjum þykir best því úrvalið er nánast endalaust.

Sigrún Ásta Einarsdóttir

starfsfólkið velur sem gjöf sem því hentar. Þegar fyrirtæki gefa gjafakort hjá okkur eru þau að gefa samverustundir og frítíma frá skjánum sem vill oft yfirtaka heimilislífið. Gjafakortin geta jafnvel verið afhent nokkrum dögum fyrir jöl svo starfsmenn geti nýtt þau í vörur fyrir samverustundir jólaanna, eins og spil.“

Samsonite í jólapakkann

Hvern dreymir ekki um heimsreisu, göngu um fjöll eða sælustund í sumarbústað með fallega tösku eða góðan bakpoka?

„Samsonite-töskurnar hafa undanfarnin ár verið geysivinsælar jólagjafir til starfsmanna enda Samsonite þekkt fyrir gæði og glæsileika. Má þar nefna Paradiver-línu Samsonite, sem sameinar bæði útlit og hagkvæmni og hentar einstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður. Teflonhúðað ytra byrði gerir töskuna einstaklega vatnsvarða og það er leikur einn að þrifa hana. Paradiver-bakpokarnir eru fisléttir með innbyggðu flöskuhólfi, stillanlegum axla- og bringuólum og þægilegum, stífum botni sem gerir notandanum auðveldara að pakka,“ segir Sigrún Ásta, en



Að púsla eða spila skapar góðar samverustundir fyrir fjölskylduna.

Í A4 fást Samsonite ferðatöskur í fjölbreyttum litum og stærðum.



LEGO er vinsælt hjá fólki á öllum aldri.



söluráðgjafar A4 eru tilbúnir til að aðstoða við val á réttu tóskunni.

LEGO fyrir börn og fullorðna

Auk þess að gilda í verslunum A4 gildir gjafakortið líka í Lego-búðinni í Smáralind en A4 er dreifingaraðili LEGO á Íslandi.

„Markhópur LEGO er frá 18 mánaða og upp úr. Við erum með mikið af fullorðnum forföllnum LEGO-fiklum sem koma reglulega í búðina. Enda er LEGO alls ekki bara fyrir börn,“ segir Sigrún Ásta.

A4 mun á næstu vikum bjóða upp á þá nýjung að greiða með gjafakortum í netverslun svo kortin henta núna öllum, óháð búsetu.

„Það er gott að þurfa ekki endilega að fara í verslun eða vera háð opnunartíma verslana. Með gjafakorti frá A4 þarf ekki að fara að heiman til að nýta gjöfina. Núna á tímum Covid eru ekki allir tilbúnir að fara í mannmergdina sem er í verslunum í kringum jóla og þá er gott að geta skoðað úrvalið í rólegheitum á netinu, heima í hlýrri stofunni,“ segir Sigrún Ásta.

Umbúðir skipta líka máli

Sigrún Ásta segir að rétt eins og innihaldið skipti umbúðir gjafa líka máli. „Hjá A4 er mikið úrval af fallegum gjafapokum, gjafapappír og öðrum spennandi og skemmtilegum umbúðum sem gera fallega gjöf enn fallegri.“

Fjölbreytt fyrirtækjaþjónusta

Auk gjafavöru er A4 einnig með gott úrval af skrifstofuvörum fyrir fyrirtæki og stofnanir. A4 þjónustar fyrirtæki og stofnanir af öllum stærðum og gerðum. Hjá A4 starfa reynslumiklir söluráðgjafar sem veita faglega og persónulega

Viðskiptavinir okkar hafa ólíkar þarfir en við leggjum mikla áherslu á að mæta þeim og finna hagkvæmar lausnir fyrir hvern og einn.

Bylgja Bára Bragadóttir

ráðgjöf um innkaup á skrifstofuvörum. Mikill metnaður er lagður í að veita góða og sérhæfða þjónustu.

„Viðskiptavinir okkar hafa ólíkar þarfir en við leggjum mikla áherslu á að mæta þeim og finna hagkvæmar lausnir fyrir hvern og einn. Við bjóðum upp á þjónustuheimsóknir frá söluráðgjöfum okkar sem aðstoða við að ná fram hagræðingu í innkaupum á skrifstofuvörum, óski fyrirtæki eftir því. Söluráðgjafar okkar geta líka tekið að sér að passa upp á að alltaf sé til það helsta sem fyrirtæki nota af skrifstofuvöru og prentækjum. Með því að þekkja viðskiptavini okkar getum við aðlagð vöruframboðið í takti við þeirra þarfir. Þetta samband og traust er svo mikilvægt,“ segir Bylgja Bára Bragadóttir, sölustjóri fyrirtækjaþjónustu A4.


„Þjónustuheimsóknir fara fram á þann hátt að ráðgjafinn greinir

Sigrún Ásta Einarsdóttir og Bylgja Bára Bragadóttir segja að hjá A4 sé áhersla á góða þjónustu við fyrirtæki og gjafir sem stuðla að samverustundum fjölskyldunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Gjafavara frá Umbra passar á flest heimili.



þarfir viðskiptavinarins. Hann finnur út hvers konar vörur henta starfsemi og hvað þarf að vera til af skrifstofuvörum á staðnum. Hann tryggir svo að vörurnar séu alltaf til, með því að koma reglulega á staðinn, yfirfara skápinn og fylla á það sem upp á vantar. Með þessu móti geta starfsmenn fyrirtækisins einbeitt sér að kjarnastarfsemi og þurfa ekki að hafa áhyggjur af skrifstofuvörum. Lykillinn að ánægjulegu samstarfi okkar við viðskiptavini sem nýta sér þessa þjónustu eru góð þarfagreining og heiðarleg og góð samskipti,“ segir Bylgja.

Vöruhýsing og dreifing

A4 býður einnig upp á hýsingu á ýmsum vörum fyrir fyrirtæki og stofnanir sem kjósa að öðlast góða yfirsýn á birgðastöðu, spara pláss og utanumhald.

„Það er hægt að nálgast yfirlit yfir sínar vörur á sínu vefsvæði, sem hefur mjög þægilegt viðmót. Auðvelt er að panta vörur og fá þær afhentar eftir þörfum, ásamt því að panta skrifstofuvörur í leiðinni, ef þarf. Með hýsingu sparast ýmis kostnaður, svo sem lagerhúsnæði, starfsmannahald og fleira. Best er að hafa samband við okkur og

kynna sér kosti hýsingar,“ segir Bylgja.

Hlustað á viðskiptavininn

Kraftmikill og samhentur hópur starfsmanna A4 leggur sig ávallt fram um að veita viðskiptavinum góða þjónustu, að sögn Bylgju.

„Við leggjum áherslu á að viðskiptavinir geti nálgast fyrirtækjaþjónustuna með fjölbreyttum hætti, hvort sem er í gegnum sölumenn, verslun, síma eða vef. En okkar metnaður liggur í því að viðskiptavinurinn sé ánægður,“ segir hún.

Söluráðgjafarnir hafa sitt sérsvið en hjá A4 starfar söluráðgjafi menntastofnana sem sinnir alfarið grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum og annar sem sinnir leikskólum og frístundaheimilum, svo dæmi séu nefnd.

„Viðskiptavinir okkar eru bæði stærri og smærri fyrirtæki, bæði opinber fyrirtæki og fyrirtæki í einkageiranum. Þarfir viðskiptavina okkar eru því eðli málsins samkvæmt ólíkar, en við svörum því með breiðu úrvali og góðri þjónustu,“ segir Bylgja og bendir á að allar upplýsingar um þjónustuna megi finna á vefsíðunni a4.is/ fyrirtaekjathjonusta. ■

í A4 er gott úrval fyrir listamanninn.

Plastlausar jólagjafakörfur með sælkeravörum

Plastlausu matarkörfurar frá Matarbúðinni Nándinni innihalda matvörur frá fyrir-tækinu og fjölda íslenskra smáframleiðenda. Úrvalið er mjög mikið og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Matarbúðin Nándin býður um þessar mundir upp á frábæra nýjung þegar kemur að fyrirtækja-gjöfum en um er að ræða plastlausar matarkörfur sem innihalda matvörur frá bæði fyrirtækinu sjálfu og öðrum íslenskum smáframleiðendum, segir Guðbjörg Lára Sigurðardóttir, markaðsstjóri Urta Islandica. „Við framleiðum sjálf sælkeragjafavörur, aðallega úr íslenskum jurtum. Þar má meðal annars nefna margs konar jurtasölt, jurtate og jurtasýróp sem hafa verið mjög vinsæl í gjafakörfur, ekki síst þær sem eru sendar til útlanda.“

Ótrúlegt úrval

Meðal vara frá íslenskum smáframleiðendum sem eru vinsælar í gjafakörfur þeirra nefnir hún frostþurrkaðar Tótuflatkókur sem eru að hennar sögn algjört sælgæti, frostþurrkaðar sprettur, sælkerasinnep frá Svövu og úrval af sælgæti frá H-Berg, Kólus og Nóa Síriusi, pakkað í fallegar margnota glerkrukkur. „Svo má ekki gleyma Fjallkonupestóinu, kryddkurli og sultum frá Pestó, Sælkerapoppi í sellófani frá Ástríki, íslensku hunangi, Rabarbaranammi og sultum frá Rabarbía, krækiberjasafa og bláberjasafti frá Íslenskri hollustu og sterku piparsósunum frá Ölverki sem innihalda íslenskan chilipipar og fullt af hnetum og kruðerí sem er pakkað á staðnum í fallegar umbúðir.“

Guðbjörg er ekki hætt og heldur

áfram að telja upp íslenskar gæðavörur frá smáframleiðendum. „Við bjóðum einnig upp á geitafetaosta og geitapaté frá Háafelli ásamt rósahlaupi og öðru blómahlaupi, sælkerapaté og pylsur frá Kjötþól, tvíreykt og grafið sauðakjöt frá Ytri-Hólmi og einnig frá Sölvanesi sem er lífrænt vottað sauðfjábú, hangireyktan silung, bleikju og lax frá Fisherman sem að sjálf-sögðu kemur í niðurbrjótanlegum vakúmpokum. Einnig alls konar jólabakkelsi og nammi sem er framleitt eða pakkað á staðnum, laufbrauð og stollen konfekt, sörur og smákökur.“

Verslun án plastumbúða

Matarbúðin Nándin er matvöruverslun rekin af fjölskyldu-fyrirtækinu Urta Islandica í hjarta Hafnarfjarðar að Austurgötu 47 og leggur áherslu á matvörur án plastumbúða. „Í stað plasts eru notaðir vakúmpokar og sellófan-pokar sem brotna niður eins og eplahýði og mega fara í heima-moltu. Einnig er vörum pakkað í margnota glerumbúðir sem má skila í búðina eftir notkun og þær fara þá í þvottastöð Matarbúðarinnar í Keflavík til endurnýtingar.“

Gott að panta tímalega

Guðbjörg á von á góðum viðtökum frá fyrirtækjum við plastlausum matarkörfum. „Við höfum áður selt fyrirtækjum og stofnunum vinsæla gjafapakka frá Urta Islandica en núna er allt orðið plastlaust og við þökkum vörum frá fleiri framleiðendum en okkur í hringrásargler og plastlaust sellófan. Bæði setjum við saman gjafakörfur sem eru með kælivörum og körfur sem innihalda vörur sem þurfa ekki kæli. Körfurnar sjálfar eru úr bylgju-



Frá vinstri eru Póra Þórisdóttir, framkvæmdastjóri og eigandi Urta Islandica, og Guðbjörg Lára Sigurðardóttir, markaðsstjóri og eigandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Plastlausu körfurnar innihalda bæði vörur frá Matarbúðinni Nándinni og frá íslenskum smáframleiðendum.



Úrval af matvörum í körfurnar er ótrúlega mikið og fjölbreytt.

pappa sem eru lokaðar með sellófani og borða, en einnig er hægt að setja vörurnar í fallega kassa. Allt úr pappa má fara í pappaendurvinnslu eða má skila til okkar og fer í endurnýtingu. Einnig er hægt að fá gjafakörfur sérmerktar með lógó fyrirtækja og kveðju.“

Hún bendir á að fyrirtæki sem hafa hug á að panta margar körfur þurfi að láta vita tímanlega svo hægt sé að tryggja vörur í körfurnar. Gott sé að miða við þöntun fyrir 1. nóvember.

Bragðgóðar nýjungar

Þrátt fyrir mikið úrval ætla Matarbúðin Nándin að auka úrvalið enn frekar á næstunni. „Helstu nýjungarnar frá okkur eru meðal annars geitarostar frá Brúnastöðum, íslenskt hampte frá Gautavík sem við þökkum í handhæga tepoka og fer vel með jurta-telínu Urta Islandica, ásamt úrvali í vegan ostum og áleggi.“

Hún segir að öll vörulína fyrirtækisins Urta Islandica muni fást plastlaus í matarbúðinni Nándinni. „Á næsta ári verður vörulína okkar sem seld er í öðrum búðum einnig orðin plastlaus því það er ekki hægt að horfa fram hjá því að plast er ómurlægt og alls ekki í tisku lengur. Við viljum öll vera umhverfisvæn og reyna okkar besta þegar við veljum hvað á að kaupa. Að lokum má nefna að við stefnum á að opna núna í desember Matarbúðina Nándina í framleiðsluhúsnæðinu okkar að Bäsvegi 10 í Keflavík og hlökkum til að kynna þar hringrásarkerfi glerumbúða sem hefur gengið vel í Hafnarfirðinum.“

Nánar á matarbudin.is.

Konur fengu naglaklippur og karlar grillsvuntu

Leynivinaleikur fyrir jólin getur verið góð leið til að hrísta samstarfsfólk saman og bæta starfsandann. Sumir upplifa leynivinaleiki þó sem kvöð og finnast mjög erfitt að finna gjafir sem hitta í mark.

sandragudrun@frettabladid.is

Sumt fólk tekur alltaf þátt í leynivinaleikjum af fullum hug og ver tíma í að finna hina fullkomnu gjöf fyrir vinnufélagann sem valinn var af handahófi. Það reynir sitt besta til að komast að áhugamálum viðkomandi og hvað myndi helst gleðja leynivinin. Þegar gjöfin er fundin, þá leggur fólk sig fram við að pakka henni fallega inn og koma henni til leynivinarins á frumlegan hátt sem vekur lukku.

Svo er sumt fólk sem fer í Tiger og kaupir það fyrsta sem það finnur sem passar í verðbilið sem var ákveðið. Það kuðlar svo dagblaði utan um gjöfina og skilur eftir á skrifborði viðkomandi án þess að reyna að fela slóð sína. Síðan eru aðrir sem skrá sig til þátttöku en gleyma svo að taka þátt. Leynivinaleikir eru einfaldlega ekki fyrir alla.

Það getur verið svekkjandi fyrir þau sem taka þátt í leynivinaleiknum af fullum hug að lenda sjálf á að fá gjöf frá einhverjum sem leggur engan metnað í leikinn. En svo eru sumir sem vanda sig við að velja gjöf sem fellur einfaldlega ekki í kramið.

Eftirfarandi eru sannar íslenskar sögur af jólagjöfum og leynivina-gjöfum sem hittu ekki alveg í mark.



„Ég var eitt sinn að vinna þar sem jólagjöf til kvenna var naglaklippisett. Þetta voru bara mjög beisik naglaklippur, hnifur, skæri, þjöl og eitthvað þess háttar. En karlmenn fengu grillsvuntu með áhöldum til að grilla. Því karlmenn klipptu greinilega ekki neglurnar á þeim tíma og konur grilluðu víst ekki. Þetta var fyrir um það bil 12 árum síðan,“ segir 42 ára kona sem starfaði hjá ónefndu fyrirtæki í Kópavogi á þeim tíma.

Önnur kona segist eitt sinn hafa fengið rauðvínslösku í leynivinaleik. „Sem hefði verið ágætis

gjöf, nema ég drekk auðvitað ekki rauðvín og ég var ólétt!“ bætir hún við og skellir upp úr.

„Ég hef líka fengið áfengi þegar ég var ólétt,“ segir fertug kona sem starfar í skóla. „Svo drekk ég hvorki te né kaffi en ég hef fengið mikið magn af kaffi, tei og súkkulaði-húduðum kaffibaunum, sem ég hef gefið áfram,“ bætir hún við.

Pakkaði hamstri í skókassa

„Eitt sinn í leynivinaleik fékk ég bananaskera, það átti að vera flott eitthvað,“ segir fjórða konan hlæjandi. „Banaskerinn hefur aldrei

verið notaður en samt er banani mikið borðaður á heimilinu.“

„Mér er minnstæðast ljósgráa flíseyrnabandið sem ég fékk þegar ég vann á ónefndu hjúkrunarheimili fyrir mörgum árum, nafnið á hjúkrunarheimilinu stóð með stórum svörtum stöfum framan á enninu. Ég notaði það aldrei,“ segir sú fimmta.

Rúmlega þrítugur maður sem vann hjá Reykjavíkurborg á sínum tíma segist hafa lagt sig fram um það ein jólin að finna út hvað leynivinarinn sem hann dró hefði áhuga á.

Hamsturinn komst aldrei til skila til leynivinarins.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

» Það getur verið svekkjandi fyrir þau sem taka þátt í leynivinaleiknum af fullum hug að lenda sjálf á að fá gjöf frá einhverjum sem leggur engan metnað í leikinn.

„Ég þekkti hana ekki mikið svo ég fór á Facebook-síðuna hennar og skrollaði langt aftur í tímunn til að komast að hvaða björtugund henni þætti góð, en við áttum að gefa eina gjöf í fljótandi formi og aðra í föstu,“ segir hann.

„Ég held hún hafi verið ánægð með gjöfina, en það var svolítið svekkjandi að sá sem dró mig gleymdi leynivinaleiknum og ég fékk ekki neitt.“

„Ég fékk snilldarhugmynd að gjöf í leynivinaleik í skólanum þegar ég var lítil. Það var hamstur sem ég pakkaði inn í skókassa,“ segir kona á miðjum aldri.

„Svo vaknaði ég við óskur í pabba og í minningunni var hann búinn að króa hamsturinn af og var bara: Þetta er ekki mús! Dýrið er með rauð augu! Gjöfin komst aldrei áleiðis og ég veit ekki hvað varð um hamsturinn.“

En þó að gjafir hittu ekki alltaf í mark þá er það auðvitað hugurinn sem gildir og ef hann er að gleðja samstarfsfólk sitt, þá er tilganginum náð ef hægt er að hlæja svolítið að gjöfinni. ■

Íslensk ullarsæng



Gæða ull af íslensku sauðfé
létt · hlý · góð öndun · vistvæn

www.lopidraumur.is



Bleiki dagurinn brýtur upp hversdagsleikann

Föstudaginn 15. október næstkomandi eru landsmenn hvattir til að bera bleiku slaufuna, klæðast bleiku og lýsa upp skammdegið með bleikum ljóma svo allar konur sem hafa greinst með krabbamein finni stuðning landsmanna og samstöðu.

sjöfn@frettabladid.is

Undanfarin ár hefur Krabbameinsfélag Íslands verið með árvekni- og fjáröflunaráttak sem ber yfirskriftina Bleika slaufan og er Bleiki dagurinn einn liður í því. Fjölmargir vinnustaðir, bæði fyrirtæki og stofnanir, hafa tekið þátt undanfarin ár og hafa notað tækifæri til að sýna samstöðu og um leið gleða starfsmenn sína með uppákomum og veitingum í tengslum við Bleika daginn. Margir bíða þessa dags með eftirvæntingu og njóta þess að brjóta upp hversdagsleikann með þessum hætti um leið og góðu mál-efni er lagt lið.

Kræsingar sveipaðar bleiku sem gleða auga og munn

Á bleika deginum er hægt að gera heilmargt til að taka þátt, það þarf ekki að vera flókið eða dýrt. Til dæmis er hægt að skipuleggja bleikt morgunkaffi eða bleikt hádegisverðarboð í vinnunni og allir gætu til að mynda komið með eitthvað á hlaðborð. Enn fremur er hægt að koma fólki á óvart með bleikum glaðningi en fjölmörg fyrirtæki leggja málefnið lið með því að bjóða upp á ýmiss konar kræsingar með bleiku ívafi. Til að mynda eru mörg bakarí og kökukræsingabúðir sem baka og skreyta bollakökur og kökur í tilefni dagsins. Einnig er tilvalið að klæðast einhverju bleiku í tilefni dagsins eða hreinlega setja eitthvað bleikt á borðið. Bleik blóm lífga upp á tilveru eða hvað eina sem fólki dettur í hug að gera. Sé tíminn naumur má líka leita til þeirra fjölmörgu fyrirtækja sem leggja Bleiku slaufunni lið með bleiku góðgæti og töfra fram kræsingar með bleiku ívafi fyrir starfsmenn.

Mynda gleðina í bleika minningabankann

Síðastliðin ár hefur það færst í aukana að fyrirtæki og stofnanir taki þátt og sendi Krabbameinsfélaginu skemmtilegar, bleikar myndir af sér, vinnufélögum og bleikum sælkeraveislum sem



Það má skreyta kökurnar á misjafnan hátt á Bleika daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

slegið hefur verið upp í tilefni dagsins. Krabbameinsfélagið hefur hvatt alla til að senda sér myndir frá þessum degi á netfangið bleika-slaufan@krabb.is og jafnframt sett myndirnar inn á fésbókarsíðu félagsins sem og aðra miðla eins og Instagram.

Þá er upplagt að merkja myndirnar #bleikaslaufan.

Berglind Hreiðarsdóttir, einn vinsælasti köku- og matarbloggari landsins, sem heldur úti síðunni Gotteri og gersemar, gotteri.is, deilir hér með lesendum einni uppskrift að gómsætum bleikum Cinnabon-kanilsnúðum sem eiga vel við á Bleika deginum fyrir unga sem aldna.

Bleikir „Cinnabon“ kanilsnúðar

[670-700 g Polselli 00 hveiti](#)
[1 pk. þurrger \(11,8 g\)](#)
[120 g smjör \(+ til að smyrja formið\)](#)
[250 ml nýmjólk](#)
[100 g sykurl](#)
[1 tsk. salt](#)
[2 egg \(pískuð\)](#)
[2 tsk. vanilludropar](#)

Setjið hveiti og þurrger í hræri-vélarskálina og blandið saman (haldið eftir hluta af hveitinu þar til í lokin). Bræðið smjórið í potti og hellið síðan mjólk, sykri og salti saman við og hrærið þar til ylvogt. Hellið saman við hveitiblönduna



og hrærið með króknum á meðan. Bætið eggjum og vanilludropum saman við og síðan restinni af hveitinu ef þurfa þykir. Egg eru misstór og því þarf mismikið hveiti. Setjið hveiti þar til deigið hnoðast vel saman en er samt frekar blautt í sér, þó ekki þannig að það festist við lófana. Náið því þá úr hrærivélinni og hnoðið saman í höndunum, penslið skál með matarolíu og veltið deiginu upp úr henni, plastið og leyfið að hefast í um 45 mínútur. Fletjið þá út á hveitistráðum fleti í um 40 x 50 cm og smyrjið kökuform/eldfast mót sem er um 25 x 35 cm að stærð vel með smjöri.

Fylling

[220 g púðursykurl](#)
[3 msk. kanill](#)
[100 g smjör við stofuhita](#)

Smyrjið útflatta deigið jafnt með smjöri. Blandið saman sykri og kanil og dreifið yfir deigið. Rúllið

upp frá lengri endanum, skiptið niður í 12 einingar og radið í formið. Plastið að nýju og leyfið að hefast aftur í um 45 mínútur. Bakið þá við 180°C í um 20-25 mínútur eða þar til snúðarnir verða vel gylltir. Leyfið snúðunum að standa í um 15 mínútur áður en kremið er sett á þá.

Bleikt rjómaostakrem

[100 g rjómaostur við stofuhita](#)
[60 g smjör við stofuhita](#)
[200 g flórsykurl](#)
[1 tsk. vanilludropar](#)
[Salt af hnífsoðdi](#)
[Bleikur matarlitur \(sé þess óskað\) og kökuskraut](#)

Þeytið saman rjómaost og smjör. Bætið flórsykri saman við í nokkrum skömmtum, skafið niður á milli. Bætið salti og vanilludropum við í lokin ásamt matarlit, sé þess óskað og smyrjið yfir volga snúðana ásamt því að strá kökuskrauti yfir. ■

Það væri ekki amalegt að bjóða upp á svona ljúffenga bleika snúða á Bleika daginn.

Sparaðu tíma og fyrirhöfn - Gefðu gjafakort Bónus



Aha.is býður upp á fjölbreytt úrval gjafabréfa sem henta vel sem tækifæris- eða jólagjafir fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Gjafabréfin hjá aha.is hafa verið vinsæl meðal Íslendinga allt frá stofnun fyrirtækisins árið 2011. „Aha hefur í gegnum tíðina verið þekkt fyrir að bjóða upp á gjafabréf frá hinum ýmsu fyrirtækjum á góðu tilboði. Þetta eru meðal annars gjafabréf á veitingastaði, hótél, dekur, í afþreyingu eða bara eitthvað sem viðskiptavinir eru að leita að þegar þeir vilja gera sér dagamun,“ segir Gerður Guðnadóttir, markaðsstjóri Aha.is. „Viðskiptavinir geta valið úr gjafabréfum sem í boði eru hverju sinni hjá Aha.is og prentað út heima. Þannig eru þeir komnir með fallega gjöf í hendur án þess að fara út úr húsi. Ég hef heyrt margar sögur þar sem viðskiptavinir eru að redda jólagjöfunum á aðfangadag með þessum hætti þegar allar búðir eru að loka og enda síðan á að slá í gegn,“ bætir Gerður við.

Tilvalið fyrir fyrirtæki

Í ár gefst viðskiptavinum kostur á að fá gjafabréfið útprentað á fallegan pappír og sent heim að dyrum. „Þetta er samvinnuverkefni með blómastúdíói á höfuðborgarsvæðinu sem mun pakka gjafabréfinu fallega inn, eftir óskum hvers og eins, allt frá því að vera einfaldur gjafaborði og upp í veglegan blómvönd,“ segir Gerður og bætir við að slíkt sé tilvalið fyrir fyrirtæki og stofnanir en að einstaklingar geti auðvitað nýtt sér það líka.

Sérstakir möguleikar

Hægt er að sérsníða gjafabréfin að hverjum og einum að sögn Gerðar.



„Aha hefur í gegnum tíðina verið þekkt fyrir að bjóða upp á gjafabréf frá hinum ýmsu fyrirtækjum á góðu tilboði,“ segir Gerður Guðnadóttir, markaðsstjóri Aha.is.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Gefðu upplifun sem lifir lengi

Hefðbundin gjafabréf

Hefðbundin Aha-gjafabréf eru gjafabréf þar sem fyrirtæki bjóða upp á tilboð á þjónustu sinni en þar er oft hægt að gera góð kaup. „Enda hafa þessi tilboð slegið í gegn nú á tímum Covid þegar fjölskyldur, pör og vinahópar fara síður í helgarferðir til útlanda og leyfa sér frekar dekur á skemmtilegu hóteli eða veitingastað á Íslandi.“

Gjafabréf

Fyrir þessi jól mun Aha bjóða upp á gjafabréf sem ekki eru endilega seld á sérstöku tilboði. „Við finnum það hjá viðskiptavinum okkar að þeir eru oft að leita að þægindunum við að kaupa gjafabréf á netinu og geta prentað út, sem er ekki endilega á sérstöku tilboði. Við ætlum að koma til móts við þennan hóp nú fyrir jólna með meiri fjölbreytni í úrvali gjafabréfa.“

Fjölgjafabréf

Nýverið var svo ýtt úr vör nýjum tegundum gjafabréfa sem eru einfaldlega kölluð Fjölgjafabréf. „Þau eru sérstaklega hentug sem starfsmannagjafir fyrir fyrirtæki. Þar gefst starfsmanni sem fær gjafabréfið að gjöf, færi á að nýta gjafabréfið sitt hjá mismunandi fyrirtækjum og getur því valið úr hvar hann vill nýta það. Þessi gjafabréf er hægt að sérsníða eftir



Gjafabréf Aha eru falleg gjöf sem hægt er að nýta á margvíslegan hátt.

þörfum hvers fyrirtækis og verðbili,“ segir Gerður.

Sem dæmi má nefna eftirfarandi gjafabréf:

- Tveggja rétta kvöldverður fyrir tvo á völdum veitingastöðum.
- Hótelgisting fyrir tvo í eina nótt ásamt morgunverði á völdum hótélum.
- Hótelgisting fyrir tvo í eina nótt, þriggja rétta kvöldverður og morgunverður daginn eftir.

Á gjafabréfunum kemur fram hvað er innifalið í gjöfinni, gildistími og hvernig viðtakandi bókar tíma, borð eða gistingu, en verð kemur ekki fram. „Ef handhafinn getur af einhverjum ástæðum ekki nýtt gjafabréfið, er hægt að breyta því í inneign hjá Aha.is sem hægt er að nýta í yfir 150 verslunum og veitingastöðum sem eru í samstarfi við Aha. Fyrirtækið býður einnig upp á gjafabréf með inneign á markaðstorginu sínu og hafa þau notið aukinna vinsælda undanfarið.“ ■

Hægt er að senda tölvupóst á gjafabref@aha.is og fá nánari upplýsingar eða í síma 546-5000.

Gjafabréf í jólapakkann

Allt það besta fyrir starfsfólkið þitt

Sérstakir gjafabréf fyrir fyrirtæki og hópa þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Bjóðum upp á innpökkun eftir óskum.

Hafðu samband á netfangið gjafabref@aha.is eða í síma 546-5000 og við aðstoðum þig við samsetningu sem hentar þínum hópi.

aha.is



Sælkeravara beint í gjafakörfunna

Frú Lauga og bændurnir er sérverslun við Laugalæk sem býður upp á úrval af ýmsum sælkeravörum. Lífrænn uppruni hráefna vegur þungt og hefur enn meiri áhersla verið lögð á hann upp á síðkastið. Vörurnar eru bæði íslenskar og erlendar.

Fyrir jólin eru glæsilegar gjafakörfur í boði í Frú Laugu og bændunum. „Við byrjum að selja körfurnar í nóvember en við erum tilbúin til að setja í gjafakörfur allt árið eftir óskum viðskiptavina okkar,“ segir Dóra Þorvarðardóttir verslunarstjóri og bætir við að veitt sé persónuleg þjónusta í Frú Laugu og bændunum og oft séu vænlegustu körfurnar þær sem fólk velur sjálf og ákveður bæði stærð og innihald. „Einnig bjóðum við fyrir fram valdar körfur, jafnt stærri sem minni,“ segir hún.

Úrvalið af innlendum sælkeravörum er mjög fjölbreytt í versluninni og hægt að útbúa frábæra gjafakörfu. „Það er algengt að fyrirtæki kaupi gjafakörfur fyrir jólin fyrir starfsmenn sína eða viðskiptavini. Þá er oft um stórar pantanir að ræða. Einstaklingar velja gjafakörfur til tækifærisgjafa eða af einhverju öðru sérstöku tilefni,“ útskýrir Dóra. „Allir geta fundið sælkeravörur við hæfi. Fólk getur valið persónubundnar uppáhaldsvörur, við erum til dæmis með úrval af íslenskum ostum, hvort sem er kúa eða geita en þar er af mörgu að taka. Við erum með vörur frá íslenskum smáframleiðendum en þeim hefur fjölgað mikið á undanförunum árum og bjóða upp á mjög góða vöru. Þetta eru bæði landbúnaðarvörur og



Það er ekki slæmt að fá svona flottar vörur í jólagjöf.



Úrvalið af sælkeravörum er fjölbreytt í Frú Laugu og bændunum.

aðrar sælkeravörur. Sömuleiðis bjóðum við upp á ostabretti og -skera.“

Frú Lauga og bændurnir hafa alla tíð lagt ríka áherslu á sérvörur, sælkeravörur og lífrænt ræktaðar vörur. „Við virðum og metum hreinleika í vinnsluáferðum. Megináherslan undanfarin misseri hefur verið að vera í sambandi við bændur. Okkar mikilvægasti



Dóra og Þórunn Hekla taka vel á móti viðskiptavinum í Frú Laugu og bændunum á Laugalæk.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Glæsilegar gjafakörfur. Hægt er að velja um margs konar sælkeravörur til að setja í körfurnar.

stólum eins og hefur verið allt frá opnun verslunarinnar.

„Við reynum að gefa fólki góð ráð og svara spurningum um hollustu og heilbrigði og góðar afurðir. Við sem störfum í Frú Laugu og bændunum erum hugsjónafólk og veitum viðskiptavinum okkar persónulega ráðgjöf og þjónustu. Hér er mikil breidd í vörum frá alls kyns framleiðendum og við erum stolt af því að bjóða upp á lífrænt ræktað,“ segir Dóra. ■

Frú Lauga og bændurnir er staðsett á Laugalæk 6 en síminn er 534 7165. Opíð er alla virka daga frá 11-18. Einnig erum við með netverslun, verslun.baenduri-baenum.is/

metnaður er að koma hollum og heilbrigðum afurðum beint frá bónda í hendur á neytanda. Við erum með hrávörur eins og grænmeti, egg og kjöt, mjólkurafurðir og aðrar unnar afurðir. Þá erum við sömuleiðis í sambandi við hollenskt fyrirtæki, Eosta, með

grænmeti og ávexti, sem er í beinu sambandi við bændur um allan heim og hefur það sama markmið að stytta flutningsleiðir og stytta tímann sem það tekur að koma matvælum á borð neytanda,“ segir Dóra og bætir við að ítalskar lífrænar vörur séu einnig á boð-

Mikilvægi fyrirtækjagjafa hefur aukist

Fyrirtækjagjafir hafa orðið mikilvægari hluti af því að rækta sambönd fyrirtækja við starfsfólk, viðskiptavini og samstarfsaðila, eftir að heimsfaraldurinn minnkaði sambandið milli fólks, og fyrirtæki eyða nú meira í þær en áður.

oddurfreyr@frettabladid.is

Á hefðbundnum tímum eru fyrirtækjagjafir venjubundinn hluti af kostnaði fyrirtækja og þjóna því hlutverki að sýna starfsfólki að það sé mikils metið og styrkja sambönd við kúna eða samstarfsaðila. En eftir heimsfaraldurinn hefur mikilvægi þeirra aukist enn frekar, því í mörgum tilvikum hefur starfsfólk verið tvístrað og glímt við erfiðar vinnuástandur, auk þess sem fjarlægðin milli fyrirtækja annars vegar og viðskiptavina og samstarfsaðila hins vegar hefur aukist. Alls kyns viðburðir hafa líka orðið að öllu leyti stafrænir og þá getur gjöf til mikils metinna þátttakenda verið það eina áþreifanlega sem situr eftir.

Mikill vöxtur í fyrirtækjagjöfum

Ný rannsókn sem fjallað var um á vef Forbes og fór fram á meðal 300 kaupenda fyrirtækjagjafa frá fyrirtækjum sem hafa allt að 30 milljarða dollara í árstekjur, sýnir þær breytingar sem hafa orðið á fyrirtækjagjöfum í kjölfar heimsfaraldursins og gefur visbendingu um hvernig þróunin verður næstu ár. Rannsóknin var framkvæmd af markaðsrannsóknafyrirtækinu Coresight Research og studd af



» Fyrirtækjagjafir snúast því um að rækta sambönd, rétt eins og persónulegar gjafir, og líkt og þegar kemur að persónulegum gjöfum eru bestu fyrirtækjagjafirnar vandlega valdar og sýna skilning á viðtakandanum.

GiftNow, fyrirtæki sem aðstoðar bæði kaupendur og seljendur fyrirtækjagjafa.

Rannsóknin sýnir að það er meiri vöxtur í fyrirtækjagjöfum en öðrum gjöfum og hún áætlað að sú þróun haldi áfram til ársins 2024. Í henni kemur einnig fram að um það bil 60 prósent af kostnaðinum við fyrirtækjagjafir fara í gjafir til viðskiptavina og samstarfsaðila á meðan 40 prósent fara í að verðlauna starfsfólk.

Meira en helmingur svarenda sagðist hafa aukið fjárveitingar til fyrirtækjagjafa vegna faraldursins. Flestir eyddu um það bil 3.000-16.000 krónum í gjafir, en stærsti

hópurinn eyddi sirka 9.500-13.000 krónum í hverja gjöf.

Skýr ávinningur af gjöfum

Þessu fé hefur verið vel varið. Yfir 80 prósent sögðu að gjafir hefðu bætt sambandið við starfsfólk og/ eða viðskiptavini og 48 prósent sögðu að gjafir skilðu umtalsverðum ávinningi.

Helsti ávinningurinn var að láta viðtakandanum finnast hann mikils metinn, en 45 prósent svarenda sögðu að gjafir væru mjög gagnlegar til þess. Þær juku líka hollustu viðskiptavina, en 43 prósent svarenda sögðu gjafir vera mjög gagnlegar við það. Svo hjálpa

Ný rannsókn sýnir að í kjölfar heimsfaraldursins hafa fyrirtæki eytt meiru í fyrirtækjagjafir og lagt meiri áherslu á þær en áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

þær líka mikið við að halda í gott starfsfólk, en 41 prósent sagði þær mjög gagnlegar til þess.

Einn greinenda Coresight segir að 7 af 10 svarendum geri ráð fyrir því að gefa jafn mikið eða jafnvel fleiri fyrirtækjagjafir á næstunni.

Faraldurinn breytti fyrirtækjagjöfum frá rútínu til forgangsríðis og sýndi vel að mikilvægasta hlutverk þeirra er að láta viðtakandanum finna að hann sé mikils metinn af fyrirtækinu. Algengasta tilefni gjafanna var að sýna starfsmönnum þakklæti (64 prósent) en um helmingur gaf viðskiptavinum og samstarfsaðilum gjafir til að sýna þakklæti.

Góð tækifæri á þessum markaði

Áður fyrr var litíð á fyrirtækjagjafir sem leið til að auka sölu fyrirtækisins, en núna snúast þær um að byggja upp sambönd, að láta viðtakandanum finna að hann sé mikils metinn og að auka framleiðni og hollustu, en allir þessir þættir hafa líka áhrif á afkomu fyrirtækja.

Fyrirtækjagjafir snúast því um að rækta sambönd, rétt eins og persónulegar gjafir, og líkt og þegar kemur að persónulegum gjöfum eru bestu fyrirtækjagjafirnar vandlega valdar og sýna skilning á viðtakandanum. Þar lenda fyrirtæki hins vegar í vanda, ekki síst þar sem þau þurfa oft að gefa mjög margar gjafir. Þessi rannsókn ber því vitni um að það séu mikil tækifæri á þessum hratt vaxandi markaði við að hjálpa fyrirtækjum við að gefa viðeigandi gjafir, enda hafa fjölmörg fyrirtæki sem sinna því hlutverki sprottið upp og vaxið mjög hratt á allra síðustu árum. ■

NTC GJAFAKORTIÐ
ER JÓLAGJÖFIN Í ÁR

GK

REYKJAVÍK

galleri sautján

gs skór

COMPANYS

KARAKTER
KONUR

Kultur Kultur
menn

SMASH
URBAN

eva

NTC
GJAFAKORT

NTC
GJAFAKORT

Gjöf til þín

Gjafakortid gildir í
öllum verslunum
NTC

Fatnaður og skór fyrir dömur og herra - eitthvað fyrir alla
Þú getur pantað gjafakort fyrir starfsfólkið þitt á online@ntc.is

Fékk kynlífsbók í vinnunni

Sólveig er 37 ára djassöngkona og kemur fram undir nafninu Solla Soulful. Hún er með ólæknandi jólabarnaflensu og elskar að gefa jólagjafir. Hún gleymir seint bók einni sem hún fékk í jólavinaleik í vinnunni.

johannamaria@frettabladid.is

Sólveig starfar sem kennari í grunnskóla. „Ég er söngkona, áhugljósmyndari og hef gaman af að skrifa, með öflugt ímyndunarafl, langar að gefa út skáldsögu einhvern tímann,“ segir Sólveig þegar hún er beðin um að lýsa sjálfri sér. Svo hefur hún söguna af ólíkinda-jólagjöfinni.

„Þetta var fyrir jólin 2017, minnir mig. Það voru litlu jólfarfarar þar sem allir komu með einn pakka og svo dró maður númer og fékk ákveðinn pakka. Ég dró upp handbók um kynlíf. Starfsmaðurinn sem gaf bókina sagði mér eftir á að hann hefði ekki verið viss um hvort gjöfin myndi passa inn en hann var feginn að ég fékk hana því hann vissi að ég hefði húmor fyrir þessu.“

Manstu hvað þú gafst í þennan pott?

„Óff, ég man það ekki. Það hefur hugsanlega verið jólasveinasúkkulaði, jólaservíttur og kerti, mjög sjokkerandi, ég veit! Garg, nú vil ég muna. Það hefur allavega verið eitthvað jólakrúttlegt.“

Á hvernig vinnustað varstu?

„Ég var að vinna í úthringistarfi fyrir mannréttindasamtök.“

Alls konar fólk þá að vinna þarna?

„Jebbs, fjölbreytt flóra en talsvert af yngra fólki, tuttugu og eitthvað. Það hefðu örugglega margir samstarfsfélagar mínir roðnað við að fá þessa gjöf.“

Og veistu hvað vakti fyrir gefandanum þegar hann ákvað að smella þessari sprengju í jólagjafapokann?

„Hann er mikill húmoristi og þetta átti því að vera grín, pottþétt, og vildi koma á óvart. Hann áttaði sig alveg á að þetta væri ekkert venjulegt jólagjöf. Ég dró bókina fram úr náttborðsskúffunni rétt í þessu og hún heitir Big Bad Ass Book of Sex.“

Nújá. Ég sá fyrir mér að þetta væri svona litil sæt handbók.

„Jú, þetta er einmitt bara litil bók með stórum titli. Inni á milli alls kyns hugmynda eru erótískar sögur.“

Og hefur hún komið að góðum notum?

„Haha, já, ég hef aðeins gluggað



Sólveig Þórðardóttir er að eigin sögn mjög mikið jólabarn. Hér er hún í fullum jólakrúða með kynlífshandbókina góðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

í hana. En ég þarf að rýna betur í hana. Það eru ágætis hugmyndir inni á milli, svona um stellingar og nautnir, hvernig á að tæla makann, fantasíur og fyndnar erótískar stuttar sögur, svona eins og senur úr bímynd, en ég verð að viðurkenna að ég hef ekki lesið um það ennþá spjaldanna á milli.“

Hefur þú gaman af því sjálf að gefa jólagjafir?

„Já, ég elska að gefa ... (úps nú hljómar þetta naughty). En jú, ég fer venjulega fram úr mér, sérstaklega í gjöfum fyrir litlu frænkur og frændur í gegnum árin. Ég á því auðvelt með að gleyma mér í jólabransanum enda algjört jólabarn og er í „jólabarnagrúppu“ á Facebook. Ég byrja snemma að huga að jólnum.“

Hversu snemma er snemma?

„Tja, undir lok sumars, svona í ágúst/september. Ég verð ekki leið yfir sumarlokum því ég veit hvað tekur við, jólin! Ljósadýrðin heillar í skammdeginu og ekkert jafnast á við snjókomu í stilltu veðri og upp lýst jólatré um allt. Ég er sko byrjuð að læða einu og einu jólagjöf og búin með dall af piparkökum, Bónus byrjaði! Costco komið með smá jóló en Ikea að undirbúa. Ætli þetta sé ekki svona barnæskunostalgiugleði hjá mér og þess vegna vil ég aðeins framlengja jólatímann. Þetta líður svo fljótt. Kynlífsbók var því mjög mikill skellur inn í jólalandið. Að lokum vil ég bara segja: Verum góð við hvert annað, sýnum hvert öðru skilning. Við erum öll einhvern veginn og það kostar ekkert að vera næs. Gleðileg friðarjól.“ ■



Dísa er hér með drenginn sinn. Hún starfar í markaðsmálum en hefur verið í fæðingarorlofi undanfarið.

MYND/ÞÓSEND

Ekki réðu allir við það

Dísa Sigurðardóttir er 32 ára söngelsk og nýbökkuð móðir sem vinnur aðallega í markaðsmálum. Henni rennur seint úr minni jólagjöf sem hún fékk fyrir um áratug frá fyrirtækinu sem hún starfaði hjá.

johannamaria@frettabladid.is

Dísa er með menntun í prent- og skjámiðlagrafík og með meistara-gráðu í ritlist sem hún segir nýttast mjög vel í auglýsingagerð. „Ég er núna í fæðingarorlofi með þriggja mánaða snúð svo þessa dagana er ég aðallega að þrifa ælu og skipta um bleyjur en geri það syngjandi. Svo er ég söngkona í hjáverkum og textahöfundur.“

Hefur þú gaman af því sjálf að gefa jólagjafir?

„Ég er mjög mikið jólabarn og hef alltaf verið það. Ég byrja oft í október að plana gjafir og vinn mig niður listann. Mér finnst gott að gefa mér tíma í að finna réttu gjöfina. Svo elska ég að pakka inn, það er svolitil jólaathöfn hjá mér.“

Hver er undarlegasta jólagjöf sem þú hefur fengið frá vinnustaðnum?

„Risastórt súkkulaðijólatré, sko rísa! Þetta var fyrir alveg tíu til fimmtán árum síðan. Þetta var svona Kólus-jólatré, örugglega 40 sentimetra hátt eða eitthvað. Ég man líka að mamma fékk eitt sinn brenndan geisladisk frá vinnunni sinni í jólagjöf. Það var frekar fyndið. Ég man reyndar ekkert hvað var á þessum disk, held það hafi verið eitthvað frekar ómerkilegt því hann var aldrei spilaður, en við erum ennþá að hlæja að þessu.“

Jahá, bara á stærð við ungbarn?

„Ætli það megi ekki segja það, á

stærð við fyrirbura?“

Varstu ánægð með gjöfina?

„Já, mjög, þetta var virkilega gott súkkulaði og fyllt með nammi eins og páskaegg.“

Minnir að öll fjölskyldan hafi fengið að njóta bara þetta var svo mikið.“

Myndir þú íhuga að gefa einhverjum Kólus-jólatré sjálf í jólagjöf?

„Nei, allavega ekki sem persónulega gjöf sko, en kannski ef ég væri í rekstri og vantaði gjöf sem hentaði mjög mörgum í einu.“

Þetta var allavega eftirminnleg gjöf.

„Já, og mjög bragðgóð!“

Eruð þið annars mikil páskaeggjafjölskylda?

„Já, mamma gefur mér ennþá páskaegg. Ég er skilnaðarbarn svo ég ólst upp við tvöfalt magn af páskaeggjum. Ég held það sé bara í genunum að geta ekki neitað sér um súkkulaði.“

Í hvernig vinnu varstu sem gaf þessa veglegu jólagjöf og voru allir starfsmenn jafn sáttir við gjöfina?

„Ég vann á veitingastað, það voru allir mjög ánægðir með þessa gjöf. Ég man að það var mikið hlegið að magninu og það voru ekki allir sem réðu við það.“

Manstu svo eftir einhverri einstaklega góðri jólagjöf sem þú hefur fengið frá fyrirtæki sem þú hefur unnið hjá?

„Já, ég vann fyrir matvæla-fyrirtæki einu sinni og við fengum alltaf veglega matarkörfu fyrir jólin. Þá gátum við valið hvaða jolasteik ætti að vera í körfunni og svo var fleira góðgæti með jólamatnum. Mér fannst þetta mjög nýtsamleg og góð gjöf sem sparaði mér og mörgum öðrum stórfé, þannig séð.“ ■

Gjafakörfur Ostahússins

Ostahúsið býður upp á fjölbreytt úrval af ostakörfum ásamt glæsilegum gjafaöskjum






Kynnið ykkur úrvalið af tilbúnum ostakörfum og öskjum á ostahusid.is

Upplýsingar og pantanir: www.ostahusid.is, og í síma 565 3940

Tilvalin jólagjöf fyrir fyrirtæki og einstaklinga

Fallegar fyrirtækjagjafir

Stærri pöntun,
betra verð!
Hafðu samband
540-2050

Frábært úrval af fallegum hönnunarvörum og gjafalausnum fyrir þitt starfsfólk. Minnum einnig á okkar sívinsælu gjafakort og Óskaskrínið.



Rör Sip Swirl
3.999 kr. 6 í PAKKA.



Kertastjaki Flare
4.399 kr.



Kerti snúin
3.999 kr.



Kertastjaki Arc
5.299-5.999 kr.



Mono Blanket
10.978 kr.



Play HAY Yatzy
6.299 kr.



Play HAY skák
5.299 kr.



Ferðataska Cloud 55 cm
16.799 kr.


Ferðataska Cloud 69 cm
20.999 kr.

Ferðataska Cloud 79 cm
26.989 kr.



Kassi Colour Crate
949-1.899 kr.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



penninn.is
540-2000

Austurstræti
Skólavörðustígur
Laugavegur
Hallarmúli
Kringlan

Mjódd
Smáralind
Hafnarfjörður
Reykjanesbær
Akranes

Ísafjörður
Akureyri
Húsvík
Selfoss
Vestmannaeyjar

PENNINN

Eymundsson

Norðmenn og Danir hafa nokkrar áhyggjur af jóla-verslun í ár vegna vöruskorts. Ástæðan er lokun verksmiðja í Víetnam og Kína vegna Covid-heimsfaraldursins en þar fer fram gríðarlega mikil verksmiðjuvinna fyrir vestræn ríki.

elin@frettabladid.is

Þótt við hér á Íslandi teljum mörg að heimsfaraldurinn sé að baki eru stórir hlutar heimsins enn í miklum vanda og bólusetningarhlutfall lágt. Suður-Asía er hluti af þessu vandamáli en þar fer mikil heimsframléiðsla fram. Filippseyjar, Malasía, Tailand og Indónesía eru til dæmis neðst á lista Bloomberg yfir lönd sem best er að heimsækja. Í upphafi voru Víetnam og Tailand með tiltölulega lága smittíðni en sú staða hefur gjörbreyst. Víetnam er einn stærsti framleiðandinn fyrir Bandaríkin fyrir utan Kína. Þar hafa sumar verksmiðjur verið lokaðar mánuðum saman.

Yfir helmingur af öllum Nike-skóm er framleiddur í Víetnam. Talsmaður Nike sagði í samtali við BBC að búast mætti við töfum á nýjum vörum fram á næsta vor. Costco í Bretlandi hefur einnig kvartað yfir vöruskorti og reynir að koma í veg fyrir hamstur á salernispappír. Þar eiga flutningsvandamál líka þátt þar sem erfiðlega hefur gengið að fá bílstjóra á flutningabíla. Adidas er í sömu sporum og Nike og spáir miklum verðhækkunum vegna skorts og erfiðleikum í flutningum á milli landa. Apple getur ekki framleitt nýja símann og svarað eftirspurn


Hræðast vöruskort fyrir jólin



Í fyrra fóru jólagjafakaup að miklu leyti fram á Black Friday. Bæði í verslunum og á netinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» **Kaupmenn búast við að fólk muni dekra við sig um jólin í mat og drykk. Þeir búast við að stærsti hluti jólagjafainnkaupa fari fram í tilbodsvikunni „Black Friday“.**



Verksmiðjur í Asíu hafa verið lokaðar í langan tíma vegna mikillar útbreiðslu Covid og því er mikil hætt á vöruskorti í Evrópu og Bandaríkjunum.

vegna þessa og stórir myndavélaframléiðendur sömuleiðis. Þótt jólin komi í IKEA hefur fyrirtækið lent í svipuðum aðstæðum vegna stöðvunar á flutningum á milli landa. Fyrirtækið hefur brugðið á það ráð að senda vörur með flutningalestum frá Asíu til Evrópu ásamt því að leigja gámaskip.

Fólk hefur sparað peninga í heimsfaraldurinum og hefur eftirspurn eftir ýmsum hlutum, sérstaklega til heimilisins, snaraukist. Afhendingartími er því miður langur á þess konar vörum. „Við höfum tilfelli þar sem afhendingartíminn er sex til sjö mánuðir,“ segir Steinar Aase hjá rafmagnsvörufyrirtækinu Power í Noregi við NRK. Hann segir að sumar hillur kunni að verða tómar um jólin. Noregur og lönd með fáa íbúa eru síðust í röðinni til að fá vörur.

Norðmenn benda á að ef fólk ætli að panta vörur fyrir jólin ætti það að gerast nú þegar. Þótt verslunareigendur séu svartsýnir fyrir jólin eru umhverfissinnar ánægðir. Þeir benda á að fólk eigi alltof mikið af fatnaði og upplifun sé miklu betri og umhverfisvænni kostur auk þess sem hægt sé að kaupa vandaðar notaðar vörur á nytjamörkuðum.

Kaupmenn búast við að fólk muni dekra við sig um jólin í mat og drykk. Þeir búast við að stærsti hluti jólagjafainnkaupa fari fram í tilbodsvikunni „Black Friday“ sem nú orðið teygir sig yfir nokkra daga. Í fyrra var heimsmet sett í verslun á þessum dögum, jafnt í verslunum sem á netinu. Líklega má búast við sömu eftirspurn í ár. ■

GEFÐU VEISLU



Hátíðakörfur Kaffitárs eru tilvalin gjöf fyrir starfsfólk og viðskiptavini.

Hafðu samband við söludeild í síma 535-4000 eða á netfangið kaffitar@kaffitar.is og við aðstoðum þig að velja réttu körfuna.



Gjafa
kort

Þjóð
leik
húsið

Tillhökkun, upplifun og ógleymanlegar minningar

Gjafkortíð sem fellur aldrei úr gildi



Gjafakort Þjóðleikhússins felur í sér ógleymanlega kvöldstund á sýningu að eigin vali úr fjölbreyttu úrvali sýninga leikhússins. Hægt er að stækka gjöfina með veitingum fyrir sýningu og í hléi. Það eru líka spennandi tilboð í gangi en tillhökkunin fylgir alltaf frítt með!



Hádegis
leik
húsið

Hádegisleikhús tilboð

Gjafakort fyrir tvo á Hádegisleikhúsið. Leiksýning og ljúffeng súpa í hádeginu.

Aðeins 7.500 kr.



Framúrskarandi tilboð

Gjafakort fyrir tvo á stórsýninguna Framúrskarandi vinkona og ítalskur veisluplatti til að njóta í hléi.

Aðeins 14.900 kr.



Hægt er að óska eftir tilboðum í gjafakortapakka fyrir starfsfólk með því að senda póst á gjafakort@leikhusid.is

leikhusid.is | 551 1200

YAY jólagjafir frá vinnunni

YAY hefur á stuttum tíma umbylt gjafabréfamarkaðnum. Yay er framúrsteftuleg stafræn gjafabréfaverslun sem hefur sannað sig fyrir stjórnendum fyrirtækja sem vilja gleðja starfsmenn sína og viðskiptavinum við hin ýmsu tilefni.

Það er flókið mál fyrir fyrirtæki að finna eina gjöf sem hentar stórum hóp. Gjafabréf eru sniðug lausn en hafa ekki verið laus við ókosti.

„Gjafabréfum alls staðar í heiminum fylgir sami vandinn. Þegar umslagið er opnað fer bréfið ofan í skúffu og dagar uppi,“ segir Ragnar Árnason, einn af stofnendum Yay. Með Yay lausninni geta einstaklingar og fyrirtæki keypt opin gjafabréf, valið sérstakt fyrirtæki eða flokk. „Með opnum gjafabréfum hafa þiggjendur val um gríðarlegt úrval fyrirtækja með fjölbreytta þjónustu, vörur, veitingar, afþreyingu, dekur og fleira,“ segir Ragnar. „Við finnum að fyrirtæki og einstaklingar hugsa æ meira um umhverfisþáttinn en pappír og plast er úr sögunni með Yay,“ segir Sigríður Inga Svarfdal, sölustjóri Yay.

YAY gjafabréf beint í símann

YAY er tveggja ára, byggir á íslensku hugviti, hönnun og forritun. „Hugmyndin kom upp fyrir tíu árum síðan. Nú er heimurinn tæknilega tilbúinn að nýta sér þessa þjónustu. Þar er ferðagjöfin gott dæmi en hún var einmitt keyrð með Yay lausninni. Yay er nýtt gjafakortasvæði í snjall-

símum, á vefnum yay.is og í sér fyrirtækjaöðgangi og leysir aldagamlan jólagjafavanda fyrirtækja á einfaldan og hagkvæman hátt. Yay hefur ekki bara einfaldað jólagjafir fyrirtækja til starfsmanna heldur líka aukið ánægju starfsmanna og líkurnar á því að þiggjendur nýti gjafakortin,“ segir Ragnar.

Hundrað möguleika

Samstarfsfyrirtæki Yay eru fjölbreytt og hlaupa á hundruðum. „Í upphafi lögðum við áherslu á úrval afþreyingar, veitingahúsa og verslana sem höfðu til flestra. Nú hafa fyrirtæki orðið samband við okkur að fyrra bragði. Í þessari viku bættum við við fimm nýjum fyrirtækjum sem höfðu sjálf samband við okkur. Fyrirtækin í Yay appinu eru staðsett um land allt. Við gerum svo reglulegar þjónustukannanir og spyrjum hvaða verslanir notendur vilja sjá í appinu,“ segir Sigríður.

YAY gjafabréfin alltaf í símanum

YAY tryggir að gjafabréfið nýtist viðtakandanum. „Þegar notandi opnar Yay gjafabréf er það alltaf til staðar í Yay appinu í símanum. Það er auðvelt að nálgast gjafabréfið og aldrei þarf að muna eftir því þegar farið er úr húsi. Appið minnir eiganda gjafabréfsins á og tryggir að það úreltist ekki. Notið sér hve mikla inneign hann á í rauntíma í formi gjafabréfa og gildistíma þeirra,“ segir Ragnar.

Enn fremur má gefa gjafabréf eða inneign áfram í appinu. „Það eina sem þarf er símanúmer viðtakanda. Þetta eykur enn fremur



Ragnar Árnason og Sigríður Inga Svarfdal eru sammála að Yay leysi jólagjafavanda fyrirtækja á skemmtilegan og hagkvæman hátt.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÐÖR



nýtingu gjafakortanna. Yay er tengt við greiðslukort notenda og því má kaupa gjafir og gjafabréf í appinu og senda á vini eða vanda-menn.

Einnig má endurselja gjafabréf á endursölumarkaði Yay. „Ef einhver kaupir það af þér færðu í staðinn inneign í Yay appið og getur valið að nota hana í hvað sem þig lystir.“

Gjafakort fyrir alla

Samstarfsaðilar Yay eru meðal annars góðgerðarmálefni. „Góðgerðarmál eru fullkomin gjöf handa þeim sem á allt og vantar ekkert. Finna má mörg góð mál-efni í appinu eins og Kraft, Ljósíð, Samferða, Geðhjálp, UN Women og marga fleiri,“ segir Ragnar.

Sigríður bætir við að það sé stórskemmtilegt að fá gjöf í Yay appinu. „Þú velur litinn á pakkannum og hvernig hann opnast. Með hverri gjöf má senda persónulega kveðju, skrifaða eða í myndbandi. Fyrirtæki hafa nýtt sér þetta og sent starfsmönnum myndbandskveðjur frá stjórnendum með jólagjöfunum,“ segir hún.

Það eru jafnvel dæmi um að fyrirtæki nýti Yay appið á mjög skapandi hátt og sendi starfsfólkið í spennandi óvissuferðir. „Frá því við fórum í loftið höfum við innleyst um hálf milljón gjafabréfa í kerfum Yay,“ segir Ragnar.

Gjafabréfabjónusta fyrirtækja

Nú geta öll fyrirtæki selt og sent

eigin stafræn gjafabréf beint í símann. „Síðastliðin tvö ár höfum við rutt veginn fyrir stafræn gjafabréf á íslenskan markað. Nú viljum við miðla okkar reynslu og bjóða lausnina til fyrirtækja sem selja og senda sín eigin stafrænu gjafabréf millilíðalaust beint í síma viðskiptavina á nokkrum sekúndum. Með Yay veita fyrirtæki skemmtilegri, skilvirkari, umhverfisvænni og hagkvæmari þjónustu. Við finnum fyrir mikilli eftirvæntingu og það er gaman að styðja og leiða fyrirtækin inn í nýja stafræna heiminn,“ segir Ragnar að lokum. ■

Nánari upplýsingar um Yay er að finna á vefsíðunni yay.is.

YAY fyrir fjölbreyttu úrvali! Fyrirtækið velur upphæð, starfsmaður velur gjöfina

Stafræn gjöf sem hentar öllum og minnir eigendur gjafabréfanna á sig. Alltaf með í símanum.



Engin þökkunar- eða sendingarkostnaður
Stafrænt, umhverfisvænt og engin framleiðsla.



Fyrirtækið velur upphæð og ...
Starfsmaðurinn velur gjöfina úr fjölda möguleika.



Tímarsparnaður og engin umsýsla
Tími gefenda og viðtakenda er verðmætur.




Gildir hjá 200+ samstarfsaðilum Yay
Ópið gjafabréf gildir hjá öllum samstarfsaðilum Yay.



Persónuleg kveðja með texta eða myndbandi
Gerir upplifunina enn eftirminnilegri.



Öryggi og vernd gjafabréfa Yay
Alltaf með þér í símanum og glatast því ekki.



Og margt margt fleira!



100
NS

Vilt þú gleðja starfsfólkið þitt?

Það er fátt skemmtilegra en að gleðja starfsfólk og viðskiptavinum með gómsætu súkkulaði í aðdraganda jólanna. Komdu starfsfólkinu þínu og viðskiptavinum á óvart með ljúffengu súkkulaði eða öðrum sérsniðnum gjafalausnum fyrir þitt fyrirtæki. Sætustu gjafirnar eru alltaf bestu gjafirnar.



Konfektkassar

Klassísku Nóa Sírius konfektkassarnir. Mikið úrval stærða og með möguleika á innpökkun.



Sérmerktar öskjur

Hannaðu þitt eigið útlit á sérmerktar öskjur í ýmsum stærðum.



Gjafakörfur

Gjafakörfur með broti af því besta, fullkomnar fyrir góðar samverustundir.



Konfekt

Hið ómissandi Nóa konfekt í 560g, 800g og 1kg öskjum. Fullkomið fyrir kaffistofuna eða fundarherbergið.



Öskjur

Nokkrar stærðir af öskjum fylltum af innpökkuðu súkkulaði til að deila.



Sérmerkt smástykki

Innpakkaðir molar til að deila með starfsfólki og viðskiptavinum.

NS
NÓI SÍRIUS

Hafðu samband! Við tökum við fyrirspurnum og pöntunum í síma 575 1800 eða með tölvupósti á noi@noi.is

NÓI
Konfekt

Ljúffengar viðbætur í pakkann eða á kaffistofuna



Starri Freyr Jónsson
starri
@frettabladid.is

Heimatilbúið konfekt og smákökur eru frábær viðbót við fyrirtækjagjöfina eða bara sem glaðningur til starfsmanna á adventunni.

Fyrirtækjagjafir til starfsmanna geta verið af öllum stærðum og gerðum. Oft er gaman að bæta við heimatilbúnu góðgæti í pakkann, eins og konfektmolum og smákökum, eða einfaldlega að gleðja starfsmenn á adventunni með því að færa þeim slíkar kræsingar á kaffistofunni. Hér eru nokkrar einfaldar og gómsætar uppskriftir sem vafalaust eiga eftir að gleðja margan starfsmanninn síðustu vikurnar fyrir jólin.



Kinóa-konfektmolar eru frumlegur valkostur yfir adventuna.

Kinóa-konfektmolar

Sjálfsgagt þykir mörgu fólki sérstakt að útbúa konfekt úr kínóa en það er próteinríkt, glútenlaust og um leið ótrúlega næringarríkt og orkugefandi heilkorn. Þessir konfektmolar eru því hollari en margir aðrir á þessum árstíma og alls ekki verri fyrir vikið.

[1 bolli soðið kínóa](#)
[½ bolli hnetusmjör – við stofuhita](#)
[3 msk. gott hunang](#)
[1 msk. saxaðar hnetur](#)
[1 tsk. vanilla](#)
[Smá salt](#)
[Gott dökkt súkkulaði \(ca 70g\)](#)

Sjóðið kínóa (ath. að hálfur bolli af ósoðnu verður að heilum bolla soðnum). Blandið saman í skál kínóa, hnetusmjöri, hunangi, hnetum og vanillu. Blandið vel saman og mótið kúlur. Kælið. Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði og hjúpið kúlnar. Kælið.

HEIMILD: ALBERTELDAR.COM



Að ofan má sjá heslihnetu-smákökur með súkkulaðidýfu.



Jólamolar með Síríus pralín-súkkulaði með saltkaramellufyllingu.



Kornflexkökur með gráðaosti eru sannarlega frumlegar.

Jólamolar með Síríus pralínsúkkulaði með saltkaramellufyllingu

Hugmyndin að þessum bragðgóðu jólamolum kemur frá Svíþjóð en Dröfn Vilhjálmstöttir, sem heldur úti matarblogginu Eldhússögur úr Kleifarselinu, útfærði uppskriftina á sinn hátt. Í fyrstu notaði hún karamellu Pipp en eftir að hætt var að framleiða það notar hún Síríus pralínsúkkulaði með saltkaramellufyllingu.

[120 g smjör \(við stofuhita\)](#)
[100 g púðursykur](#)
[100 g sykur](#)
[2 egg](#)
[2 tsk. vanillusykur](#)
[6 msk. bökunarkakó](#)
[280 g hveiti](#)
[2 tsk. lyftiduft](#)
[¼-½ tsk. salt](#)
[200 g Síríus pralín súkkulaði með saltkaramellufyllingu](#)
[150 g hvítt súkkulaði](#)

Hitið ofn í 200 gráður við undir- og yfirhita. Hrærið saman smjör, sykur og púðursykur þar til blandan verður létt og ljós. Næst er eggjum blandað út í, einu í senn og hrært vel á milli. Hveiti, kakói, vanillusykrí, salti og lyftidufti er bætt út í smátt og smátt og þess gætt að hræra ekki of mikið. Næst er tekin um ½ msk. af deiginu, því rúllað í kúlu og hún flött út í lófanum. Einn pralínmoli er settur

inn í deigið og því vafið vel utan um molann. Bitunum er rædað á ofnklædda bökunarplötu og bakað við 200 gráður í 6-7 mínútur. Þegar kökurnar eru komnar úr ofninum er hvítt súkkulaði brætt og því dreift yfir kökurnar þegar þær eru orðnar kaldar.

HEIMILD: ELDHUSSOGUR.COM

Heslihnetusmákökur með súkkulaðidýfu

Þessar heslihnetusmákökur eru ekki bara mjög fallegar og jólalegar heldur líka einstaklega bragðgóðar.

[170 g smjör við stofuhita](#)
[130 g púðursykur](#)
[1 egg](#)
[1 tsk. vanilludropar](#)
[250 g hveiti](#)
[½ tsk. kanill](#)
[¼ tsk. salt](#)
[100 g Til hamingju hakkaðar heslihnetur + meira til skrauts](#)
[250 g suðusúkkulaði til skrauts](#)

Þeytið saman púðursykur og smjör þar til létt og ljóst. Bætið egginu við ásamt vanilludropunum og skafið niður á milli þess sem þið hrærið vel. Blandið hveiti, kanill og salti saman í skál og setjið út í smjörblönduna í nokkrum skömmtum. Loks fara hakkaðar heslihneturnar saman við og deiginu er þá helt yfir á hveiti-

stráðan flöt. Gott að vera líka með smá hveiti á höndunum og skipta deiginu í tvo jafna hluta. Hvorum hluta er síðan rúllað upp í þetta pylsu sem er um 5 cm í þvermál, rúllan er plöstuð og sett í kæli yfir nótt.

Daginn eftir er hvor rúlla um sig skorin (þegar hún er köld) í um 12-14 sneiðar og sneiðarnar bakar við 180°C í 15-17 mínútur eða þar til þær gyllast vel í köntunum. Kókurnar eru kældar á grind og næst er suðusúkkulaði brætt og kókunum dýft til hálfis í súkkulaði. Hökkunum heslihnetum er að lokum stráð yfir súkkulaðihlutann og súkkulaðinu leyft að storkna að nýju áður en bornar fram.

HEIMILD: GOTTERI.IS

Kornflexkökur með gráðaosti

Hverjum datt fyrst í hug að blanda saman súkkulaði og gráðaosti? Það er vont að segja en útkoman getur verið stórskemmtileg eins og þessar kornflexkökur sem innihalda auk gráðaosts salthnetur og döðlur. Þeir þú í þessar?

[150 g súkkulaði](#)
[80 g smjör](#)
[100 g síróp \(fint að nota þetta í grænu dósunum\)](#)
[45 g rifinn gráðaostur](#)
[100 g salthnetur fint saxaðar](#)
[100 g döðlur fint saxaðar](#)
[120 g Special K kornflex](#)

Bræðið saman súkkulaði, smjör og síróp. Bætið næst út í söxuðum döðlum, salthnetum og gráðaosti, og hrærið vel saman. Að lokum er Special K kornflex sett út í og hrært saman við. Notið skeið og búið til litlar klessur á bakka eða bökunarplötu. Eins er hægt að nota konfektform eða litil bollakökuform. Kælið.

HEIMILD: GOTTIMATINN.IS



Lime-, chilli- og súkkulaðitrufflur með pekanhnetum eru bragðsprengja.

Lime-, chilli- og súkkulaðitrufflur með pekanhnetum

Þessar bragðmiklu súkkulaðitrufflur eru einstaklega ferskar og smakkast dásamlega með góðum kaffibolla. Þær eru fullkomnar á veisluborðið eða á kaffistofunni í vinnunni á adventunni.

[400 g súkkulaði](#)
[1 dl. rjómi frá Gott í matinn](#)
[80 g lint smjör](#)
[Börkur af 1 lime \(má nota appelsínubörk\)](#)
[80 g saxaðar pekanhnetur](#)
[1 tsk. chilimauk](#)
[Til að velta upp úr:](#)
[60 g kókosmjöl](#)
[½ tsk. chiliduft](#)

Byrjið á því að bræða súkkulaði og rjóma saman í örbylgju eða yfir vatnsbaði. Bætið næst við limeberki, chilimauki og pekanhnetum. Hrærið línu smjöri saman við og kælið. Þegar massinn er farinn að stifna mótið þið kúlur og veltið upp úr kókosmjöli og chilidufti.

HEIMILD: GOTTIMATINN.IS



Lin
DESIGN

www.lindesign.is

Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



Við hjá Epal hjálpum þér að velja réttu gjöfina fyrir þig og þitt starfsfólk.

- Mikið úrval
- Góð verð
- Fagleg ráðgjöf
- Frí innpökkun



Hafðu samband og fáðu sendan glæsilegan gjafavörubækling – fullt af skemmtilegum hugmyndum.

Skeifan 6 / Smáralind / Kringlan / Laugavegur 7 / 5687733 / www.epal.is

Nánari upplýsingar veitir löunn í síma 568 7733 eða idunn@epal.is



**louis
poulsen**

normann
COPENHAGEN

SKAN
D·NA
VISK

HAY

by Lassen
COPENHAGEN

ROYAL COPENHAGEN

VI
MENU

ferm
LIVING

FREDERIK
BÄGGER
COPENHAGEN

LAKRIDS
BY BÜLOW

ROSENDAHL

Gjöf sem lifnar við í Borgarleikhúsinu

Gjafakortin frá Borgarleikhúsinu eru ávallt jafnvinsæl jólagjöf og eiga ekki síst við einmitt núna. Þjóðin er að stíga upp úr árslóngum flensufaraldri og þyrstir í að upplifa eitthvað ógleymanlegt með sínum nánustu.

Leikhúsféð er skemmtun sem hentar öllum hópum. Að sögn Brynhildar Guðjónsdóttur, leikhússtjóra Borgarleikhússins, býður Borgarleikhúsið upp á einstaklega fjölbreytt úrval verka á fjölonum í haust og vetur. „Við erum ákaflega stolt af því að vera ferskt og framsækið leikhús og mikilvæg menningarmiðja í ört stækkandi borg. Í haust sýnum við stórskemmtileg fjölskylduverk, drepfyndin grínverk, háalvarleg leikverk, sýningu á pólsku, leikrit fyrir þau allra yngstu og margt fleira. Við erum með eitthvað fyrir alla.

Þá má segja að leiðarstefið í sýningardagskránni sé tenging okkar við nærumhverfi og samfélag. Í sýningunum er spurt: Hver erum við og hvað merkir það að vera Íslendingur?“ segir Brynhildur.

Gjöf sem lifnar við

Gjafabréf Borgarleikhússins eru gjöf sem lifnar við. Þau koma í fallegum gjafaöskjum sem gaman er að gefa við hin ýmsu tilefni. „Leikhúsféð er stund sem lifir í minningunni og það er einmitt svo dýrmætt núna eftir Covid að geta komið saman, nærst og glaðst. Miðasala Borgarleikhússins hefur tekið hressilega við sér enda þyrstir fólk í að komast í leikhús eftir samkomutakmarkanir. Ógleymanlegar stundir er einmitt það sem við þurfum á að halda.“

Hin fullkomna fyrirtækjagjöf

„Við viljum koma til móts við fyrirtækin í landinu og bjóðum upp á ólíkar leiðir til þess að láta alla drauma rætast. Hvort sem fyrirtækið vill halda hópferð í leikhúsið að sjá saman eitthvert vel valið verk, eða gefa starfsmönnum opið gjafabréf í leikhús. Ef vinnustaðurinn mætir saman getum við græjað veitingar fyrir hópinn og lögum okkur að óskum vinnustáðarins. Auk hefðbundinna gjafabréfa gefum við út sérstakar skreyttar gjafaöskjur fyrir leikhúsféð á Emil í Kattholti, Níu líf og Veislu. Þá er askjan skreytt í takt við sýninguna.“

Ný íslensk verk

Borgarleikhúsið sýnir fjölmörg frábær ný íslensk leikverk í haust og vetur. „Eftir áramót sýnir Borgarleikhúsið nýtt íslenskt gamanverk á pólsku sem nefnist, Úff hvað allt er dýrt hérna. Verkið fjallar á gamansaman hátt um samskipti Íslendinga og Pólverja. Tungumálið er pólska og sýningin er textuð á íslensku og ensku. Sýningin hentar sérlega vel fyrir starfsmannahópa þar sem stór hluti er pólskumælandi.

Tjaldíð er dásamleg leikhúsupplifun á miðvikudags- og laugar-dagsmorgnum í boði leikhópsins Miðnætti. Sýningin er sérniðin fyrir börn frá þriggja mánaða aldri upp í þriggja ára. Gestir ganga inn í sýninguna, fá að upplifa leikhúsið og svara forvitni sinni með því að snerta leikmyndina. Þessi sýning er tilvalin fyrir starfsmannahópa þar sem er margir foreldrar með ung börn.

Svo erum við með fullkomna sýningu fyrir söguþyrsta en leikhópurinn Hundur í óskilum fer

Leikhúsféð er stund sem lifir í minningunni og það er einmitt svo dýrmætt núna eftir Covid að geta komið saman, nærst og glaðst.

Brynhildur Guðjónsdóttir

á hundavaði yfir Njálu, einn af hornsteinum íslenskrar bókmenntasögu. Þetta er á margan hátt upphaf íslenskrar menningar en líka ómenningar, enda er vikingatíminn í öndvegi.

Þétting hryggðar er glænýtt og spennandi íslenskt verk eftir Dóra DNA. Sýningin er skylda fyrir alla arkitekta og skipuleggjendur byggðar. Dóri er beittur penni með sterka samfélagsvitund og verkið er myljandi skondið. Það fá sko allir einn á lúðurinn en líka upphafningu hjartans.

Veisla eftir Sögu Garðarsdóttur, Kötlu Margréti Þorgeirsdóttur, Sigrúnu Eddu Björnsdóttur, Sigurð Þór Óskarsson og Halldór Gylfason verður áfram á fjölonum í haust og vetur. Þetta er alveg brjálæðislega myndin sýning þar sem veislumenning Íslendinga er tekin fyrir. Þetta er kjörin sýning fyrir starfsmannahópa að koma saman, fá sér drykk á undan og hlæja sig máttlaus saman í salnum. Berglind Festival sagði að hún hefði aldrei hlegið jafnmikið í íslensku leikhúsi og að þetta væri fullkomin sýning fyrir þá sem hafa ekki gaman af því að fara í leikhús, sem er fyndið!

Valur Freyr Einarsson leikstýrir sínu fyrsta verki, Fyrirverandi, sem er frumsýnt í mars á næsta ári, en hann er einnig höfundur verksins. Hér er fjallað um flókið fjölskyldulíf og sambönd nútímans á grátbroslegan hátt. Ilmur Stefánsdóttir hennar leikmynd og búning og Davíð Þór Jónsson sér um tónlistina. Þá flytja sex þjóðþekktir leikarar verkið af einstakri fagmennsku.

Ekki má svo gleyma Níu lífum, fimm stjörnu söngleiknum um Bubba Morthens sem er skyldu-áhorf fyrir alla. Verkið er ekki bara söngleikur með flottri tónlist, heldur líka saga þjóðarinnar í þau ár sem Bubbi hefur verið að semja tónlist.“

Undir heillastjörnu

„Það er engu líkara en að Borgarleikhúsið hafi legið undir heillastjörnu, en forsalan á Emil í Kattholti sló öll fyrri met leikhússins. Emil í Kattholti verður frumsýndur 27. nóvember. Emil er sýning fyrir alla fjölskylduna og leikhúsgestir ganga beint inn í sænsku Smálöndin. María Ólafsdóttir sér um búningana sem eru hver öðrum fallegri. Fimm manna hljómsveit spilar undir og sautján leikarar eru á sviðinu. Þórarinn Eldjárn þýðir af sinni alkunnu snilld. Hér verður talað inn í



Brynhildur Guðjónsdóttir hlakkar til að taka á móti leikhúsgestum á fjölbreyttar sýningar Borgarleikhússins í haust



Veitingasvæðið er glæsilegt og notalegt og hægt er að fá úrval af léttum réttum og drykkjum í hléi og fyrir sýningar. Svo er tilvalið að setjast þar niður með drykk eftir sýninguna og ræða saman.



Gjafakort Borgarleikhússins eru gjöfin sem þjóðin þarfnast eftir faraldursdoða.



og vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Borgarleikhúsið tók forsalinn nýverið í gegn og útkoman er glæsileg.



Lengsti bar Íslands var nýverið opnaður í Borgarleikhúsinu. Þar er tilvalið að næla sér í snarl fyrir sýninguna eða drykkjarföng í hléinu.




Veisla. Brjálæðislega fyndin sýning þar sem veislumenning Íslendinga er tekin fyrir.



Emil í Kattholti. Sýning fyrir alla fjölskylduna.



Ein komst undan. Máttugur leikhópur reynslumikilla kvenna.



Fyrirverandi. Nýtt verk úr smíðju Common Nonsense. Grátbrosleg sýning um flókið fjölskyldulíf og sambönd nútímans.



Njála á hundavaði. Hundur í óskilum snýr aftur með sýningu fyrir söguþyrsta sem vilja hlæja.

hjórtu allra barna í salnum, sama í hversu gömlum líkama þau eru.“

Lífið eftir barnsmissi

„Ég hleyp er danskur einleikur eftir Line Mørkeby og í þýðingu Auðar Övu Ólafsdóttur og undir leikstjórn Hörpu Arnardóttur. Við hittum fyrir föður, sem Gísli Örn Garðarsson túlkar af mikilli næmni, sex stundum eftir að hann hefur misst barnið sitt. Hann gengur út, byrjar að hlaupa og getur ekki hætt. Hér er farið í ferðalag sem er allt í senn óvenjulegt, átakanlegt og heillandi en Gísli Örn hleypur alla sýninguna.“

Máttugur leikhópur reynslumikilla kvenna

„Svo vil ég minnst sérstaklega á leikverkið Ein komst undan. Þetta er breskt nútíma verk sem verður frumsýnt í janúar á næsta ári. Með einstökum húmor rennur teboð saman við hörmungar og



Ég hleyp. Gísli Örn í einleik um lífið eftir barnsmissi. Átakanlegt og heillandi verk.

náttúruhamfarir, sem eru jafn skelfilegar og þær eru kostulegar. Barna koma saman máttarstólpur íslenskrar leiklistarsögu en leikhópin skipa þrír elstu starfandi leikarar landsins: þær Kristbjörg Kjeld, Guðrún Ásmundsdóttir og Margrét Guðmundsdóttir sem fagnar 70 ára leikafmæli sínu. Með þeim er Edda Björgvinsdóttir. Það er eitthvað alveg einstaklega merkilegt við að þessar konur séu að stíga saman á svið. Það verður mjög máttug stund að fá að dást að þessum fjórum stórleikkonum í vetur.“

Það er af nógu að taka í Borgarleikhúsinu á leikárinu og við hlökkum til að taka á móti öllum starfsmannahópum, stórum sem smáum. ■

Allar frekari upplýsingar er að finna á borgarleikhus.is og öllum fyrirspurnum er svarað á midasala@borgarleikhus.is



Tu jest za drogo (Úff hvað allt er dyrt hérna). Gamansöm skoðun á samskiptum Íslendinga og pólvörja, á pólsku.

Það verður mjög máttug stund að fá að dást að þessum fjórum stórleikkonum í vetur.

Brynhildur Guðjónsdóttir



Níu líf. Fimm stjörnu söngleikur um Bubba Morthens. Skylduáhorf fyrir alla.



Þétting hryggðar. Beitt og myljandi skondin samfélagsstúdíó eftir Dóra DNA.



Gjafir gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Samfélagslegt smurefni

johannamaria@frettabladid.is

Það er ekki að ástæðulausu að fyrirtæki víða um heim leggja mikinn metnað í að finna hina fullkomnu jólagjöf fyrir starfsmenn sína. Jólagjafir eru síður en svo skrapatöl kapitalismans heldur eru þær mun dýpra grafnar í samfélagskerfi okkar.

Gjafir eru samfélagslegt fyrirbæri og ástæða þess að við gefum gjafir er til þess að stofna til eða treysta sambönd okkar við aðra. Þær eru eins konar samfélagslegt sleipiefni og leið til þess að fagna lífinu og vináttunni. Gjafir gera okkur kleift að verða betri vinir, makar, stjórnendur og starfsmenn. Áhrifaríkustu gjafirnar eru þær sem endurspeglar bæði gefanda og þiggjanda og þar af leiðandi einstakt samband þeirra. Að gefa einhverjum gjöf er leið mannsins til þess að túlka tilfinningar og þakklæti sitt til náungans.

Í heimi þar sem fyrirtæki verða sífellt ópersónulegri og stærri gegna gjafir æ mikilvægara hlutverki í sambandi starfsmanns og stjórnenda. ■



Á tímum síðaskiptanna varð það algengt að gefa börnum jólagjafir. **FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY**

Saga jólagjafanna

oddurfreyr@frettabladid.is

Jólagjafir eiga rætur að rekja til heiðinna hefða fyrri alda en síðar meir, þegar kristni eignaði sér þessar hefðir, urðu gjafir vitringanna þriggja til Jesúbarnsins og gjafir Nikulásar dýrlings á 4. öld réttlætningar fyrir jólagjöfum. Um tíma vildu margir leiðtogar Evrópu meina að þeir ættu að fá gjafirnar, en það breyttist í kringum árið 1000.

Á tímum síðaskiptanna byrjaði svo að vera algengt að gefa börnum jólagjafir. Þeim síð var fagnað af yfirvöldum, sem vildu að ungir menn hættu að ráfa um í hópum á jólatímanum og betla af hinum ríku og líka af foreldrum, sem vildu halda börnum sínum heima.

Það var svo ekki fyrr en um miðbik 19. aldar sem aðfangadagskvöld og jóladagur festust í sessi sem jólagjafadagarnir í vestrænni menningu, en fram að því voru dagarnir breytilegir milli svæða.

Um svipað leyti byrjuðu verslunarmenn að taka eftir gróðanum sem fylgdi jölunum og fóru að taka hátíðinni opnum örmum. Í byrjun 20. aldar byrjuðu jölin að snúast æ meira um markaðssetningu og gjafir og með tímanum þróuðust jölin yfir í neysluhátíðina sem við þekkjum í dag. ■

Starfsfólkið glatt með góðum mat

sandragudrun@frettabladid.is

Oft getur verið mikið álag á fólki í vinnunni dagana fyrir jól. Þá er tilvalið að reyna að brjóta upp vinnudaginn og gera eitthvað skemmtilegt fyrir starfsfólkið. Eitt af því getur verið að bjóða upp á jólamat í vinnunni.

Mörg fyrirtæki bjóða upp á að koma og elda fyrir starfsfólk eða senda tilbúinn hátíðarmat á




Það er gott að gleðja með góðum mat.

**FRÉTTABLAÐIÐ/
VILHELM**

staðinn, svo eru auðvitað mörg fyrirtæki með mótuneyti og kokk sem getur galdrað fram góðan jólamat. Það er mikilvægt að hafa í huga þegar boðið er upp á jólamat fyrir stóran hóp fólks að hafa eitthvað fyrir alla.

Að bjóða bæði kjöt og vegan valkosti og einhverja hollari valkosti í bland við óholla er lykillinn að því að jólamaturinn slái í gegn hjá starfsfólkinu. ■



GJAFABRÉF ICELANDAIR HÓTELA

Hvernig væri að pakka inn upplifun fyrir starfsfólkið þitt?

Icelandair hótél bjóða frábært úrval spennandi gjafabréfa í hótulgistingu kringum landið, á veitingastaði eða dekurstundir í heilsulindum okkar.

Hafðu samband á netfangið mice@icehotels.is og við stillum upp dæminu á einfaldan og fljótlegan máta.

Icelandair Hotels



Nýtt heyrnartæki.
Frá Beltone

Beltone Imagine™

Því barnabörnin hafa frá svo mörgu að segja



Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Imagine™** geta valdið straumhvörfum í lífi þínu og þinna. Njóttu þess að heyra betur með nýrri kynslóð heyrnartækja sem skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Þú tengist fólkinu þínu betur þegar þú leggur við hlustir með Beltone **Imagine™**. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Bílar & Farartæki



Nýr 2021 Hyundai Kona EV Premium rafmagnsbíll með 64 kWh rafhlöðu. Raun drægni um 380 km. Flottasta typpa með leðri og glertoppplúgu. + fullt af öðrum lúxus. Nýtt útlit. 5 litir á staðnum. Til afhendingar strax! Okkar verð aðeins: 5.790.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ
GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu
sms og við höfum samband

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069 eða 663 5315

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSLAGNIR - MÜRVERK
- FLOTUN - SANDSPARSL -
MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

STARFSMENN

til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

PROVENTUS

Starfsmannaþjónusta

551 5000
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



Þarftu að ráða?

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS


FRÉTTABLAÐIÐ 20

NÁÐU TIL
FJÖLDANS!

44%

18-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

Sími: 550 5050
soludeild@frettabladid.is



*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN
Í MEST LESNA
ATVINNUBLAÐI
LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Anna Rut Kristinsdóttir, annarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ



Umhverfismat

Matsáætlun í kynningu

Eldisgarður, eldisstöð á Reykjanesi

Samherji Fiskeldi hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats eldisstöðvar á Reykjanesi með 40.000 tonna framleiðslugetu á ársgrundvelli.

Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skiplag.is.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 5. nóvember til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skiplag.is.

Stækkaðu heimilið með
svalalokun frá COVER

5 ÁRA
ABYRGÐ

COVER kerfið er vel þekkt um allan heim og á Íslandi hafa verið settar upp mörg hundruð slíkar svalalokanir og sólstofur á undanförmum árum.



FINNSK
GÆÐI Í
35 ÁR



Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx@normx.is

job

Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita að þér?

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Við leiðum
fólk saman

hagvangur.is



HAGVANGUR




blómaval HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

Októberstjarna

komin í Blómaval



25%

Októberstjarna
Bleik og falleg.
126087321

1.990 kr
~~2.690~~ kr



Októberstjarna til
styrktar Bleiku slaufunni

Pottaplöntur

Ný sending vikulega

25%

afsláttur

30%

Kölluflekka
13 cm pottur.
11328400

2.290 kr
~~4.275~~ kr

26%

Ástareldur
10,5 pottur.
11328305

1.099 kr
~~1.490~~ kr

26%

Páfuglafjöður
10,5 cm pottur.
11400280

1.249 kr
~~1.690~~ kr

26%


Flauelsblettur
10,5 cm pottur.
11623850

1.099 kr
~~1.490~~ kr



Blómaáskrift Blómavals
Skráðu þig á blomaval.is

Veðurspá Föstudagur



Suðaustan 5-13 og rigning með köflum í dag, en norðaustan 10-18 á Vestfjörðum, hvassast á annesjum. Hægari, þurr og víða bjart NA-lands. Hiti 3 til 10 stig, hlýjast syðst. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 fóðurfrekja
- 5 óvild
- 6 íþróttafélag
- 8 dusta
- 10 stafur
- 11 sepi
- 12 hvellur
- 13 rök
- 15 glaður
- 17 ávöxtur

LÓÐRÉTT

- 1 afgreiða
- 2 akfæri
- 3 tryllingur
- 4 bak við
- 7 álandsvindur
- 9 lífæð
- 12 puða
- 14 bál
- 16 tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 afæta, 5 fæð, 6 fh, 8 hrista, 10 eð, 11 laf, 12 bang, 13 deig, 15 alsæll, 17 dablá.
LÓÐRÉTT: 1 afhenda, 2 færð, 3 æði, 4 aftan, 7 hárgola, 9 slagæð, 12 bísá, 14 eld, 16 líl.

Bauer átti leik gegn Goellner í Berlín árið 1956.

1. Hxh6+! gxh6 (1...Kxh6 2. Dg5+ Kh7 3. Dh4+). 2. Dg8+!! Rxc8 3. Bf5# 1-0.
www.skak.is: Allt um skák ■

Sudoku

4	2			9				
1	3	8		4	7	2		
	7			1		4		
6	4	1				3		
		2						
8			2	5		1		
7	8		1				9	
			9			8		
9		4	8		2		7	


							3	4
7		6					5	1
					1			7
	5	9	4					1
			9	3		6		
	2							
				9			7	4
		5	6			9		
3			8		7			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. ■

Pondus



Geljan



Barnalán



MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLISKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

Þessa vöru þarf að sérpanta. S. 561 1433
Netfang: bjornsbakari@bjornsbakari.is

BJÖRNSEBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is
Austurströnd 14 • Hringbraut 35

FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Allt í lagi ef fólk skilur þetta ekki

Anna Birta Lionaraki segir látið fólk hafa birst sér frá unglingsaldri en hæfileikann kallar hún hyperskynjun. Hana þurfti hún að læra að beisla með aðstoð fólks með sömu sýn og miðlar hún nú skynjun sinni til annarra í gegnum miðilsfundi. Hún vonar að í framtíðinni verði gerðar frekari rannsóknir á fólki með þennan eiginleika.

Nauðgun ódýrara vopn en byssukúla

Christina Lamb, erlundur fréttaritari Sunday Times, hefur á ferli sínum lagt mikið upp úr því að gefa konum rödd, og þá sérstaklega konum í stríði. Hún segir kynferðislegt ofbeldi í auknum mæli notað sem vopn gegn konum í stríði, að ofbeldið sé kerfisbundið og furðar sig á því að enginn hafi enn verið sakfelldur fyrir slíkan glæp.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi.



REPUBLIC OF **Fritz Hansen**[®]



15% afsláttur

á öllum hægindastólum
og borðum frá Carl Hansen



CARL HANSEN & SØN
PASSIONATE CRAFTSMANSHIP

15% afsláttur


á öllum borðum
og Fri og Ro hægindstólum
frá Fritz Hansen

Þrjár sérfræðingar

Verða verslun okkar Skeifunni 6,
um helgina, 6.-9. október.



Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is



Montana

15% afsláttur

á öllum Montana hillum

20% afsláttur

á Kevi skrifborðsstólum





Abdulrazak Gurnah á bókmennta-hátíðinni í Edinborg árið 2017.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


Gurnah fær Nóbél

tsh@frettabladid.is

Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 2021 hlýtur tansaníski rithöfundurinn Abdulrazak Gurnah sem er búsettur í Bretlandi og skrifar á ensku.

Sænska akademían, sem úthlutar Nóbelsverðlaununum í bókmenntum, tilkynnti um niðurstöðuna í gegnum fjarfund frá Stokkhólmi í gær.

Í rökstuðningi Akademiunnar segir að Gurnah hljóti verðlaunin meðal annars fyrir að afhjúpa afleiðingar nýlendustefnu og forðma í verkum sínum.



„Í sínum tíu skáldsögum hefur hann staðfastlega og af mikilli samkennd afhjúpað afleiðingar nýlendustefnunnar í Austur-Afríku og áhrif hennar á líf rötlausra og brottfluttra einstaklinga,“ sagði talsmaður Sænsku Akademiunnar.

Gurnah er fæddur árið 1948 í Sansibar í Tansaníu en hélt tvítugur til Bretlands til að stunda nám, hvar hann hefur búið síðan.

Hann hefur skrifað tíu skáldsögur og meðal þekktustu verka hans eru bæturnar Paradise (1994), sem var tilnefnd til Booker og Whitbread verðlaunanna, Desertion (2005) og By the Sea (2001) sem var einnig tilnefnd til Booker verðlaunanna.

Gurnah þakkaði akademíunni fyrir heiðurinn sem hann sagði hafa komið sér mjög á óvart.

„Þetta var svo fullkomlega óvænt að ég þurfti í raun að bíða eftir því að ég heyrði þá tilkynna þetta áður en ég gat trúað því.“ ■



Fyrir mér eru óþrjótandi möguleikar í málverkinu, segir Hulda.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

Alltaf á einhvers konar tímaflakki



Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is

Upphafið er í miðjunni, er yfirskrift sýningar Huldu Stefánsdóttur í BERG Contemporary.

„Þessi titill, Upphafið er í miðjunni, tengist vinnuferli mínu. Ég er alltaf á einhvers konar tímaflakki í þróun verkanna,“ segir Hulda og bætir við: „Verkin eru í senn samtal við þetta hér og nú, um leið og þau fara fram og til baka á tímaásum með vísan til listasögunnar, ásamt því að kallast á við fyrri verkaraddir mínar. Ég hika ekki við að taka eldri verk og mála yfir þau. Þannig má segja að ég sé að ögra hugmyndinni um það hvenær eitt verk byrjar og annað endar.“

Ég var líka að velta fyrir mér ástandinu sem við höfum búið við undanfarið, við erum að bíða eftir að heimsfaraldri ljúki og eitthvað annað taki við. Hugtakið in media res er bókmenntahugtak úr latínu og vísar í miðju atburðar, til dæmis eins og þegar lesanda er hent inn í miðja atburðarás í upphafskafli. Ég fór að velta því fyrir mér hvort við værum alltaf stödd inni í miðri atburðarás og hvort upphafið væri þá miðjan hverju sinni.“

Tilraunir með strigann

Hulda segist á síðustu árum hafa

verið að þreifa sig áfram með að nota nokkur lög af striga við gerð málverka, þó að það eigi ekki við um öll verkin á þessari sýningu. „Ég hafði lengi málað í mörgum þunnum lögum, en síðan fór ég að gera tilraunir með að nota strigann sjálfan með ámóta hætti, leggja niður grunnlag og mála á, leggja svo annað lag yfir. Þá má greina grunnlagið óljóst í gegn, eins og enduróm myndar sem er hulin. Þetta er aðferð til að skapa ákveðna dýpt eða vídd og gefa í skyn að undir yfirborðinu leynist önnur mynd. Svoltið eins og sagan sem aldrei verður sögð fyllilega eða eins og síflöktandi minningar, ólík sjónarhorn og upplifanir sem aldrei eru eins á milli einstaklinga.“

Kortlagning á tímanum

Nokkur málverkanna á sýningunni tilheyra svokallaðri Time Map seríu, en á síðasta ári kom út hjá Space Sisters Press í New York bókverkið Time Map, með völdum verkum úr samnefndri verkaröð Huldu, ljósrituðum afritum verkanna, auk greinar og ljóðs eftir rithöfundinn Oddnýju Eir Ævarsdóttur. „Ég byrjaði að vinna Time Map árið 2016 og hef frá þeim tíma unnið þessi verk reglubundið samhliða öðrum verkum og ætla mér

að halda því áfram. Time Map er kortlagning á tímanum. Verkin fela í sér vísun í stund og stað hverju sinni, jafnt sem í málverkasöguna bæði í litum og formum, og raunar alveg aftur í hellamálverkið. Þau kortleggja og þjappa saman hughrifum frá ólíkum stöðum í tíma og rúmi.“

Verkin í meginsal standa sem sjálfstæðar einingar og eru flest unnin á þessu og síðasta ári. „Þessi nýju málverk eru vissulega undir áhrifum frá verkunum í Time Map-seríunni, þau mynda eins og undirliggjandi þráð og samhengi í þessari sýningu,“ segir Hulda.

Hulda hefur sýnt á fjölda einka- og samsýninga, bæði hérlendis og erlendis. Verk eftir hana eru í safneign Listasafns Íslands, Listasafns Reykjavíkur og Listasafns Háskóla Íslands. Á ferli sínum hefur hún unnið með alls kyns miðla en hvað heillar hana við málverkið? „Miðillinn höfðar ekki sist sterkt til mín vegna þessa órofa sambands hugar og handar, ferlis þar sem eitt leiðir af öðru í samblandi af því ósjálfráða og ígrundaða. Fyrir mér eru óþrjótandi möguleikar í málverkinu og margir enn ókannaðir,“ svarar hún.

Sýningin í Berg Contemporary stendur til 6. nóvember. ■



Ég byrjaði að vinna Time Map árið 2016 og hef frá þeim tíma unnið þessi verk reglubundið samhliða öðrum verkum og ætla mér að halda því áfram.

Skiltagerð og merkingar

Inni og úti merkingar, spjöld og skilti. Kíktu á heimasíðuna okkar og skoðuðu þjónustuna sem er í boði.



www.xprent.is

Xprent ehf. | Sundaborg 3 | 104 Reykjavík | 777 2700 | xprent@xprent.is

Hallgrímur í Neskirkju

kolbrunb@frettabladid.is

Hallgrímur Helgason, myndlistarmaður og rithöfundur, opnar sýningu á nýjum málverkum og teikningum í Safnaðarheimili Neskirkju sunnudaginn 10. október að lokinni messu sem hefst klukkan 11.00. Séra Skúli S. Ólafsson þjónar fyrir altari.

Á sýningu Hallgríms, sem ber titilinn Það þarf að kenna fólki að deyja, gefur að líta málverk og teikningar sem kviknuðu út frá andláti föður listamannsins, sem lést fyrir réttu ári. Hallgrímur malar bæði krabbamein og dánarstundir auk tilgátuportretta af Dauðanum sjálfum. Einnig fylgja með á sýningunni nokkur verk af persónulegu tagi sem urðu til eftir langar setur listamannsins á líknardeildinni. ■



Verk eftir Hallgrím á sýningunni.

Ljóð um ljóð og geit á beit

kolbrunb@frettabladid.is

Næstkomandi sunnudag, 10. október, klukkan 16.00 verður í Salnum í Kópavogi flutt dagskráin Ljóð um ljóð og geit á beit.

Dagskráin samanstendur af upplestri Þórarins Eldjárns á eigin ljóðum og flutningi á lögum við ljóð hans af tónlistarkonunum Lilju Guðmundsdóttur sópran, Erlu Dóru Vogler mezzosópran og Evu

Þyri Hilmarsdóttur píanóleikara.

Á efnisskránni eru lög eftir Hauk Tómasson, Jóhann G. Jóhannsson, Tryggva M. Baldvinsson, Michael Jón Clarke, Kjartan Ólafsson, Atla Heimi Sveinsson og Jónas Tómasson, og eru ljóðin meðal annars úr hinum vel þekktu ljóðaflokkum Heimskringlu og Grannmetislögum.

Frítt er á tónleikana fyrir börn, 12 ára og yngri. ■



Þórarinn Eldjárn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Andri og Ástríður á Heimssviði

kolbrunb@frettabladid.is

Andri Björn Róbertsson, bassa-barítón, og Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari koma fram á tónleikum í Norðurljósum í Hörpu, þriðjudaginn 12. október klukkan 19.30. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Heimssviðinu, nýrri tónleikaröð Hörpu þar sem ungstirnir evrópskrar tónlistarsenu koma fram. Tílfni tónleikanna er útgáfa geislaplötunnar Thorstein-



Andri Björn Róbertsson.

son & Schumann, sem inniheldur tvo af ljóðaflokkum Roberts Schumann ásamt sjö sönglögum eftir Árna Thorsteinson. ■



Skrímsla í goðsögum verða til umfjöllunar á laugardaginn.

Oliver Paglia í Gröndalshúsi

kolbrunb@frettabladid.is


Oliver Paglia, rithöfundur þrileiksins The Animal Kingdoms, mun ræða framsetningu skrímsla í goðsögum, og mun lesa upp úr bókunum sínum: The Merewyrm's Tooth og Gauntlet of Wrath, laugardaginn 9. október klukkan 15.00 í Gröndalshúsi.

Áritaðar bækur verða til sölu eftir lesturinn. Oliver Paglia er rithöfundur og kvikmyndagerðarmaður, fæddur og uppalinn í Hampshire á Suður-Englandi. Í dag býr hann í Reykjavík þar sem hann vinnur og skrifar. Fyrsta bók hans, Merewyrm's Tooth, var gefin út af Mirador Publishing árið 2016, og þar á eftir Gauntlet of Wrath, önnur bók í Animal Kingdom þrileiknum, sem var gefin út árið 2018. Oliver er í augnablikinu að vinna við að skrifa þriðju bókina: The Tree of Life. ■

Brahms og Reimann

kolbrunb@frettabladid.is

Ensemble Promena er nýstofnaður alþjóðlegur kammerhópur sem sérhæfir sig í flutningi rómantískrar tónlistar á upprunaleg hljóðfæri með girnistremjum og rómantískum bogum. Hópurinn er breytilegur að stærð, en á þessum fyrstu tónleikum á Íslandi skipa hann Herdís Anna Jónasdóttir sópran, Elfa Rún Kristinsdóttir og Hed Yaron Meyerson á fiðlu, Muriel Razavi á lágfiðlu og Vladimir Walham á selló.



Tónleikarnir eru í tónleikaröðinni Sigildir sunnudagar, og fara fram í Norðurljósum í Hörpu, á sunnudag, 10. október, klukkan 16.

Á efnisskránni eru þrjú verk, tvö fyrir söng og strengjakvartett og svo þriðji og síðasti strengjakvartett Brahms. Söngverkin eru útsetningar eftir tónskáldið Aribert Reimann, eitt þekktasta núlfandi tónskáld Þjóðverja, á annars vegar 6 Gesänge eftir Schumann og hins vegar átta söngljóðum eftir Mendelssohn við ljóð eftir Heine, sem Reimann velur og tengir listilega saman með millispilum. Þetta verður frumflutningur þessara útsetninga hér á landi. ■

Láttu þér líða vel!

Eitt mesta úrval skrifborðsstóla landsins, komdu og finndu stólinn sem hentar þér.

Aeron

Tilboðsverð 299.900 kr.

VERÐ ÁÐUR 374.875 KR.

Aeron sameinar framúrskarandi hönnun, vinnuvistfræði og sjálfbæra framleiðslu. Frá því að stóllinn kom á markað árið 1994 hefur hann verið álitinn einn allra besti skrifborðsstóll sem fyrirfinnst. Aeron vann gullverðlaun fyrir hönnun aldarinnar og er mest seldi skrifborðsstóll allra tíma. Hann kemur í þremur stærðum A, B og C sem henta nær öllu fólki óháð líkamsvexti.



Herman Miller

ID Mesh

Tilboðsverð 119.900 kr.

VERÐ ÁÐUR 164.247 KR.

vitra.



Þægilegur og smekklegur skrifborðsstóll á skrifstofuna. Stóllinn sameinar fallega hönnun og vinnuvistfræðilega eiginleika. Hann hefur allar helstu stillingar og fjölstillanlega 3D arma.

Shape Mesh

Tilboðsverð 131.162 kr.

VERÐ ÁÐUR 187.375 KR.

DAUPHIN



Vandaður skrifborðsstóll með allar helstu stillingar. Stóllinn hentar vel á skrifstofuna eða fyrir vinnustöðina heima.

Kinnarps 6242

Tilboðsverð 113.662 kr.

VERÐ ÁÐUR 162.375 KR.

Kinnarps



6242 er einn vinsælasti skrifborðsstóll Pennans fyrr og síðar. Góður skrifborðsstóll með hæðarstillanlegu bólstruðu baki, fljótandi setu og öllum helstu stillingum.

Vörurval er mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

5 AÐ LÁGMARKI
ÁRA ÁBYRGÐ

540-2000 // Skeifunni 10, Reykjavík // Hafnarstræti 91-93, Akureyri

PENNAN
Húsgögn

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Finndu rétta starfskraftinn með því að auglýsa í

MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Föstudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 433.is** 433.is er fréttá- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
- 19.30 Fjallaskálar Íslands** Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildabáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
- 20.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

RÚV Sjónvarp

- 11.00 Heimaleikfimi**
- 11.10 Kastljós**
- 11.25 Menningin**
- 11.35 Eylif**
- 12.00 Sagan bak við smellinn – Killing Me Softly**
- 12.30 Síðasti séns**
- 13.00 Óskalög Þjóðarinnar**
- 14.00 Í blíðu og stríðu – Sambúð eða vígsla?**
- 14.40 Mósaik 2002-2003**
- 15.15 Basl er búskapur**
- 15.45 Rætur**
- 16.10 Myndavélar**
- 16.20 Tónatal**
- 17.15 Nörd í Reykjavík**
- 17.45 Tákmalfréttir**
- 18.00 Fréttir og veður**
- 18.10 HM stofan**
- 18.35 Undankeppni HM karla í fótbolta** (Ísland - Armenía) Bein útsending frá leik Íslands og Armeníu í undankeppni HM karla í fótbolta.
- 20.30 HM stofan** Uppgjör á leik Íslands og Armeníu í undankeppni HM karla í fótbolta.
- 20.55 Fréttir og veður**
- 21.25 Vikan með Gísla Marteini**
- 22.20 Shakespeare og Hathaway** Breskir gamanþættir um einkaspæjarana Luellu Shakespeare og Frank Hathaway sem leysa sakamál í bænum Stratford-upon-Avon. Aðalhlutverk: Mark Benton og Jo Joyner.
- 23.10 Úlfaland - Djúpt inni í skóginum** Þýsk glæpamynd um lögreglukonuna Violu sem flytur til bæjarins Görlitz frá Hamborg í von um að hefja nýtt líf. Þar er henni gert að vinna með einfaranum Butsch og saman leysa þau stórt sakamál, þrátt fyrir að þola ekki hvort annað. Nú er raðmorðingi laus í bænum og Violu og Butsch neyðast til að snúa bókum saman til að handsama morðingjann. Leikstjóri: Tim Trageser. Aðalhlutverk: Yvonne Catterfeld, Götz Schubert og Johannes Zinner. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 00.40 Dagskrárlök**

Stöð 2 Golf

- 09.30 Tvöfaldur skolli**
- 10.05 Tvöfaldur skolli**
- 10.40 PGA Special: Nicklaus: Re-Designing Muirfield Village Golf Club**
- 11.05 Champions Tour Highlights 2021**
- 12.00 European Tour 2021**
- 17.00 LET Tour 2021**
- 20.20 Golfarinn 1**
- 21.00 PGA Tour 2021**

Sjónvarp Símans

- 06.00 Tónlist**
- 12.30 Dr. Phil**
- 13.10 The Late Late Show with James Corden**
- 13.50 The Block**
- 14.53 The Bachelorette**
- 16.50 The King of Queens**
- 17.10 Everybody Loves Raymond**
- 17.35 Dr. Phil**
- 18.20 The Late Late Show with James Corden**
- 19.05 The Block**
- 20.10 Bachelor in Paradise**
- 22.10 The Insider** Sannsóguleg kvikmynd frá 1999. Myndin segir frá Jeffrey Wigand, fyrrum yfirmanni í tóbaksfyrirtæki, sem ákveður að koma fram á sjónvarpsstöðinni CBS-TV í sjónvarpsþættinum 60 Minutes. Að hluta til gerir hann þetta vegna samviskubits og að hluta að áeggjan framleiðanda þáttarins Lowell Bergman, en hann upplýsir í þættinum að tóbaksíðnaðurinn hafi ekki einungis vitað að sigarettur væru ávanabindandi og skaðlegar, heldur hefðu unnið skipulega að því að auka ávanabindandi virkni þeirra.
- 00.50 Race**
- 03.00 London Has Fallen**
- 04.35 Tónlist**

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Í ljósi sögunnar**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Óskastundin**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegð**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegð**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Skyndibitinn**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Sögur af landi**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Vinill vikunnar**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Umhverfis jörðina á 83 dögum**
- 18.00 Spgjillinn**
- 18.30 Brot úr Morgunvaktinni**
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Flugur**
- 19.45 Lofthelgin**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.40 Kvöldsgagan: Í verum, fyrri bindi**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Samfélagið**
- 23.00 Umhverfis jörðina á 83 dögum**
- 00.00 Fréttir**

Stöð 2 Bíó

- 10.25 Love's Last Resort**
- 11.50 How To Be Single**
- 13.35 Spotlight**
- 15.40 Love's Last Resort**
- 17.05 How To Be Single**
- 18.55 Spotlight**
- 21.00 Shazam!**
- 23.05 Madame**
- 00.35 Rambo: Last Blood**

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.15 The Mentalist**
- 09.00 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Grey's Anatomy**
- 10.05 Making It**
- 10.45 Schitt's Creek**
- 11.10 Silicon Valley**
- 11.40 Silicon Valley**
- 12.05 Svörum saman**
- 12.35 Nágrannar**
- 13.00 Nei hættu nú alveg**
- 13.40 BBQ kóngurinn**
- 13.55 Grand Designs: Australia**
- 14.50 Shark Tank**
- 15.30 Inside Chernobyl with Ben Fogle**
- 16.40 Real Time With Bill Maher**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Fyrsta blikið**
- 19.20 Wipeout** Stórskemmtilegur fjölskyldu- og skemmtiþáttur þar sem buslugangurinn er botnlaus og glíman við stærstu þrautbraut heims endalaus uppspretta spaugilegra atvika.
- 20.05 The Secret: Dare to Dream** Rómantísk mynd frá 2020 með Katie Holmes, Josh Lucas og fleiri góðum leikurum. Miranda er ung ekkja með þrjú börn sem gengur ekki vel að fóta sig í lífinu. Hún hittir dularfullan mann, Bray, sem stundar heimspeki með áherslu á jákvæða hugsun. Bray hefur góð áhrif á fjölskylduna en sjálfur á hann sér leyndarmál sem á eftir að breyta öllu. Myndin er unnin eftir sjálfshjálparbókinni vinsælu The Secret.
- 21.55 Charlie's Angels**
- 23.50 Miss Bala**
- 01.30 The Mentalist**
- 02.10 Making It**
- 02.55 Schitt's Creek**
- 03.15 Silicon Valley**
- 03.45 Silicon Valley**

Stöð 2 Sport

- 07.45 Kórfulboltakvöld kvenna**
- 08.45 Tilþriffin 1. umferð**
- 09.30 Njarðvík - Þór Þ.**
- 11.10 Stjarnan - ÍR**
- 12.50 Tilþriffin 1. umferð**
- 13.35 Fjölnir - Breiðablik**
- 15.05 Haukar - Njarðvík**
- 16.35 Kórfulboltakvöld kvenna**
- 17.30 Njarðvík - Þór Þ.**
- 19.10 Tilþriffin 1. umferð**
- 20.00 Tindastóll - Valur**
- 22.00 Kórfulboltakvöld karla**
- 23.05 Tilþriffin 1. umferð**
- 23.50 Tindastóll - Valur**

Stöð 2 Sport 2

- 06.55 Belgia - Frakkland**
- 08.40 NFL Gameday 2021/2022**
- 09.10 The Fifth Quarter**
- 09.25 Stoke - WBA**
- 11.05 Coventry - Fulham**
- 12.45 Football League Show 2021/2022**
- 13.15 Lokasóknin 3. þáttur**
- 14.10 NFL Gameday 2021/2022**
- 14.40 Casademont Zaragoza - Valencia Basket**
- 16.10 The Fifth Quarter**
- 16.25 Belgia - Frakkland**
- 18.05 Fréttabáttur undankeppni HM 2022**
- 18.35 Tyrkland - Noregur**
- 20.45 Markaðþáttur HM 2022**
- 21.15 Celtic - Leverkusen**
- 22.55 Tyrkland - Noregur**
- 00.35 Markaðþáttur HM 2022**



SUBWAY®

DEILDIN



Í KVÖLD 20:00
KÖRFUBOLTAKVÖLD STRAX EFTIR LEIK
ÁSKRIFT AÐEINS 3.990 KR./MÁN.



SPORT

Tryggðu þér áskrift á **stod2.is**

Fréttir af fólki

thorarin@frettabladid.is
eddakaritas@frettabladid.is

Sönggoðsögn talar

Íslandsdraumur Debbie

Goðsögnin Debbie Harry, ætíð kennd við hljómsveitina Blondie, er heiðursgestur RIFF í ár og var í góðu stuði þegar hún sat fyrir svörum áhorfenda eftir sýningu stuttmyndarinnar Blondie: Vivir en la Habana í Háskólabíói um helgina. Myndin fjallar um langþráð tónleikaferðalag sveitarinnar til Havana á Kúbu árið 2019 og Íslendingar geta verið lukkulegir með að Debbie virðist vera spennit fyrir eyjum. „Því fyrr, því betra,“ var því svar hennar við spurningu úr sal um hvenær Blondie héldi tónleika á Íslandi. Þá bætti hún við að sig hefði alltaf langað að komast bæði til Kúbu og Íslands.



Dópuð í grugginu

Debbie sagðist einnig aðspurð ekki hlusta mikið á tónlist en gerði það helst á fullu blasti í bílnum sínum. Þá nefndi hún Earthu Kitt, Ninu Simone og ýmsar R&B söngkonur, sem helstu áhrifavalda sína í tónlist. Hún sagðist einnig vera að enduruppgötva gruggið (grunge) þar sem hún myndi af ýmsum ástæðum lítið eftir niunda áratugjum og helst var á henni að skilja að dópið hefði bjargað henni frá grugginu, en hún hefur í gegnum tíðina verið opinská um fíkniefnaneyslu sína.

Svali sendiherrann

New York er einhver svalasta borg veraldar þar sem saman koma alls konar straumar og stefnur úr öllum áttum og enn fleiri menningarheimum. Blondie spratt upp úr þeim kraumandi suðupotti á punk pop-tímabilinu þannig að Debbie má með sanni teljast þvottekta New York búi. Þegar hún var spurð hvernig henni hefði fundist að vera hálfgerður sendiherra „New York city cool“ sagðist hún ekkert hafa reynt að vera svöl. Hún hefði þvert á móti verið feimin, öreynd og hlédreg, sem hefði síðan verið túlkað sem svalt. ■

Drykkjufólk brýtur heilann á Hamri

Fjögur grimm spurningaljón sem hafa um langt árabil komið að þöbbkvissinu Drekkstu betur ætla loks að láta verða af því að taka sín hjartans mál langt út fyrir barinn og eyða saman heilli helgi á huggulegu sveitahótelu við kviss, krossgátur og skrafl á því sem Ævar Örn Jósefsson kallar sögulega og hömlulausa nördagleði.

toti@frettabladid.is

„Þessi viðburður er alveg stórkostlega einstakur. Ég hef allavegana ekki heyrt af öðrum slíkum, fyrr eða síðar,“ segir Ævar Örn Jósefsson, krossgátuhöfundur Fréttablaðsins og útvarpsmaður með meiru, um helgarskemmtunina Heilabrot á Hamri sem er loksins að verða að veruleika eftir þrjár misheppnaðar atrennur.

„Jú, jú, nú íðar maður alveg í skinninu. Það er ekki hægt að orða það öðruvísi,“ segir Ævar Örn um spennninginn sem hefur heltekið hann. „Þetta verður heil helgi fyrir skrártímenni eins og mig á huggulegu hóteli uppi í sveit við kviss, krossgátur og skrafl, og meira að segja ratleik í kaupbæti fyrir þau allra skrártímenni,“ heldur Ævar Örn áfram um nördavíðburðinn sem hann telur óhætt að fullyrða að sé einstakur. „Það hefur aldrei gerst áður að öll herbergi á heilu hóteli eru frátekni fyrir okkur.“

Ævar Örn segir nördasamkomuna miklu hafa verið lengi í undirbúningi en nú sé loks komið að því að heilabrotarnir komi saman á Hótel Hamri í Borgarfirði, helgina 22. til 24. október.

Sjóað spurningadrykkjulið

„Þetta er búið að vera lengi í undirbúningi,“ heldur Ævar áfram. „Ég var búinn að ganga lengi með þessa hugmynd þegar ég fór bara einhvern veginn að spá að það væri gaman að taka bara heila helgi í þetta.“

Fyrst stóð til að rjúka af stað 2019 en það gekk ekki upp. Þá var stefnt á vorið 2020 og ekki þarf að hafa mörg orð um hvað gerði út af við þau áform. Sú sorgarsaga endurtók sig um haustið. „Þannig að við frestuðum þessu alveg þangað til bara núna til þess að reyna að vera alveg viss svo þetta er búið að vera lengi á leiðinni,“ segir Ævar Örn sem hefur staðið í undirbúningnum ásamt þremur öðrum annáludum spurningaljónum.



Spurningaljónin, krossgátukempurnar og skraflhetjurnar Ævar Örn og Heiða Dögg hafa lengi stefnt á nördahelgi allra nördahelga úti í sveit og nú er loksins að koma að stóra fundinum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Byrjað á Drekkstu betur

Formleg dagskrá hefst klukkan 18 á föstudeginum með beinni útsendingu frá Drekkstu betur á Ölstofunni og lýkur á hádegi á sunnudag á Hótel Hamri með verðlaunaafhendingu.

„Eigum við ekki að segja að þetta sé svona í óformlegri samvinnu við Drekkstu betur. Við höfum náttúrulega öll fjögur í rauninni úr þeim hóp. Við erum öll sjóað Drekkstu betur fólk en þetta eru ég, Heiða Dögg Liljuddóttir, sem er gamalreind Drekkstu betur drykkjukona, Sigurjón Vilhjálmsson, sem meðal annars heldur utan um myntsafn Seðlabankans. Mikill spurningahaukur og Dóra Svavarsdóttir, kokkur og matargúru.“

Fullt hús

„Ég er mjög spennit,“ segir Heiða Dögg og hlær og bætir aðspurð við að hún vonist til þess að Heilabrot á Hamri verði til þess að andlit nýrra spurninga-, krossgátu- og skraflnörda komi út úr skápnum þótt líkur séu á að flestir þekktist innbyrðis þegar á hólminn er komið. „Það getur verið en ég vona ekki. Ég vona að það verði bara fullt af nýju fólki. Þetta er alveg tilvalið til þess að víkka út félagshringinn sinn. Drekkstu betur hefur verið alveg frábært félagslíf fyrir mig þegar ég er komin svona um og yfir miðjan aldur. Nú er bara að drífa sig. Sýna sig, sjá aðra og hafa gaman með öðrum svona nördalegum tþpum.“

„Þetta er ákveðinn angur af nördunum sem þarna kemur saman,“ bætir Ævar Örn við, vongóður um að fylla hótelið. „Það eru einhver

Nördahelgin mikla

Heilabrot á Hamri fara fram á Hótel Hamri í Borgarfirði helgina 22. til 24. október á sömu kjörum og buðust hópnum í fyrra áður en Covid setti sitt strik í reikninginn. Nördapakinn kostar 30.000 krónur á mann fyrir tvær nætur, tvo morgunverði, einn hátíðarkvöldverð og kviss og krossgátur og skrafl og ratleik og alls konar, eins og það er orðað. Allar frekari upplýsingar um samkomuna má finna á Facebook undir Heilabrot á Hamri.



Þetta er alveg tilvalið til þess að víkka út félagshringinn sinn.

Heiða Dögg

herbergi laus en við vonumst til að fylla þetta alveg.“

Þá bætir Ævar við eftirspurn og áhugi kalli eftir því verði séð til þess að sætaferðir verði frá Ölstofunni hvar leikar munu hefjast á föstudeginum.

Sigldur byrjunarreitur

„Við byrjum á Ölstofunni á einni klassískri Drekkstu betur, svo er alvöru enskt „pub quiz“ um kvöldið á Hamri og svo bara laugardagurinn, kviss og krossgátur og skrafl og ratleikur og meira kviss og dínner og meira kviss.“

Þétt dagskrá sem sagt og því má spyrja hvort ekki sé hætt á því að mannskapurinn verði orðinn lúinn, eða jafnvel frárita, af drykkju á laugardeginum.

„Nei, nei. Við erum öll orðin svo assgoti ráðsett eitthvað og bara sjóuð í þessu. Við kunnum að stilla þetta af,“ segir Ævar Örn og fullyrðir að þeir sem eru háðir krossgátunni hans í Helgarblaði Fréttablaðsins þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur. Hún verði komin á sinn stað áður en hann fer úr bænum. „Já, já, já. Maður klikkar ekki á því. Það þarf engar áhyggjur að hafa af því sko.“ ■

Töfrandi leikhúsupplifun fyrir yngstu börnin

svavamarin@frettabladid.is

Leikhópurinn Miðnætti og Borgarleikhúsið veita börnum frá þriggja mánaða aldri innsýn í töfraheima leikhússins þar sem skyggst er bak við Tjaldinu þar sem þau taka virkan þátt í öllum þeim undrum og tilfinningum sem leikhúsið býður upp á.

„Leikisýningin Tjaldinu er hugsuð sem fyrsta leikhúsupplifun barna á aldrinum þriggja mánaða til þriggja ára ásamt foreldrum þeirra og forráðafólki,“ segir Kara Hergils, framleiðandi sýningarinnar, í samtali við Fréttablaðið.

„Leikhúsgestunum er boðið að koma inn í risastórt tjald á sviðinu. Hér verður boðið upp á litla veislu fyrir skynfærin þar sem börnin fá að skyggast undir leikhústjaldinu og upplifa tóna, liti og snertingu sem bæði örvar, þroskar og gleður andann.“



Það er því gaman fyrir alla að taka þátt.

Sýningin hefur þannig þá sérstöðu að börn óháð tungumáli og uppruna geta komið og notið þar sem það er lítið talað en meira notast við tákni með tali og ákveðna líkamstjáníngu.

„Það er því gaman fyrir alla að taka þátt,“ heldur Kara áfram. „Þrátt fyrir að yngsti hópurinn sé markhópur þá held ég að systkinu upp í tíu ára hafi líka gaman af því að koma og taka þátt, syngja og hrista með,“ segir Kara á léttu nótonum.

Kara bæti við, glöð í bragði, að



Í Tjaldinu fá allra yngstu börnin að kynna töfrum leikhússins. MYND/ÆSEND

fyrsta rennsli hafi gengið vonum fram. „Þetta var alveg yndislegt.“

Leikritið fjallar um lírfuna Leif og mariubjölluna Maríu sem hittast í

Tjaldinu og lírfan breytist svo í fallegt fiðrildi í lok sýningarinnar.

„Söguþráðurinn er afar einfaldur og áherslan er meira á einfaldar

gjörðir sem börn tengja við líkt og að heilsast, kynna sig með nafni, mikilvægi þess að bursta tennurnar og vera góð við hvert annað.“

Miðnætti sérhæfir sig í leikverkum fyrir börn. „Við höfum gert ýmis önnur, sem dæmi get ég nefnt, Geim-mér-ei, Þorri og Þura og á Eigin fótum. Þessar sýningar buðu þó ekki upp á þessa beinu þátttöku í sýningunni eins og við erum með í Tjaldinu,“ segir Kara.

Leikarar sýningarinnar eru þau Sigrún Harðardóttir, sem semur tónlistina, og Nick Candy sirkuslistamaður. „Hann gerir smá loftfímléika í sýningunni,“ segir hún en slíkar kúnstir vekja vitaskuld mikla kátínu hjá krökkunum.

Tjaldinu er frumsýnt klukkan 11 sunnudaginn 10. október og verður á dagskrá Borgarleikhússins á miðvikudögum og um helgar á leikárinu 2021-2022. ■

The Frame

Stærðir frá 75" niður í 43"

Breyttu sjónvarpinu þínu í myndasafn með fallegum listaverkum, öll vinsælu snjöllu sjónvarpsforritin, veggfesting og One Connect box fylgir með, því aðeins ein snúra í sjónvarpið. Nýtt útlit, en nú er það örþunnt og hangir alveg upp við vegg!

SAMSUNG

FULLKOMIN GÆÐI Í HLJÓÐI OG MYND



QLED Q 75A

Stærð 75" - verð kr. 389.900,-

Stærð 65" - verð kr. 259.900,-

Stærð 55" - verð m. afslætti kr. 186.915,-



NEO QLED QN 85A

Quantum Matrix Technology - Með enn fleiri ljósgjöfum er hægt að stjórna ljósinu með ótrúlegri nákvæmni. Frá dökkasta svarta að ljómandi birtu. Örgjörvi með gervigreind lyftir öllu sem þú horfir á í glæsilegt 4K, Dynamic 3D hljóð og öll vinsælu snjöllu sjónvarpsforritin.

Stærð 75" - lækkað verð kr. 509.900,-

Stærð 65" - verð m. afslætti kr. 314.415,-

Stærð 55" - verð m. afslætti kr. 237.915,-



ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300



VEÐUM TIL

FYRIR MÖMMU,
FYRIR VINKONUR,
FYRIR EIGINKONUR,
FYRIR FRÆNKUR,
FYRIR ÁSTINA,
SYSTUR OG DÆTUR

KAUPUM BLEIKU SLAUFUNA

á bleikaslaufan.is og á sölustöðum
um allt land 1.-15. október

VERÐ 2.900 KR

Rannsóknir, forvarnir, bætt meðferð
og greining, stuðningur og ráðgjöf hafa
tvöfaldað lífslíkur síðustu 50 ár.
Við ætlum að ná enn meiri árangri!



Krabbameinsfélagið



Tony Blair fékk í forsætisráðherra-tíð sinni hressilega á baukinn frá Halla og félögum í pönkhljómsveitinni sem þeir nefndu eftir þessum leiðtoga Breska verkamannaflokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Bassaleikarinn í Tony Blair trúði öllu upp á Tony Blair

Auðmaðurinn ljúfi Haraldur Ingi Þorleifsson segir ekki koma sér á óvart að Tony Blair hafi leynst í Pandóruskjölunum. Halli var eitt sinn bassaleikari pönkhljómsveitarinnar Tony Blair sem nefnd var eftir forsætisráðherranum fyrrverandi og „skíthæl“ eins og Halli orðar það.

odduraevan@frettabladid.is

„Sveitin hefur ekki spilað mjög lengi, eða síðan 2005,“ segir Haraldur Þorleifsson, ekki síður þekktur sem Halli í Ueno, léttur í bragði yfir gömlum pönkminningum. Með honum í sveitinni voru bræðurnir Hilmar og Páll Hilmarsynir auk Guðmundar Björnssonar. Halli segist vera í mestu bandi við Hilmar en góður félagi hinna þó lengra sé síðan þeir hittust.

„Hljómsveitin var stofnuð fljótlega eftir innrásina í Írak og nafnið auðvitað kaldhæðni, að nota nafn stríðsæsingamanns,“ útskýrir Halli. Sagan muni líklega dæma sveitina Tony Blair betur en hinn upprunalega.

Forspárpönk

„Ég held svona eftir á að hyggja að við höfum komið töluvert betur út úr þessu en hann, enda kom mjög fljótlega í ljós að það voru mikil mistök að ráðast inn í Írak.“

Sveitin lét ekki bara stríðsbrölt sig varða heldur söng sveitin líka um einkavæðingu bankanna. „Við sungum um ungu bankastjórana sem voru að fara að keyra allt í kaf



Haraldur sá alltaf í gegnum geisla-
baug Tonys Blair. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

og tveimur árum síðar fór auðvitað allt í köku. Ég held við höfum verið mjög forspáir,“ segir hann.

Þá gagnrýndi sveitin líka fátækt og minnti á mikilvægi þess að hlúa að fátækum. „Og ég er eiginlega bara mjög stoltur af lögunum okkar, svona eftir á.“

Pandóran kom ekki á óvart

Aðspurður hvort það hafi komið Halla á óvart að nafn Tony hafi dúkkað upp í Pandóruskjölunum, skjölum yfir fræga og ríka fólkið sem felur auð sinn í afgangssjóðum, svarar Halli neitandi.

„Nei. Ég held hann hafi alltaf verið hálfgerður skítakaraktar. Og það kom svolítið í ljós á þessum tíma,“ segir Halli og vísar sérstaklega til Íraksstríðsins.

„Og það hefur eiginlega ekkert komið mér á óvart sem hann hefur



Hljómsveitin var stofnuð fljótlega eftir innrásina í Írak og nafnið auðvitað kaldhæðni, að nota nafn stríðsæsingamanns.

gert síðan. Ég held hann sé algjör hentistefnumaður.“

Cherie kom ekki

Eitt af þekktari lögum Tony Blair var lagið Cherie Blair, nefnt eftir rithöfundinum og eiginkonu forsætisráðherrans. Sveitin bauð henni á tónleika í einkaæfingahúsnæði sínu þegar hún sótti landið heim 2004.

„Cherie kom ekki!“ segir Halli og hlær. „Við hefðum náttúrulega spilað fyrir hana. Ég veit nú ekki hversu langt boðið komst, en við fengum viðtal í Fréttablaðinu,“ segir Halli.

„Svo sömdum við nú lagið Cherie Blair sem var ekki endilega um hvað hún væri frábær, þannig við vorum að vona, að ef hún kæmi, myndi hún ekki skilja íslensku,“ útskýrir kappinn. Í laginu lagið sveitin til að Tony myndi skipta á Cherie og Lindu Blair, sem þekktust er fyrir hlutverk sitt í hryllingsmyndinni The Exorcist. „Það fannst okkur fyndið,“ segir Halli glettinn. ■

Fáránlega góð rafstemning

toti@frettabladid.is

Raftónlistarhátíðin Extreme Chill hófst í gær og stendur yfir helgina. Þetta er ellefta eða tólfta árið sem hátíðin er haldin, eftir því hvernig er talið, en markmið hennar er sem fyrr að kynna íslenskt og erlent raftónlistarfólk og tengja ólík listform.

„Það er fáránlega góð stemning og mér finnst hún eiginlega bara betri en fyrir Covid. Það eru einhvern veginn bara allir orðnir þyrstir að gera eitthvað skemmtilegt og líka bara að fara á svona viðburð á Íslandi er náttúrulega bara mjög sjaldgæft,“ segir Pan Thorarensen sem hefur haldið utan um hátíðina frá upphafi.

„Þetta er náttúrulega bara fjöl-



Pan Thorarensen er rafmagns-
aður þessa
dagana.
MYND/ADSEND


skyldufyrirtæki. Bara ég og pabbi,“ segir Pan og hlær. Hann á ekki langt að sækja raftaugina en Óskar Thorarensen var í hópi raftónlistarfrumkvöðla á Íslandi, sem einn stofnenda Inferno 5, á níunda áratugnum. „Ég smitast svolítið af honum og við búinir að brasa mikið í tónlist saman.“

Fjöldi listamanna kemur fram á hátíðinni í ár. Meðal annarra Roger

Eno, Mixmaster Morris, Bjarki, Mathilde Caeyers & Arrtu Niemenen, Ingibjörg Elsa Turchi, Kjartan Hólm, Hekla, Hermigervill, Borgar Magnason, Harp & Arp, Skurken, Tonik Ensemble, Good Moon Deer, Brynjar Daðason & Hafdís Bjarnadóttir, MSEA og Soddill, svo eitthvað sé nefnt.

„Hátíðin endar svo á Plague sem er frekar stórt nafn á bresku rafsenunni,“ segir Pan og telur óhætt að tala um happafeng í þessu sambandi.

Hátíðin fer fram á nokkrum stöðum í miðborginni; Hörpu, Húrra, Kex & Space Odyssey og allar upplýsingar eru á heimasíðunni extremehill.org. ■



NO TIME TO DIE 007

KOMIN Í BÍÓ

U #NoTimeToDie @007 JamesBond007 007.com MGM

Kultur menn



LAUGARÁS BÍÓ SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ SAMBÍÓ EILSHÖLL BORGAR BÍÓ ALFABAKKI SAMBÍÓ KRINGLAN SAMBÍÓ AKUREYRI SAMBÍÓ



Bakþankar



Svanborgar Sigmarsdóttir

Að kraftelska staðla (og ESB)

Þegar ryksugupokarnir mínir klárast þarf ég að fara fjórar ferðir í búðir til að kaupa nýja. Þrátt fyrir að skoða vandlega alla pokana sem í boði eru og flokka frá þá sem ekki eru sérmerktir minni tegund af ryksugu, þá kaupi ég alltaf fyrst ranga ryksugupoka. Svona gengur þetta í nokkur skipti, þar til ég loksins ramba á þá réttu og get þá hent öllum vitlausu pokunum sem ég hef keypt og sóað.

Ég var líka að henda um 200 kaffipokum. Því ég man aldrei hvort ég á að kaupa stærð 4 eða 2. Ég tengi á líka illa við þessar stærðir og gallabuxnastærðir í tommum. Ég veit ekki einu sinni hvort númerið gefur mér stærri kaffipoka, hvað þá að ég muni hvað henti minni kaffivél.

Þess vegna elska ég staðla. Það er einhver búinn að skilgreina ríkisstærðina svo að ég þurfi ekki að muna hvaða undirtegund af ryksugu ég á, til að geta gengið að rétttri stærð af ryksugupokum vísum. Þetta hefur bandaríski herinn bestað og því er það í NATO-samþykktum hvaða stærð af skrúfum skuli vera til á Keflavíkurflugvelli.

Hleðslunúmerum í síma hefur nú fækkað úr 7.000 tegundum í þrjár. Vegna þess að ESB setti staðla til að verja neytendur. Þessum snúrum ætlar ESB, í óþökk Apple, að fækka í eina. Svo að hleðslunúran virki fyrir alla síma og þú getir tengt allar gerðir heyrnartóla við hann. Ef ESB tekur upp á því að samræma líka stærðir á ryksugupokum mun ég persónulega óska eftir aðild að þessu bandalagi sem ver minna neytendahagsmuni. ■



ALLT ÞAÐ NÝJASTA FRÁ TEMPUR ...

AÐ SOFA ER EITT AÐ HVÍLAST ER ANNAÐ

... MEÐ 25% AFSLÆTTI Í BETRA BAKI



TEMPUR-DAGAR

25% AFSLÁTTUR

LÝKUR UM HELGINA



Bókin **Þess vegna sofum við**, eftir dr. Matthew Walker, hefur slegið í gegn um heim allan. Bókin opnar augu almennings fyrir mikilvægi svefns í tengslum við heilsu, vellíðan og árangur.

Matthew Walker er prófessor við Harvard háskóla og sérfræðingur í svefni, sálfræði og taugalífedlisfræði. Hann er virtur vísindamaður á þessu sviði og hefur birt fjölmargar ritrýndar vísindagreinar.

Þú færð bókina hjá Betra Baki, heimsending innifalín.

Fullt verð: 3.990 kr.

Betra Bak verð: 3.490 kr.

TEMPUR® Hybrid

Hönnuð fyrir sneggra viðbragð



TEMPUR® Original

Hönnuð fyrir meiri stuðning



TEMPUR® Cloud

Hönnuð fyrir meiri mykt



Nýjar gerðir og fjölbreytt úrval

TEMPUR
heilsukodda

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

